



# GREINARGERÐ FAGSVIÐA OG B HLUTA FYRIRTÆKJA

MEÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN REYKJAVÍKURBORGAR 2016

Lögð fram í borgarstjórn 3. nóvember 2015



# Efnisyfirlit

---

## A hluti

Íþrótt- og tómstundasvið .....	2
Menningar- og ferðamálasvið .....	10
Skóla- og frístundasvið .....	23
Umhverfis- og skipulagssvið .....	35
Velferðarsvið .....	46
Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu .....	54
Skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar .....	54
Bílastæðasjóður .....	70
Sameiginlegur kostnaður .....	71
Framlög til B hluta fyrirtækja .....	72
Ný upplýsingakerfi .....	73

## B hluti

Faxaflóahafnir .....	78
Félagsbústaðir .....	81
Malbikunarstöðin höfði .....	87
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins .....	89
Strætó bs. ....	93
Sorpa bs. ....	
Orkuveita Reykjavíkur .....	

---



# A-HLUTI

# ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDASVIÐ

## LEIÐARLIÓS:

Borgarbúum sé sköpuð jákvæð umgjörð til íþróttá- og tómstundaiðkunar þar sem gleði, sköpunarkraftur, fjölbreytileiki, fagmennska og virðing ríkir.


## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2016

Áætlun 2016	
Rekstrartekjur	1.379.791
Tekjur samtals	1.379.791
Laun og launatengd gjöld	1.708.800
Annar rekstrarkostnaður	6.436.574
Rekstrargjöld samtals	8.145.374
Rekstarniðurstaða	6.765.583

## STARFSFÓLK

2016	
Vinnuframlag	302
Stöðugildi	249
Yfirvinna	86.000
Vaktir	141.500

## SKIPURIT



## HLUTVERK



- Rekstur sundlauga og íþróttamannvirkja
- Veita þjónustu sem er aðgengileg og einkennist af fordómaleysi og umhyggju.
- Stuðla að virkri þátttöku borgarbúa í starfsemi þar sem í fyrirrúmi er vellíðan, heilbrigði, upplifun og þroskandi viðfangsefni.
- Eiga gott samstarf við íþróttá- og æskulýðsfélög, önnur svið borgarinnar og aðra aðila sem koma að þjónustu við íbúa borgarinnar.
- Tryggja að öryggi í starfsemi ÍTR sé í fyrirrúmi.
- Efla og þróa fagumhverfi í þjónustu ÍTR.
- Búa starfsfólki gott umhverfi til að dafna og þróast í starfi.

## MEGINÁHERSLUR 2015 – BREYTINGAR FRÁ FYRRA ÁRI

Starfsemi Íþróttá- og tómstundasviðs (ÍTR) snýr að stærstum hluta að almennri þjónustu við borgarbúa í íþróttá- og tómstundamálum og stuðningi við félög og samtök sem standa fyrir slíkri starfsemi. Á vegum ÍTR er maðal annars rekstur sundlauga, Hins Hússins, siglingaklúbbsins Sigluness, Ylstrandar, Fjölskyldu- og húsdýragarðsins, íþróttamannvirkja, félagavalla og skíðasvæða. ÍTR hefur umsjón með styrkveitingum til íþróttá- og æskulýðsfélaga, Frístundakortinu, samskiptum við íþróttá- og æskulýðsfélög og samtök þeirra. Starfsemi á vegum ÍTR og tengsl þess í borgarsamfélaginu skapar fjölmörg tækifæri til að auka jöfnuð og bæta lífsgæði fólks á öllum aldri.

Aukin nýting fjölbreyttrar aðstöðu til líkamsræktar, útivistar og tómstunda leiðir til betri vitundar borgarbúa um eigið heilbrigði og eftirsóknarverð gæði í uppeldisumhverfi barna og unglunga. Mjög góður árangur hefur náðst með eflingu fyrsta stigs forvarna meðal barna og unglunga. Stefna borgarinnar og verklag, sem fram kemur í stefnumótun í málefnum 16 ára og eldri og í nýrri forvarnarstefnu, fellur mjög vel að markmiðum ÍTR. Samstarfsverkefni í hverfum fyrir ungmenni, stuðningur við fræðslu og forvarnastarf íþróttafélaganna og jaðariþróttir eru dæmi um áherslur ÍTR. Áfram verður unnið með ÍBR að eftirfylgd sameiginlegrar stefnumótunar í íþróttamálum. Þar á meðal er gert ráð fyrir umfangsmikilli greiningu á hagrænum áhrifum íþróttastarfs og líkamsræktar. Árið 2016 verður fram haldið áætlun um nýframkvæmdir og viðhald á mannvirkjum ÍTR. Í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum er áfram unnið að uppbyggingu á dýrahúsi, fræðslu- og starfsmannahúsi. Framkvæmdir við útisundlaug, búningsklefa og afgreiðslu eru hafnar við Sundhöllina og áætlað að þeim ljúki í byrjun árs 2017. Bygging líkamsræktaraðstöðu World Class við Breiðholtslaug er hafin og áætlað að rekstur hefjist í upphafi árs 2016. Í framhaldi af viðhorfskönnun borgarinnar, sem gerð var 2015, var farið í ýmis umbótaverkefni á starfsstöðum ÍTR og var sérstaklega unnið með stjórnendahóp ÍTR með það að markmiði að efla mannauð sviðsins. Niðurstöður viðhorfskönnunar 2015 gefa til kynna að vel hafi tekist til og var mikil hækking á öllum þáttum sem mældir voru. Markmið næsta árs er að viðhalda góðum árangri með því að halda áfram að styðja við og hvetja starfsfólk ÍTR.

## SKIPULAG REKSTRAR 2016



## MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

### Fjármál

Forsendur fjárhagsáætlunar 2016 gera ráð fyrir að verðbólga verði 4,9%. Annar rekstrarkostnaður, fyrir utan orkukostnað, er ekki verðbættur sem leiðir af sér nokkra hagræðingarkröfu. Áætlaðar hækkningar vegna launabreytinga, í samræmi við gildandi kjarasamninga og starfsmat, koma til með að vera bættar.

Helstu breytingar á rekstri frá fyrra ári eru meðal annars hækking á leigu vegna fímleikahúss við Egilshöll og viðbót í rekstrarframlag til Fjölskyldu- og húsdýragarðsins vegna aukinna mannvirkja sem hafa verið tekin í notkun þar. Haggræðingarkröfu, sem gerð er á sviðið, upp á 17,3 mkr. er mætt með að forstöðumönnum í sundlaugum fækkar um tvo og þá er einnig hætt með lengri sumaropnun í tveim sundlaugum. Innri leiga er 37,4% af nettóútgjöldum ÍTR.

ÍTR ber einnig leigukostnað vegna mannvirkja í eigu annarra sem notuð eru fyrir íþrótt- og tómsundastarf, svo sem af Egilshöll, Íþrótt- og sýningarhöllinni, íþróttahúsi í Norðlingaholti og Hinu Húsinu. Innri leiga, húsaleigusamningar, samningsbundnir styrkir og framlög eru um 81,6% af nettóútgjöldum ÍTR. Kostnaður vegna kaupa á orku er 2,91% af nettóútgjöldum.

## Sundlaugar

ÍTR rekur sex sundlaugar. Laugarnar eru ekki einungis ætlaðar til sundkennslu, íþrótt- og sundiðkunar. Þær hafa fjölþættu hlutverki að gegna og eru ákjósanlegar til heilsuræktar, slökunar og leikja. Markmið þeirra er meðal annars að mæta þörfum gesta sem félagsleg, líkamleg og andleg heilsulind. Heildaraðsókn árið 2015 er áætluð 1.807 þúsund gestir. Mest aðsókn er að Laugardalslaug. Mest aukning milli ára er í Vesturbæjarlaug sem helgast af þeim framkvæmdum sem þar áttu sér stað á árunum 2013 og fyrri hluta árs 2014. Frá árinu 2011 hefur farið fram mikil uppbygging og endurnýjun á sundlaugum ÍTR. Þetta hefur skilað sér í ánægðari viðskiptavinum og fellur vel að þeim lýðheilsuáherslum sem ÍTR vinnur eftir. Framkvæmdir við útisundlaug, búningsklefa og afgreiðslu er hafin við Sundhöllina og áætlað að þeim ljúki í byrjun árs 2017. Bygging líkamsræktaraðstöðu World Class við Breiðholtið er hafin og áætlað að rekstur hefjist í upphafi árs 2016. Fjárhagsáætlun vegna lauganna 2016 er 1.235 mkr.

## Fjölskyldu- og húsdýragarður

Í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum eru til sýnis íslensk húsdýr, dýr sem lifa villt í íslenskri náttúru auk framandi dýra eins og skrið-, frosk- og skordýra. Auk almennrar starfsemi við dýrahald skipa margskonar viðburðir og fræðslustarf veglegan sess. Árlega sækja um 10 þús. nemar af öllum skólastigum fræðslunámskeið í garðinum. Samningur er við Skóla- og frístundasvið um samstarf vegna grunn- og leikskólanema á sviði náttúrufræðikennslu og frístundastarfs. Þá eru haldin sérstök sumarnámskeið fyrir 10–12 ára. Í garðinum er fjöldi tækja sem mörg hver eru gagnvirk og valin með öll aldurstig í huga. Sérstakt þjónustusvið heldur úti þjónustu við borgarbúa sem byggist á rekstri dýra- og skemmtigarðs með fræðslu að leiðarljósi. Auk þess er í garðinum stoðsvið sem heldur utan um miðlægan rekstur s.s. verkstæði, skrifstofu og miðasölu. Þá er í garðinum rekin veitinga- og minjagripasala. Unnið verður áfram að uppbyggingu dýrahúss, fræðslu- og starfsmannahúss í garðinum. Garðurinn er opinn alla daga ársins en aðsókn árið 2015 var um 180 þúsund gestir. Fjárhagsáætlun 2016 er 205 mkr.

## Hitt Húsið

Hlutverk Hins Hússins, miðstöðvar ungs fólks, er að veita ungu fólki á aldrinum 16-25 ára aðstöðu og aðstoð við að koma hugmyndum sínum til framkvæmdar. Í Hinu Húsinu fer fram fjölbreytt dagskrá allt árið. Viðfangsefni felast meðal annars í upplýsinga- og ráðgjafþjónustu, þjónustu við fatlað fólk, vinnu að atvinnumálum ungs fólks, menningarstarfi ungmenna, rekstri einstakra viðburða og erlendu samstarfi. Frjáls félagasamtök og ýmsir hópar ungs fólks hafa aðstöðu í húsinu til lengri eða skemmri tíma. Í Hinu Húsinu fer einnig fram umfangsmikil þjónusta fyrir fatlaða framhaldsskólanema. Þjónustuþegum hefur fjölgað mikið og í september 2015 var tekið í notkun húsnæði við Rafstöðvarveg þar sem hluti starfseminnar fer fram. Með tilkomu þessa húsnæðis hefur aðstaða og aðbúnaður batnað mikið. Fjárhagsáætlun Hins Hússins 2016 er 370 mkr. Þar af er frístund fatlaðra 178,3 mkr, Vinnumiðlun, atvinnu- og forvarnarverkefni 42,7 mkr og önnu starfsemi Hins hússin 149,1 mkr

## Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun

Markmið verkefnis 2015 er að kanna kynjahlutfall, aldur og búsetu ráðinna í sumarstörf hjá ÍTR sumarið 2015. Það verður mátað við þá sem sækja um og fá ekki starf. Að auki verður farið yfir það hvort einhverju sé ábótavant varðandi skráningu og innköllun gagna. Tilgangurinn með verkefninu er að greina hvort halli á annað kynið í ráðningum.

Áður hafa verið unnin verkefni sem tengjast fjárfestingum í íþróttamannvirkjum. Árið 2011 var greind þátttaka barna í íþróttum og hvernig kynin skiptust á milli greina. Notast var m.a. við upplýsingar úr frístundakortinu. Verkefnið var útvíkkað 2012-2013 og könnuð var þátttaka barna í íþróttgreinum eftir kynjum og aldri ásamt þróun frá árinu 2008 til ársins 2012. Einnig var fjárfesting Reykjavíkurborgar í íþróttamannvirkjum frá árinu 2002 skoðuð og reynt að glöggva sig á tengslum milli fjárfestingar í íþróttamannvirkjum og þátttöku. Markmið var að skoða hvernig þátttaka í íþróttastarfi hefur þróast og bera saman við fjárfestingar borgarinnar í íþróttamannvirkjum. Jafnréttismarkmiðið var að sjá hvort að fjárfestingar borgarinnar nýttust báðum kynjum með sama hætti. Niðurstöður sýndu fjölgun í íþróttum hjá báðum kynjum en ekki var hægt að segja til með öruggum hætti hversu stór þáttur fjárfestingar borgarinnar voru. Þar sem rekstrarform er mjög fjölbreytt var ákveðið að halda áfram með verkefnið árið 2014 og víkka það enn frekar út með því að skoða einnig styrki til félaga. Það verkefni reyndist flóknara en lagt var af stað með í upphafi. Verkefnið gengur út á að kanna hvort styrkir og framlög borgarinnar stuðli



að jöfnum möguleikum kynjanna innan starfsemi félaganna í borginni. Markmið verkefnis er að kanna hvort styrkir og framlög Reykjavíkurborgar stuðli að jöfnum möguleikum kynjanna innan starfsemi stærri íþróttafélaga borgarinnar. Annar ávinningur sem hlýst af verkefninu er að geta greint hvort styrkir deilist á milli íþróttafélaga á sanngjarnan hátt. Styrkirnir sem um ræðir eru beinir styrkir til íþróttafélaga en einnig styrkir til Íþróttabandalags Reykjavíkur (ÍBR) sem íþróttabandalagið dreifir áfram til íþróttafélaga. Notast verður við gögn frá 2013 og 2014. Við greininguna er ekki tekið tillit til nýtingar karla- og kvennaflokka á húsnæði og á fjölda æfingatíma sem hver flokkur fær. Þær upplýsingar hefðu vissulega gefið frekari vísbendingar um mun milli kynjanna. Einnig hefði þá verið hægt að sjá á nákvæmari hátt kostnað á hvern iðkanda. Því miður eru upplýsingar um þessa tvo þætti of brotkenndar til að hægt sé að taka þá með í myndina. Í framtíðinni mun nýtt mannvirkjakerfi veita upplýsingar um nýtingu íþróttasala niður á íþróttagreinar, kyn og fjölda æfingatíma.

Fyrsta verkefnið sem fór í gang hjá ÍTR gekk út á að kanna aðsókn að sundstöðum borgarinnar m.t.t. til kynja. Markmiðið var að kyngreina aðsókn á sundstöðum Reykjavíkur. Jafnréttismarkmið verkefnisins var að kynin ættu að hafa jafnan aðgang að þjónustu borgarinnar þar með talið sundlaugum. Niðurstöður sýndu að karlar stunda laugarnar í mun meira mæli en konur. Í kjölfarið á þessu verkefni voru auglýsingar teknar til endurskoðunar og þeim breytt til þess að höfða meira til kvenna. Einnig var farið að spá meira í að aðgengi að sundstöðum hentaði fyrir bæði kynin, það má því segja að ávinningurinn hafi verið þó nokkur.

### **Nauthólsvík, Ylströnd og Siglunes**

Ylströndin hefur fest sig í sessi sem sjóbaðsstaður árið um kring. Fjöldi gesta í vetraropnun eykst jafnt og þétt og var um 17.952 komur árið 2014. Ylströndin er handhafi Bláfánans, sem er alþjóðleg umhverfisvottun, og er honum flaggað á ströndinni árið um kring. Í gestabók Ylstrandarinnar voru skráðar 13.300 gestakomur á s.l. vetri. Heildargestakomur yfir árið eru 470.000 gestir. Fjárhagsáætlun Ylstrandar árið 2016 er kr. 55,6 mkr.

Í Siglunesi, yfir sumarmánuðina, geta börn og unglingar sótt námskeið í siglingum og róðri og tekið þátt í klúbbstarfi. Þátttaka í starfsemi siglingaklúbbsins sumarið 2014 var um 8.500 gestakomur. Fjárhagsáætlun siglingaklúbbsins 2016 er 22,6 mkr.

### **Upplýsinga- og kynningarmál**

Hitt Húsið og Fjölskyldu- og húsdýragarður fengu nýjar heimasíður árið 2015. Fjölskyldugarður færði sig úr aðkeyptu kerfi og yfir í Joomla kerfi grunn- og leikskóla sem er hýst og þróað hjá UTD. Hitt Húsið nýtir Wordpress vefumsjónarkerfi og var vefurinn hannaður af starfsmönnum Hins Hússins. Sumarvefur ÍTR var lagður niður og efni hans fært yfir á www.fristund.is sem áður hafði tekið við hlutverki vetrarvefs. Fristund.is var um leið breytt og bætt við hann auka aðgerðum til að ráða við stærra hlutverk. Innleiðing hófst á að gera www.fristund.is sjálfbæran með því bæta við aðgangsstýringu og veita nokkrum félögum aðgang að sínum síðum.

Lokið var við Mannvirkjakerfið í samstarfi við ÍBR sem sér um innleiðingarhlutann hjá íþróttafélögum í borginni.

Á árinu 2016 er stefnt að því að færa Nauthólsvík og Skíðasvæði úr ContentXXL í önnur kerfi og eru það síðustu vefir ÍTR í eldra vefumsjónakerfi. Hönnun nýrrar vefsíðu fyrir Skíðasvæðin er hafin.

Þarfagreining er að hefjast við nýjar heimasíður sundlauga í Reykjavík sem fer í loftið 2016.

### **Frístundakortið**

Skráning í starfsemi félaga og nýting Frístundakortsins hefur aukist ár frá ári frá því það var tekið í notkun 2007 en í fyrsta skipti á árinu 2014 mátti greina örlitla dvínun á nýtingu kortsins og heldur minni skráningu í starfsemi. Félögum sem aðild hafa að frístundakortinu hefur einnig fækkað aðeins og eru nú um 180 félög með aðild. Helsta skýring er að færri eru skráðir í tvær eða fleiri frístundagreinar. Minni nýtingu Frístundakortsins má helst greina hjá börnum 15 ára og eldri en nýting hjá yngri aldurshópum stendur í stað. Gagnagrunnur Frístundakortsins í Rafrænu Reykjavík er nýttur til að vinna yfirlit um þátttöku í skipulögðu frístundastarfi, meðal annars til að greina þátttöku stráka og stelpna í starfsemi félaganna.

## Skíðasvæði

Á skíðasvæðunum er unnið í samræmi við samning til þriggja ára sem gerður var milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu sem aðild eiga að Skíðasvæðunum. Í samningnum er kveðið á um framlög þeirra til reksturs og framkvæmda en rekstrarumsjón var flutt til ÍTR. Árið 2015 er lögð lokahönd á stækkun vélaskemmu í Bláfjöllum. Nauðsynlegt verkefni til að hýsa troðara. Sumarið var einnig nýtt til útboðs á kaupum á nýjum troðara. Það er frágengið og kemur nýr troðari til landsins í byrjun árs 2016. Í haust verða lagðar nýjar snjógirðingar í Bláfjöllum og Skálafelli en kostnaður skiptist jafnt á milli svæðanna. Einnig er vinna hafin við lagfæringar á Borgarlyftubrekku. Sú lagfæring mun bæta aðgengi skíða- og brettafólks á milli svokallaðrar heimatorfu og suðursvæðis í Bláfjöllum sem tryggir betra flæði á milli svæða. Áfram var haldið uppgræðslu á skíðabrekku í Bláfjöllum sem bæði fegrar ásýnd svæðisins að sumarlagi og flýtir fyrir opnun að vetri. Einnig hefur verið lokið við að fylla og hækka bílplan við Bláfjallaskála. Það skilar jafnara bílplani og minni snjómokstri á plönun.

Aðsókn veturinn 2014-2015 var 67.104 gestir og almennir opnunardagar voru 69. Í Skálafelli var opið í 8 daga og komu 5.078 gestir.

Skálafell Bike park var opið í 12 daga og komu um það bil 400 gestir.

Framlag Reykjavíkurborgar til reksturs skíðasvæðanna 2016 er áætlað kr. 92,5 mkr.

## Íþróttafélög og ÍBR – styrkir og framkvæmdir

Í þjónustusamningi milli ÍTR og ÍBR fyrir hönd íþróttafélaganna er kveðið á um framlög ÍTR til félaganna og ÍBR í samræmi við sameiginlega stefnumótun og forgangsriðun sem unnin var 2012. Styrkir til ÍBR og íþróttafélaganna í borginni nema um 843 mkr. Styrkir vegna afnota íþróttafélaga af mannvirkjum í eigu Reykjavíkurborgar og mannvirkjum sem borgin leigir til afnota fyrir félögin nema um einum milljarði króna en hluti af kostnaði ÍTR, á styrkjalið, er vegna afnota félaganna af íþróttahúsum skólanna, Egilshöll, Íþrótt- og sýningahöllinni, íþróttahúsi í Norðlingaholti o.fl. Framkvæmdastyrkur var veittur til byggingar áhorfendastúku við Fylkisvöll. Viðhaldsstyrkir vegna mannvirkja íþrótt- og æskulýðsfélaga voru 45 mkr. árið 2015 og gert er ráð fyrir sömu fjárveitingu 2016.

Styrkveitingar til skákhreyfingarinnar eru á hendi ÍTR og nema þær 6,8 mkr. en styrkir til taflfélaga í borginni verða 6 mkr. Styrkir vegna KFUM og KFUK og Skátasambands Reykjavíkur nema alls um 53,3 mkr.

## Viðburðir

Fyrirhugaðir stórviðburðir árið 2016 tengjast starfsemi ÍTR og kalla á umfangsmikinn undirbúning og stuðning borgaryfirvalda: Reykjavík International Games, Rey Cup og Norrænir sjúkrahússleikar. Einnig má nefna Vetrarhátíð og Þjóðhátíðina 17. júní.

## Styrkir til forvarna, samstarfsverkefna í hverfum og félagsstarfi

ÍTR veitti yfir 50 styrki árið 2015 til sérstakra samstarfsverkefna og félagastarfs í hverfum borgarinnar alls um 35 mkr. Þar af voru um 19 mkr. vegna svokallaðra 16+ verkefna í hverfum og verkefna á vegum Hins Hússins. Fjárveiting til styrkja af þessu tagi 2016 er 35 mkr.

# LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2012	Raun 2013	Raun 2014	Útk. 2015	Áætlun 2016
<b>Starfsmannamál*</b>					
Fjöldi starfsmanna	501	501	500	522	552
Fjöldi stöðugilda ÍTR	217	213	244	260	265
Fjöldi ársverka			233	244	249
Fjöldi ársverka, karlar / konur			102 / 131	107 / 137	110/139
Fjöldi ársverka á skíðasvæðum	20	18	20	20	19
Vinnuframlag	256	257	288	291	302
Fjöldi yfirvinnustunda	81235	92.220	91.963	92.000	86.000
Fjöldi vinnustunda með vaktalagi	128427	127.911	112.256	113.000	141.500
Eknir km. á ári skv. samningum	89017	88.565	82.713	18.750	10.000
<b>Aðsóknartölur</b>					
Aðsókn að sundstöðum ÍTR í þús.	1.822	1.788	1.807	1.805	1.815
Aðsókn að Ylströnd í þús.	470	470	470	470	470
Aðsókn að Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í þús.	184	160	170	170	171
Börn á sumarnámskeiðum í Húsdýragarði	229	229	229	229	
Kenntla í Húsdýragarði. Fjöldi nemenda	4.800	6.800	7.000	10.000	
Börn á námskeiðum í siglingaklúbbnum Siglunesi	250	500	500	500	
Önnur aðsókn að Siglunesi		4500	6.500	6.500	
<b>Frístundakortið - ráðstöfun</b>					
6 - 18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	78%	81%	78%	77%	77%
Stelpur/Strákar	80% / 76%	81% / 78%	79% / 77%	78% / 76%	78%/76%
6-9 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	86%	90%	94%	0,92	92%
10-12 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	86%	88%	87%	0,89	89%
13-15 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	75%	77%	74%	69%	70%
16-18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	57%	58%	53%	48%	48%
<b>Frístundakortið - skráning í starfsemi</b>					
6 - 18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	88%	89%	81%	81%	81%
Stelpur/Strákar	88% / 87%	89% / 88%	81% / 80%	81% / 80%	81% / 80%
6-9 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	99%	99%	92%	93%	92%
10-12 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	96%	97%	88%	90%	90%
13-15 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	86%	86%	78%	76%	78%
16-18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	67%	68%	60%	55%	60%
Fjöldi félaga með aðild að Frístundakortinu	214	218	180	183	184
Frístundakorti ráðstafað til íþróttafélaga	0,5	52%	52%	52%	52%
Frístundakorti ráðstafað til lista- og menningarstarfsemi	19%	19%	17%	17%	17%
Frístundakorti ráðstafað til æskulýðsfélaga	3%	3%	1%	1%	1%
Frístundakorti ráðstafað til annars félagsstarfs	15%	15%	12%	13%	13%

\* Nýjar forsendur teknar upp 2014 og fyrri árum breytt til samræmis.

## LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI, FRH.

	Raun 2012	Raun 2013	Raun 2014	Útk. 2015	Áætlun 2016
<b>Styrkir til félaga (í þús. kr.)</b>					
Rekstrarstyrkir	242.578	263.560	281.019	301.096	312.653
Húsaleigustyrkir	490.153	613.649	647.115	661.690	662.223
Greiðsla vegna mannvirkja	872.902	895.925	893.262	968.601	1.002.913
Aðrir styrkir	49.100	65.600	95.273	91.346	107.936
Byggingastyrkir	49.000	96.599	86.530	45.000	52.500
Styrkir ráðsins	10.000	10.000	35.000	35.000	35.000
<b>Sumarráðningar ungs fólks</b>					
Fjöldi ráðinn af íþrótta- og æskulýðsfélögum	180	136	161		
Fjöldi ráðinn af starfsstöðum ÍTR	315	350	293		
Fjöldi umsækjenda um sumarstörf	4.403	4.093	3553		
Heildarfjöldi ráðinna	1.577	1.304	1059		
Fjöldi á atvinnutengdum námskeiðum í Hinu Húsinu	150	109	114		
<b>Hitt Húsið</b>					
Fjöldi viðburða	902	900	900	900	900
Fjöldi virkra í viðburðum	18.673	18.000	18.000	18.000	18.000
Aðsókn að viðburðum í Hinu Húsinu í þús.	80.696	90.000	90.000	90.000	90.000
Innlit á vefsíðu Tótal ráðgjafar og Áttavitans	288.588	300.000	300.000	323.298	300.000
Fyrirspurnir á vef Tótalráðgjafar og Áttavitans	457	500	450	480	500
Aðsókn að starfsemi og viðburðum vegna fatlaðra einst.		24663	25.000	25.750	25.000
<b>Húsnæði og vellir</b>					
Fermetrar í innri leigu*	60.075	60.075	60.175	60.175	60.175
Fermetrar í leigu hjá öðrum	35.690	35.690	35.690	35.690	36.878
Fjöldi fermetra á grasvöllum	310.743	328.000	333.000	333.000	333.000
Fjöldi fermetra á gervigrasvöllum	63.000	64.800	64.800	64.800	73.557
<b>Rekstrartölur</b>					
Heitt vatn í þús. rúmmetra alls ÍTR	1650	1.680	1.801	1.810	1.850
Kalt vatn í þús. rúmmetra alls ÍTR	765	790	800	810	820
Raforkunotkun í þús. kílóvattstunda alls ÍTR	5900	6.000	6.050	6.100	6.150
Innri leiga	1909492	2.083.478	2.207.227	2.369.348	2.527.865

# SKORKORT 2016

Velgengispættir	Mælikvarðar	Raun 2013	Raun 2014	Útkomusp á 2015	Áætlun 2016
<b>Þjónusta</b>					
Jákvæð umgjörð íþróttá- og tómstundastarfs	Fjöldi gesta í sundlaugum (í þús.)	1.788	1.807	1.805	1.815
	Fjöldi 6—18 ára skráður í starfsemi félaga / frístundakortskerfið	89%	81%	81%	81%
Hvatning og stuðningur við ungt fólk	Hlutfall barna og unglinga sem nýta Frístundakortið	81%	81%	77%	77%
Öryggi og gæði	Hlutfall starfsmanna sem þekkir mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar vel	80% / 80%	80%*	80%*	
<b>Verklag</b>					
Skýrir verkferlar	Fjöldi verkferla á innri vef	30	30	30	30
	Hlutfall starfsmanna sem eru sammála að vinnustaðurinn sinn leggi áherslu á gæði í störfum og þjónustu	90% / 85%	85%*	0,85	85%
Aðgengilegar upplýsingar	Hlutfall sem fær nauðsynlegar upplýsingar sem snerta starf sitt og/ eða vinnustað	80% / 75%	75%*	0,75	75%
	Fjöldi innlita á vefsíður ÍTR á viku	5000	5000		
	Hlutfall starfsmanna sem notar innri vef borgarinnar nokkrum sinnum í mánuði eða oftar	60%	Ekki mælt		
Gott ástand mannvirkja og útvísarsvæða	Hlutfall viðhaldsverkefna og úttekta lokið innan viðmiðunartíma	95%			
Virkt samstarf og samráð við hagsmunaaðila	Fjöldi styrkhæfra samstarfsverkefna	25 / 35	35 / 33		
<b>Mannauður</b>					
Eftirsóknarverður starfsvettvangur og hvetjandi umhverfi	Hlutfall starfsmanna sem telja vinnuáðstöðu sína góða	80% / 75%	75%*	0,75	75%
	Hlutfall starfsmanna sem telur sig búa við starfsöryggi	80% / 80%	80%*	0,8	80%
Hæft og áhugasamt starfsfólk	Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir í starfi	85% / 85%	85%*	0,85	85%
	Hlutfall starfsmanna sem hafa fengið tækifæri til starfsþróunar og símenntunar á síðustu 12 mán.	70% / 80%	80%*	0,8	80%
	Hlutfall starfsmanna sem hefur verið hrósað fyrir vel unnin störf á síðustu mánuðum	75% / 80%	80%*	0,8	80%
Árangursríkir stjórnunarhættir	Hlutfall starfsmanna sem þekkir markmið og stefnu vinnustaðar síns	85% / 85%	85%*	0,85	85%
	Hlutfall starfsmanna sem telur ákvarðanir á sínum vinnustað byggja á faglegum forsendum	80% / 80%	80%*	0,8	80%

# MENNINGAR- OG FERÐAMÁLASVIÐ


## LEIÐARLJÓS:

Reykjavík gegnir menningarlegu forstuhlutverki. Sjálfsmynd borgarinnar byggir á skapandi hugsun, frumkvæði og menningararfi í samspiли við alþjóðlegar stefnur og strauma. Menningarlífið einkennist af metnaði, fjölbreytni, samvinnu og virkri þátttöku íbúa og gesta. Reykjavík verði eftirsóttur áfangastaður ferðamanna allt árið um kring og með því verði rennt styrkari stoðum undir fjölbreytt atvinnulíf og menningarstarf í borginni. Markviss uppbygging innviða ferðamannaborgarinnar og samræmt kynningarstarf leiði til þess að Reykjavík eflist til muna sem vettvangur ráðstefna og alþjóðlegra viðburða og verði þekkt og virt sem áhugaverð menningarborg í nábýli við einstæða náttúru. Heilsuferðaþjónusta verði jafnframt ein af meginstoðunum þar sem nýting hreinnar orku, heita vatnsins og fyrsta flokks aðstaða undirstrikar sérstöðu Reykjavíkur.

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2016

	Áætlun 2016
Rekstrartekjur	377.155
<b>Tekjur samtals</b>	<b>377.155</b>
Laun og launatengd gjöld	1.100.149
Annar rekstrarkostnaður	3.438.781
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>4.538.930</b>
<b>Rekstarniðurstaða</b>	<b>4.161.775</b>

## SKIPURIT



## STARFSFÓLK

	2016
Fjöldi starfsmanna	230
Fjöldi stöðugilda	158
<b>Eftir skrifstofum:</b>	
Borgarbókasafn Rvk.	79,7
Borgarsögusafn Rvk.	33,3
Listasafn Rvk.	22,4
Höfuðborgarstofa	12,4
Skrifstofa MOF	6,8
Sérverkefni	3,0

## HLUTVERK SVIÐSINS

Hlutverk sviðsins er að fara með framkvæmd menningar- og ferðamála hjá Reykjavíkurborg. Það hefur yfirumsjón með starfsemi Borgarbókasafns Reykjavíkur, Borgarsögusafns Reykjavíkur, Höfuðborgarstofu og Listasafns Reykjavíkur. Umsjón Reykjavíkur—Bókmenntaborgar UNESCO og þverfaglegs starfs um barnamenningu er vistuð á skrifstofu sviðsins. Stofnanirnar starfa samkvæmt samþykktum Reykjavíkurborgar og lögum og reglugerðum á hverju sviði. Sviðið hefur jafnframt umsjón með málefnum Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi, Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu, Listahátíðar í Reykjavík og Sinfóníuhljómsveitar Íslands fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Menningar- og ferðamálasvið sér um samninga, styrki og samskipti við lista- og menningarlífið og er borgaryfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem undir sviðið heyrar.

# MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

**Fornar rætur – framsýn borg** er yfirskrift Menningar- og ferðamálasviðs árið 2016. Þemað hefur margvíslega skírskotun í stefnumörkun og gildi sviðsins og endurspeglar þá breidd sem starfsemi sviðsins spannar.

Mikil deigla og breytingar einkenna menningar- og ferðamálin í borginni um þessar mundir. Nýjar upplýsingar hafa komið í ljós um upphaf byggðar í Reykjavík, sagan og menningararfurinn eru sett í sviðsljósið í gegnum margvísleg verkefni hjá stofnunum sviðsins. Markmiðið nú sem áður er að þjóna sem best borgarbúum og gestum Reykjavíkur og ítarlegar og lifandi aðgerðaáætlanir fylgja menningar- og ferðamálastefnum til að vísa veginn til spennandi framtíðar.

Menningar- og ferðamálasvið starfar í samræmi við menningarstefnu og ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar og aðgerðaáætlanirnar sem þeim fylgja. Þær mynda forgangsröðun í verkefnum næsta árs og eru forsenda langtímaáætlana til ársins 2020.



## Uppfærð aðgerðaráætlun menningarstefnunnar 2014-2020 „Menning er mannréttindi“

Aðgerðaráætlun sem fylgdi stefnunni 2015 er nú uppfærð fyrir árið 2016 eins og ráð var fyrir gert við samþykkt stefnunnar. Menningarstefnunni fylgdu 118 aðgerðir til að ná markmiðum hennar. Þar af voru 42 nýjar og 76 í farvegi. Það hlutfall hefur nú breyst, því vel hefur áunnist að koma nýjum aðgerðum á koppinn og þær því komnar í farveg. Aðrar lifa enn sem nýjar aðgerðir þar til fjármagn fæst til að setja þær í forgang og og fáar hafa bæst við í ljósi takmarkaðra fjárheimilda.

## Uppfærð aðgerðaráætlun ferðamálastefnunnar 2011 - 2020 „Styrkar stoðir“

Helstu ástæður endurskoðunar þeirrar aðgerðaráætlunar sem fylgdi ferðamálastefnunni er mun meiri vöxtur í ferðaþjónustunni en reiknað hafði verið með í forsendum stefnunnar og ýmsar afleiðingar hans. Stýrihópur skipaður fulltrúum frá Höfuðborgarstofu, MOF, USK, SAF og Ferðamálasamtökum höfuðborgarsvæðisins skilaði nýrri aðgerðaáætlun í sumar og breiður hópur hagsmunaaðila var kallaður að vinnunni. Nýja aðgerðaáætlunin felur í sér áherslubreytingar í starfsemi Höfuðborgarstofu þar sem meiri áhersla er sett á að styrkja innviði ferðaþjónustu í Reykjavík, góða móttöku ferðamanna, jafnvægi í þölmörkum gagnvart íbúum og þétt samstarf sveitarfélaganna á svæðinu undir einu sameiginlegu merki. Áætlunin er í umsagnarferli og hefur ekki enn hlotið afgreiðslu borgarráðs.



Menningar- og ferðamálaráð hefur samþykkt nýja stefnumótun fyrir Borgarbókasafn-menningarhús og Borgarsögusafn sem endurspeglar uppfært og endurskilgreint hlutverk þeirra í starfseminni á komandi árum. Unnið verður að undirbúningi fyrir bættu þjónustu Borgarbókasafns með viðbyggingu í Grófinni og menningarmiðstöð í Úlfarsárdal sem munu hafa áhrif til lengri tíma og kalla á viðbótarfjármuni í rekstur.


Nýir stjórnendur hafa verið ráðnir að Listasafni Reykjavíkur og Höfuðborgarstofu og tveir nýir deildarstjórar til að stýra fjórum menningarhúsum Borgarbókasafns. Með þessum nýju stjórnendum koma breyttar áherslur sem sér víða stað ( sjá nánar hjá einstökum stofnunum).

Menningar- og ferðamálasvið leggur eins og undanfarin ár ríka áherslu á að finna hagkvæmstu leiðir í rekstri um leið og leitast er við að uppfylla metnaðarfull markmið stefnumörkunar Reykjavíkurborgar í málaflokkunum. Hagræðingarkrafan sem birtist árið 2016 í því að engar vísitölubætur koma á breytilegan kostnað í rekstri utan afmarkaðra þátta, bitnar þyngst á stofnunum sviðsins sem hafa síðustu ár orðið fyrir verulegum raunniðurskurði á framlögum. Þessari stöðu hefur m.a. verið mætt með því að sameina stofnanir, fækka stjórnendum, hagræða í rekstri og styrkja eftir margvíslegum leiðum öflun sértekna.



Breytingar á gjaldskrá stofnananna taka annars vegar mið af miðlægum viðmiðum fjárhagsáætlunar um vísitöluhækkunir, en hins vegar hefur sviðið sett sér skýr markmið um að nýta sem best kaupmátt erlendra ferðamanna með því að hækka einkiptis aðgang og fjölga fullborgandi gestum. Áfram er lögð áhersla á að kynna starfsemi menningarstofnana Reykjavíkurborgar fyrir ferðaþjónustunni og efla sölu á Gestakorti Reykjavíkur. Hins vegar verður áfram lögð rík áhersla á að borgarbúar njóti betri kjara og hagkvæmni stærðar Reykjavíkur. Þannig verður áfram áhersla á kynningu og sölu á

Menningarkorti Reykjavíkur og verðinu á því haldið óbreyttu þriðja árið í röð auk þess að efla safnabúðirnar, auka veltu þeirra og framlegð. 52% af fjárhagsramma ársins verður varið til styrkja og samninga, en 43% af fjárhagsramma verður varið til rekstrar stofnana sviðsins.



## MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

### Efling stofnana sviðsins

Umfangsmiklar skipulagsbreytingar hafa orðið á sviðinu síðustu 2 árin. Minjasafn, Landnámssýning, Ljósmyndasafn og Viðey sameinuðust í Borgarsögusafni sem einnig tók yfir rekstur Sjóminjasafnsins auk þess sem menningarmiðstöðin Gerðuberg rann inn í Borgarbókasafn Reykjavíkur sem nú rekur sex menningarhús víða um borgina. Markmiðin með þessum sameiningum eru skýr og metnaðarfull og verður stóra verkefnið á næstu árum að uppfylla þau. Kjarninn er aukin fagmennska í innra og ytra starfi, hagkvæmari rekstur og sterkari tekjugrunnur, öflug þjónusta, afgerandi skírskotun til borgarbúa og gesta og að menningarhús Borgarbókasafnsins verði sterkar menningarmiðjur í hverfunum þar sem haldið verður úti fjölbreyttri dagskrá sem m.a. byggir á fjölmenningu, barnamenningu og hverfisbundnum áherslum. Í nýrri aðgerðaáætlun Ferðamálastefnu Reykjavíkur eru sett í forgang verkefni tengd innviðum, gæðum og skipulagi áfangastaðarins, móttaka gesta, samstarf og þróun ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Til skoðunar er hvernig Höfuðborgarstofa getur með skilvirkari hætti komið að málefnum miðborgarinnar. Nýr forstöðumaður mun því leiða framkvæmd nýrrar forgangsröðunar og þær breytingar á starfsemi sem hún kallar á.



Áhersla verður lögð á að efla starfsemi stofnana sviðsins á næstu árum auk þess að byggja Reykjavík upp sem bókmenntaborg UNESCO. Þvert á stofnanir verður unnið að því að styrkja barnamenningu og menningaruppeldi, samstarfi að nýsköpunarverkefnum, þróun og innleiðingu nýrrar miðlunartækni, eflingu safnbúða, frekari tekjumyndun og jákvæðu starfsumhverfi.



### Styrkveitingar og framlög

Hæstu framlög í menningarmálum renna sem fyrr til Leikfélags Reykjavíkur skv. langtímasamningi og Sinfóníuhljómsveitar Íslands skv. lögum. Samningur við Leikfélag Reykjavíkur í Borgarleikhúsi, hefur verið endurnýjaður fyrir árin 2016 – 2018, en samkvæmt samningnum frá 2013 verðbættist rekstrarframlag að hálfu með vísitölu neysluverðs og að hálfu með launavísitölu og er það einsdæmi meðal samninga sviðsins. Reykjavíkurborg endurgreiðir stofnkostnað Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu með langtímasamningi og leggur til tímabundið rekstrarframlag sem fellur niður í árslok 2016, leggur til húsnæði fyrir Sjónlísta miðstöð á Korpúlfsstöðum og Sviðslistamiðstöð í Tjarnarbíói auk annars húsnæðis fyrir





menningarstarfsemi og almennra styrkveitinga sem stuðla að blómlegu menningar- og listalífi í Reykjavík.

Menningarstefna Reykjavíkurborgar er sá grundvöllur sem styrkveitingar ráðsins byggja á. Menningar- og ferðamálaráð hefur sett sér nýjar verklagsreglur fyrir styrkveitingar árið 2016 og eru helstu áherslur:

- Listir fyrir og með börnum.
- Grásrót, nýmæli, framsækni og frumkvæði í menningu og listum.
- Endurnýjun eigi sér stað í hópi styrkþega.
- Þróun borgarhátíða.
- Langtímasamningar við samstarfsaðila í menningarlífinu til að efla fagmennsku og styrkja rekstrargrundvöll þeirra.
- Aukið aðgengi og þátttaka nýrra hópa í menningunni.
- Fjölbreytni og breidd menningarlífsins.
- Jafnvægi haldist í hlutfalli langtímasamninga og árlegra styrkja.

Um er að ræða verkefnastyrki, styrki til almennrar liststarfsemi og langtímasamninga sem skiptast í samstarfssamninga og Borgarhátíðasjóð. Nokkrir stórir langtímasamningar renna út í árslok 2015 og mikil eftirspurn er eftir nýjum samningum, en aukið framlag til styrkja er ekki á áætlun. Skyndistyrkir verða afgreiddir ársfjórðungslega.

## Börn og menningaruppeldi

Menningarstefna Reykjavíkurborgar leggur sérstaka áherslu á börn og menningaruppeldi.

Markmiðum hennar hefur verið fylgt með ýmsum aðgerðum í aðgerðaráætlun sem fylgir stefnunni, þ.á.m. að menningarstofnanir Reykjavíkurborgar vinni sérstaka fræðsluáætlun ætlaða börnum og að þeir samstarfsaðilar sem njóta hæstu menningarstyrkja Reykjavíkurborgar eru hvattir til að vinna árlega fræðsluáætlun, með sérstökum ákvæðum í samstarfssamningum. Í kjölfar samþykktar aðgerðaráætlunar var sérstakt framlag veitt til sértækra aðgerða á sviði barnamenningar og listuppeldis sem skiluðu góðum árangri. Stefnan um börn og menningaruppeldi endurspeglast á margvíslegan hátt hjá menningarstofnununum, í styrkveitingum ráðsins, í miðlægum verkefnum s.s. Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO og samstarfi Menningar- og ferðamálasviðs og Skóla og frístundasviðs með sameiginlegum verkefnastjóra barnamenningar. Meðal mikilvægra verkefna hans er umsjón Barnamenningarhátíðar, Biophilii, Menningarfána Reykjavíkurborgar, kynning, fræðsla og hvatning um menningarframboð og menningaruppeldi í skólaumhverfinu. Leitast er við að sinna vel menningunni í hverfum. Í fjárhagsramma Menningar- og ferðamálasviðs er árlega veitt framlag á sérstökum kostnaðarstað vegna tengsla skóla og menningarstofnanna þ.á.m. vegna aksturs skólabarna á menningarstofnanir til að njóta skipulagðrar fræðslu.

## Aðrar áherslur

Meðal breytinga á þjónustu á milli ára má nefna að til að mæta hagræðingarkröfu á stofnanir sviðsins verður dregið úr umfangi einstakra viðburða s.s. Vetrarhátíðar, afmörkuð verkefni felld niður s.s. Þekkingarheimsóknir, aðild að markaðsverkefninu Íslandi allt árið verður hætt og lengt í stórum sýningum hjá söfnunum til að hagræða og koma til móts við mikið álag sem mælist í starfsmannakönnunum.

Á árinu hefst undirbúningur fyrir að taka við endurgerðu Gröndalshúsi og koma þar á fót öflugri menningarstarfsemi sem byggir m.a. á merkri sögu húss og fyrri ábúanda, Reykjavík 19. aldar og bókmenntatengdri starfsemi í gegnum Reykjavík bókmenntaborg UNESCO og samstarfsaðila.

Í undirbúningi er að minnast þess sem ýmsum hætti að árið 2016 eru 30 ár liðin frá leiðtogafundinum í Höfða og mun sviðið taka þátt í undirbúningi og framkvæmd viðburða eins og tilefni er til. Áfram verður unnið með Hull á Englandi, systurborg Reykjavíkur, að undirbúningi menningarsamstarfs í tilefni þess að borgin verður menningarborg Bretlands árið 2017.

Aukin áhersla verður lögð á að afla gagna með rannsóknum og samstarfi við háskólasamfélagið um kjarnaverkefni sviðsins á vettvangi menningar- og ferðamála s.s. um hagræn áhrif menningar, áhrif borgarhátíða, félagsleg þolmörk ferðaþjónustu o.fl.



## Reykjavík bókmenntaborg UNESCO

Bókmenntaborgin Reykjavík hefur fest sig í sessi sem öflug menningarskrifstofa á sviði orðlistar. Sem fyrr verður Lestrarhátíð í Bókmenntaborg stærsta einstaka verkefni ársins 2016. Sjónum verður beint að samspili orða og mynda og sérstök áhersla lögð á að ná til ungs fólks. Allir lesa – landsleikur í lestri verður haldinn í annað sinn á árinu í samstarfi við Miðstöð íslenskra bókmennta. Verkefnið Sleipnir, lestrarfélagi barnanna, verður þróað áfram á árinu en það er eitt af lykilverkefnum Bókmenntaborgarinnar. Lögð verður áhersla á samstarf við Skóla- og frístundasvið og hugað að samstarfi á landsvísi. Stefnt er að því að fullvinna efni fyrir börn á leikskólaaldri á árinu og einnig er í farvatninu samstarf við aðrar Bókmenntaborgir UNESCO um þetta verkefni. Bókmenntaborgin mun halda áfram að styðja við grasrótarstarf innan orðlistar og leggur áherslu á unga höfunda og höfundu af erlendum uppruna. Hefðbundin verkefni, svo sem þátttaka í borgarhátíðum og Bókamessa í Bókmenntaborg verða áfram á dagskrá. Nýhafið samstarf við Icelandair Hótel Marina verður þróað áfram á árinu og hugað að samstarfi við aðrar Bókmenntaborgir varðandi gestadvöl alþjóðlegra rithöfunda í Reykjavík. Smáforritið Reykjavík Culture Walks verður þróað áfram á árinu og verður ásýnd þess og virkni uppfærð. Einnig verður sérstök áhersla lögð á vefmál með sameiningu vefjanna bokmenntaborgin.is og bokmenntir.is sem mikil töf hefur orðið á. Bókmenntaborgin tekur þátt í alþjóðlegu starfi Skapandi borga UNESCO og öðrum alþjóðlegum verkefnum sem tengjast bókmenntum og orðlist. Þar er sérstaklega horft til stækkandi samstarfsnets Skapandi borga og þeirra markmiða sem sett eru fram í leiðarljósi (mission statement) UNESCO Creative Cities Network.



## Borgarbókasafn Reykjavíkur – Menningarhús

Borgarbókasafn Reykjavíkur er þjónustustofnun fyrir íbúa og gesti borgarinnar sem hefur það markmið að jafna aðgengi að menningu og þekkingu. Í bókasafnalögum er kveðið á um að allir landsmenn skuli eiga kost á að njóta þjónustu almenningsbókasafna. Árið 2016 verður áhersla lögð á að setja safninu þjónustustefnu með það fyrir augum að bæta þjónustu þess, samræma hana og efla þjónustuvitund. Söfn Borgarbókasafnsins munu samhliða leitast við að styrkja sérstöðu sína í hverfum borgarinnar. Lestur og læsi verður í forgrunni nú sem endranær. Öll starfsemi Borgarbókasafnsins snýst um læsi á einn eða annan hátt. Safnkostur, útlán, sögustundir, safnfræðsla, viðburðir, sýningar, fyrirlestrar, námskeið, Heilahristingur, Artótek, Æringi, Höfðingi, allt hefur þetta það markmið að auka læsi í víðustu merkingu þess orðs hjá borgarbúum og gestum borgarinnar. Læsi liggur eins og rauður þráður í dagskrá safnsins árið 2016 og þar er áhersla lögð á að bjóða upp á dagskrá fyrir alla aldurshópa. Bókmenntir, fjölmeningartengd fræðsla og viðburðir auk dagskrár fyrir börn skipa þar stóran sess. Barnafjölskyldur eru sérstaklega boðnar velkomnar, til að njóta samveru og sækja allar þær fjölbreyttu smiðjur og viðburði sem í boði eru um helgar. Á virkum dögum geta börn og unglingar sótt safnið sér til ánægju og einnig er fjölmargt í boði á skólatíma, s.s. leiðsagnir um sýningar, safnfræðsla, sögustundir og heimanámsaðstoð. Safnið tekur virkan þátt í hinum árvissu borgarhátíðum og leggur þá áherslu á fjölskylduvæna viðburði. Boðið verður upp á nýjungar í bland við fasta liði eins og Heimsdag barna og Ljóðaslamm.



Fræðsla, miðlun, sýningar og viðburðir verða með fjölbreyttu sniði árið 2016. Leitast verður við að festa í sessi og þróa áfram það skipulag sem komið var á við sameiningu Borgarbókasafnsins og Menningarmiðstöðvarinnar Gerðuberg. Lögð verður sem fyrr mikil áhersla á samstarfsverkefni. Á fjórða tug sýninga verða settar upp m.a. á málverki, handverki, myndskreytingum, ljósmyndum og myndasögum. Litla skrímslið og stóra skrímslið bjóða yngstu kynslóðina velkomna í heim leiks og lesturs í Gerðubergi áður en þau fara á flakk til Norðurlanda.

Borgarbókasafnið gegnir mikilvægu hlutverki sem almannarými og er „þriðji staðurinn“ sem borgarbúar geta leitað til í erli dagsins. Flóknari íbúasamsetning kallar á hlutlausan stað til að vera á, stað þar sem hægt er að leita sér menntunar og taka þátt í skapandi starfi og samfélagsverkefnum. Leitast verður við að styrkja öll fjölnota rými og unnið að því að endurskoða verkferla og nýtingu á þeim svæðum sem Borgarbókasafnið hefur upp á að bjóða. Undirbúningur vegna viðbyggingar við Grófarhús verður í brennidepli ásamt hönnun nýrrar menningarmiðju í Úlfarsárdal.



## Borgarsögusafn Reykjavíkur

Megináhersla í starfi safnsins er á verkefni er lúta að innra starfi; varðveislu, skráningu og rannsóknum, en jafnframt miðlum sem felur m.a. í sér safnfræðslu og sýningar. Nú að afloknu fyrsta starfsári Borgarsögusafns Reykjavíkur hafa starfsmenn sett sér skýra stefnu í öllum málaflokkum sem viðkoma faglegu starfi safnsins. Með þessarar stefnur að vopni munu starfsmenn eiga auðveldara með að takast á við þau fjölmörgu verkefni sem ákveðið verður að ráðast í.

Unnið verður áfram að eflingu rekstrar og starfsemi Borgarsögusafns Reykjavíkur. Rík áhersla verður lögð á að mæta þörfum og væntingum borgarbúa og gesta með því að viðhalda, efla og bæta góða þjónustu. Boðið verður upp á leiðsagnir fyrir ferðamenn á öllum sýningarstöðum safnsins allt árið og dagskrá jafnt sumar sem vetur fyrir börn og fjölskyldur. Þá verður hugað að lengri opnunartíma Árbæjarsafns á ársgrundvelli. Skerpt verður enn frekar á sérstöðu hvernar safnbúðar innan Borgarsögusafns og vandað val á varning til sölu sem endurspeglar viðfangsefnið á hverjum sýningarstað. Leitað verður leiða til að ná til nýrra gesta með öflugri kynningu á sýningarstöðum jafnt í innlendum sem erlendum miðlum. Þá verður fullkláruð ný heimasíða safnsins. Unnið verður að endurbótum á rými á jarðhæð Sjóminjasafnsins, veitingasal, miðasölu og safnbúð. Einnig tekur safnið þátt í vinnu vegna nýbyggingar við Tryggvagötu 15.

Stærsta verkefni ársins 2016 á sviði minjavörslu og rannsókna er áframhaldandi flutningur safngripa í nýtt varðveisluhús á Árbæjarsafni sem vígt var haustið 2015. Húsið er hið fyrsta sem Reykjavíkurborg byggir sem er sérstaklega hannað til að varðveita viðkvæma safngripa. Samhliða flutningum í nýtt varðveisluhús verður unnið að heildaráætlun um varðveislu alls safnkosts Borgarsögusafns. Sérstaklega þarf að taka á málum varðandi sjóminjar og huga að nýjum geymslum fyrir stærri gripa. Einnig gerð áætlunar um uppbyggingu annarra varðveisluhúsa á safnsvæðinu með það að markmiði að innan fárra ára verði allur safnkostur Borgarsögusafnsins varðveittur samkvæmt alþjóðlegum kröfum um varðveislu safngripa. Stefnt er að fornleifarannsókn og –uppgreftri á sjálfum Árbænum. Rannsóknir í minjavernd, svo sem húsa-, byggða- og fornleifakannanir, verða gerðar sem fyrir vegna deiliskipulags og hverfisskipulags. Fornleifaúttektir eru gerðar áður en til framkvæmda kemur í áður deiliskipulögðum hverfum.

Í sýningar- og fræðslustarfi verður viðhaldið þeirri fjölbreyttu dagskrá sem í boði hefur verið fyrir börn og fjölskyldur – jafnt innlendar sem erlendar – á öllum starfsstöðvum safnsins auk þess sem unnið verður að nýju efni. Áhersla verður lögð á enn meiri fjölbreytni í framboði á fræðslu Borgarsögusafns fyrir skólahópa. Með fjölbreyttum fræðsluaðferðum, hlutverkaleik, hópverkefnum, „hands-on“ og smíðjum, tekst betur að höfða til nemenda á öllum aldri og af báðum kynjum. Þar að auki er ætlunin að stofna rýnihópa með ungu fólki og Reykvíkum af erlendum uppruna, sem samráðsveitvang um hvernig safnið geti höfðað betur til þessara hópa. Stærsta sýningarverkefnið er áframhaldandi vinna að nýrri grunnsýningu á Sjóminjasafninu en gert er ráð fyrir að hún opni vorið 2017. Á fyrri hluta árs verður lokið við gerð handrits sýningarinnar og hönnun í samstarfi við hollenska hönnunarfyrirtækið Kossman.Dejong. Allt kapp verður lagt á að afla nægilegs fjár til þess að sýningin geti orðið að veruleika en hún er mikilvægur liður í því að byggja Sjóminjasafnið enn frekar upp og tryggja stöðu þess sem mikilvægs áfangastaðar í miðborg Reykjavíkur. Þá verða þrjár stórar sýningar í Ljósmyndasafninu, sýning á myndum Friðgeirs Helgasonar í upphafi árs, sumarsýning safnsins eru myndir eftir Þorvald Örn Kristmundsson og árinu lýkur með úrvali úr safneign hins virta Hasselblad Center í Svíþjóð í árslok. Á Árbæjarsafni verður sjónum beint að safnhúsum og sýningarsvæði safnsins utandyra og er markmiðið að bæta merkingar og útbúa sögulega garða við safnhúsin. Gert er ráð fyrir að garðarnir verða í fullum blóma á 60 ára afmæli Árbæjarsafns 2017. Ætlunin er að setja upp sýningu í skólahúsinu í Viðey um sögu, náttúru og menningu eyjunnar. Borgarsögusafn Reykjavíkur mun taka þátt í fjölda sameiginlegra verkefna á sviðinu, svo sem gönguferðum um Kvosina, Safnanótt, Barnamenningarhátíð og Menningarnótt, eins og undanfarin ár. Þá mun 230 ára afmæli Reykjavíkur verða gerð skil á árinu með viðburðum.



## Höfuðborgarstofa

Höfuðborgarstofa ber ábyrgð á heildarkynningu Reykjavíkur á sviði ferðamála innanlands og utan og vinnur að því að skilgreina sóknarfæri og styrkleika borgarinnar á því sviði. Höfuðborgarstofa vinnur eftir ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar. Í ljósi breyttra forsenda vegna hraðari fjölgunar ferðamanna en reiknað hafði verið með var ráðist í endurskoðun og uppfærslu á aðgerðaáætlun ferðamálastefnunnar á árinu 2015. Áfram verður byggt á grunnstoðunum fjórum; Vetrarborg, Menningarborg, Heilsborg og Ráðstefnuborg en breiður hópur hagsmunaaðila var kallaður að rýningu og hugmyndavinnu. Stýrihópurinn skilaði nýrri aðgerðaáætlun um mitt ár 2015 sem felur í sér áherslubreytingar á starfsemi Höfuðborgarstofu þar sem meiri áhersla verður sett á að styrkja innviði ferðaþjónustu í Reykjavík og kjarnastarfsemi Höfuðborgarstofu. Þessi áhersla verður sett í forgrunn og mun hafa áhrif á alla starfsemina á komandi ári.



Áfram verður unnið að kynningu nýs slagorðs og auðkennis fyrir Reykjavík og nágrannasveitarfélög – Reykjavík Loves. Unnið verður að endurskoðun samnings við sveitarfélögin og eflingu samstarfsins en áfram verður unnið að markaðsetningu höfuðborgarsvæðisins sem heild. Áfram verða gefin út svokölluð þemakort sem merkja áhugaverða staði inn á kort út frá tilteknu þema.

Áhersla verður lögð á að gera menningarlega upplifun og afþreyingu aðgengilega og kynna hana fyrir erlendum ferðamönnum, m.a. með aukinni kynningu á viðburðadagatali [www.visitreykjavik.is](http://www.visitreykjavik.is). Haldið verður áfram að kynna „Reykjavík Festival City“ þar sem borgarhátíðir og sjálfstæðar hátíðir mynda þétt hátíðardagatal yfir árið. Áfram verður leitað leiða til að auka margvíslegt samstarf borgarhátíðanna við fyrirtækin í borginni. Stefnt er að því að kortleggja umfang hátíða og mótuð verður viðburðastefna sem endurspeglar nýja aðgerðaráætlun ferðamálastefnunnar. Höfuðborgarstofa hefur verið leiðandi í því að búa til samráðsvettvang fyrir stærstu hátíðar borgarinnar og mun sá vettvangur vera þróaður áfram. Sérstök áhersla verður á aukinni vörubróun og stuðningi við viðburði yfir vetrartímann og að þróa jólasvæði í borginni.



Unnið verður að því að efla vefinn [www.visitreykjavik.is](http://www.visitreykjavik.is), auka sýnileika og fjölga heimsóknnum frá skilgreindum markhópum. Skoðaðir verða möguleikar á að setja upp sölugátt á [www.visitreykjavik.is](http://www.visitreykjavik.is) m.a. til að gera notendum kleift að bóka þar sem flest tengt heimsókn til Reykjavíkur og kaupa miða á viðburði.

Enn er verulegt svigrúm til að auka sölu á Gestakorts hjá núverandi söluaðilum á höfuðborgarsvæðinu og mikilvægt að fá fleiri ferðaþjónustufyrirtæki, innlend og erlend, til að bjóða viðskipavinum sínum Gestakortið. Rafvæðing kortsins er enn í ferli og stefnt er að því að skoða fleiri möguleika og lausnir í þeim efnum, einnig er framundan að gera rannsókn á notkun kortsins meðal gestakorthafa til að greina hvaða þættir kortsins eru að ganga vel og hvaða þætti þarf að hlúa betur að.

Við rafvæðingu kortsins verður hægt að setja kortið í netsölu á vefsvæði Visit Reykjavík og er það stefnan um leið og viðeigandi lausn hefur fundist á rafvæðingu kortsins.

## Listasafn Reykjavíkur

Á starfsárinu 2016 verður hugað að undirstöðum og grunnildum Listasafns Reykjavíkur sem starfað hefur í núverandi mynd í 15 ár. Undirstöður starfseminnar verða treystar með því að vinna að stefnumótun sem felur í sér greiningu á hlutverki safnsins og hinum ýmsu deildum þess. Jafnframt verður innra skipurit endurskoðað með það að leiðarljósi að skýra hlutverk og markmið stafsmanna þannig að starfsemin verði markvissari. Áhersla verður lögð á að bæta starfsumhverfi starfsmanna.



Á árinu verður kynnt nýtt heildarútlit (mörkun) fyrir allt efni sem safnið sendir frá sér auk þess sem hugað verður að merkingum safnhúsanna jafnt innandyra sem utan. Lögð verður áhersla á að styrkja ímynd safnsins jafnframt því sem allt upplýsingaefni, útgáfa og notkun samfélagsmiðla verður rýnd.

Sýningar ársins verða með nokkuð hefðbundnum hætti og sérkennum safnhúsanna, sem hafa fest sig í sessi á undanförunum árum, haldið við. Tvennt einkennir sýningahald ársins, einkum að stærri sýningum verður fækkað um leið og sýningar á

safneign fái lengri sýningartíma. Þá verður smærri viðburðum/sýningum fjölgað til að tryggja flæði gesta í safnhúsunum. Safnið mun leitast við að vanda sýningar vel og leggja áherslu á fjölbreytta miðlun.

Á Kjarvalsstöðum verður viðamikil sýning á verkum Kjarvals úr safni Þorvaldar Guðmundssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur auk þess sem lykilverk listamannsins úr safneigninni verða sýnd allt árið. Í miðrými Kjarvalsstaða verður unnið með listamönnum af ólíkum kynslóðum og þeim boðið að vinna tímabundin verk sem tengjast Kjarval. Á Kjarvalsstöðum verður jafnframt einkasýning á verkum myndlistarkonunnar Hildar Bjarnadóttur sem sameinar hefðbundna miðla málalistar og veflist um leið og hún fæst við sögu kvenna og umhverfismál. Sýningarsalir Kjarvalsstaða verða tímabundið lokaðir í upphafi árs vegna viðhalds.

Á árinu 2016 ræktar safnið það hlutverk sitt að kynna erlenda myndlist með sýningum í Hafnarhúsi. Árið hefst með sýningu á verkum Moniku Grzymala, sem vinnur verk sérstaklega inn í A-sal safnsins, og sýningu sem ber titilinn *Leikur/barnið sem kennari* en á henni kynnir sýningarstjórinn Jaroslav Anđel hugmyndir um tengsl myndlistar, vísinda og kennslufræði í gegnum verk alþjóðlegra samtímalistamanna. Sýning sem ber vinnutitilinn *Náttúrgripasafnið* verður opnuð á vordögum. Á henni verða verk samtímalistamanna sem í verkum sínum nota náttúruna og skráningu hennar á einn eða annan hátt í verkum sínum. Haustið verður helgað sýningum sem fjalla um stríð, afleiðingar þess, valdatafl og heimsfrið. Sýnt verður víðfrægt verk írsku listamannsins Richard Mosse, *The Enclave* frá 2013 og verk Errós sem fjalla um þetta málefni. Allt árið verða sýningar í D-sal þar sem sýnd verða verk eftir upprennandi listamenn sem eru að stíga sín fyrstu skref í safnaumhverfi.



Ráðgerðar eru þrjár sýningar í Ásmundarsafni þar sem verkum listamannsins verða gerð skil bæði einum og sér og í samhengi verka annarra listamanna af ólíkum kynslóðum. Leitast verður við að veita nýja sýn á verk Ásmundar með því að vinna með utanaðkomandi sýningarstjórum. Megináhersla starfsársins í Ásmundarsafni verður á að gefa út veglega bók um verk listamannsins.

Áfram verður unnið að viðhaldi safneignar og endurbótum á listaverkum í almenningsrými. Jafnframt verður unnið að stefnumótun um útilistaverk og lögð áhersla á að myndlist verði hluti nýbygginga borgarinnar og uppbyggingar nýrra hverfa. Listasafn Reykjavíkur mun taka þátt í fjölda sameiginlegra verkefna ýmist á sviðinu eða við aðra aðila í borginni. Þar á meðal má nefna samstaf við Listaháskóla Íslands um lokasýningu skólans og fyrirlestraröðina *Talk Series* þar sem leiðandi alþjóðlegir fræðimenn og listamenn koma fram. Hugað verður að aðgengismálum og miðlun til gesta með ólíkar þarfir. Boðið verður upp á leiðsagnir, fyrirlesta og aðra fræðsludagskrá fyrir innelda jafnt sem erlenda gesti. Unnið verður að endurskoðun námsefnis fyrir grunnskóla og hluti þess endurútfinn.

Áfram verður unnið að því að efla safnverslanirnar og bæta almennt þjónustu við safngesti, jafnt innelda sem erlenda. Lögð verður áhersla á gestakannanir og greiningu gesta með það í huga að gera markaðsstarf safnsins enn markvissara.



Listasafn Reykjavíkur er mikilvægur vettvangur þar sem borgarbúar og gestir þeirra fá notið myndlistar af ólíkum toga. Safnið er farvegur strauma þar sem sköpun og samfélagsumræða fara saman um leið og það er vettvangur fræðslu og skemmtunar. Rík áhersla verður á að samtvinna þessi ólíku hlutverk með sýningum, fræðslu og upplýsingagjöf.

## KYNJUÐ FJÁRHAGS– OG STARFSÁÆTLUN

Starfshópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun (KFS) á Menningar- og ferðamálsviði hóf störf vorið 2013. Fyrsta verkefni starfshópsins fólst í að kortleggja þátttöku drengja og stúlkna undir 18 ára aldri í skipulögðum viðburðum menningarstofnana Reykjavíkurborgar, leggja mat á hvort drengir og stúlkur njóti sömu þjónustu og gera tillögur um hvernig viðhalda megi jafnræði kynjanna. Bætt var úr skorti á kyngreindum gögnum með nýrri skráningu og einnig var gerð viðhorfskönnun meðal skólabarna í skipulögðum heimsóknunum. Niðurstaða KFS-starfshópsins, sem skilaði skýrslu í ágúst 2014, var sú að þátttaka í skipulögðum viðburðum er umtalsvert minni meðal pilta en stúlkna og í viðhorfskönnunum voru piltarnir almennt neikvæðari gagnvart starfi menningarstofnana en stúlkurnar. Unnið var úr niðurstöðunum og gerðar tillögur að úrbótum. Sett voru af stað verkefni tengd barnamenningu og fræðslu sem ávörpuðu sérstaklega þann mun sem birtist í úttektinni og sérstök þjálfun og fræðsla fyrir þá starfsmenn á menningarstofnunum sem sinna dagskrárgerð, móttöku og fræðslu fyrir börn.



Næsta verkefni KFS-starfshópsins var að safna og kortleggja þau kyngreindu gögn sem til eru um fullorðna gesti sem nýta þjónustu stofnana sviðsins, skilgreina þau gögn sem nauðsynlegt er að afla og bestu leiðir til að útvega þau. Niðurstaða skýrslu starfshópsins í febrúar 2015 gáfu vísbendingar um kynjahalla í þjónustunni, en þar kom fram að konur nýta sér þjónustu stofnana frekar en karlar. Á árinu 2016 verður áfram unnið að úrbótum á gagnaskráningu og könnunum með tilliti til niðurstaðna skýrslna KFS-starfshópsins.



# LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2012	Raun 2013	Raun 2014	Útksp. 2015	Áætlun 2016
<b>Borgarbókasafn Reykjavíkur**</b>					
Gestafjöldi	636.970	626.015	598.900	692.300	695.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	12.789	10.679	13.204	13.000	13.400
Fjöldi viðburða fyrir börn og fjölskyldur	51	56	62	115	113
Fjöldi heimsókna á vefsvæði BBS	202.254	223.781	186.839	210.000	210.000
Fjöldi uppflættinga á vefsvæði BBS	667.260	619.536	482.586	520.000	530.000
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna				5	1
Samstarfsaðilar				90	90
Safnkostur	477.603	459.260	466.682	463.000	460.000
Safnkostur á íbúa	4,02	3,78	3,85	3,80	3,78
Velta safnkosts-útlán á eintak	2,06	2,00	1,83	1,83	1,85
Afgreiðslustundir safnanna og bókabíls á viku	342	342	363	363	402
Heildarhúsnæði í fermetrum-brúttó	6.622	6.622	7.222	9.122	9.122
Útlán *	985.802	916.037	853.128	848.000	853.000
Bókin heim (fjöldi notenda)	57	63	49	55	55
Útlán á íbúa	8	8	7	7	7
<b>Menningarmiðstöðin Gerðuberg***</b>					
Gestafjöldi	108.514	106.292	102.652		
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	4.394	3.404	2.829		
Fjöldi viðburða	82	71	81		
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	1	1	0		
Samstarfsaðilar	39	36	34		
<b>Borgarsögusafn Reykjavíkur ****</b>					
Gestafjöldi				214.000	221.700
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum				18.800	18.800
Fjöldi viðburða				100	100
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna				14	9
Fjöldi heimsókna á vefsvæði				153.000	153.000
Fjöldi bygginga í umsjón/rekstri safnsins				51	51
Fjöldi útgáfuverka				3	3
Fjöldi afgreiddra mynda				2.500	2.500
Fjöldi skráðra fornleifa í Reykjavík				3.050	3.200
Fjöldi skráðra safngripa í Sarp				27.000	28.000
Fjöldi skráðra ljósmynda				1.220.000	1.300.000
Fjöldi skráðra húsa í húsaskrá				6.820	6.840

\* 2012 Lr talning í útlánnum úr 985.442 í 985.802

\*\* 2015 sameinast Menningarmiðstöðin Gerðuberg og Borgarbókasafn Reykjavíkur

\*\*\* 2015 sameinast Menningarmiðstöðin Gerðuberg og Borgarbókasafn Reykjavíkur

\*\*\*\* Borgarsögusafn tók til starfs 1.6.2014 og þar sameinast Minjasafn, Ljósmyndasafn, Viðey og Sjóminjasafn

# LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI, FRH.

	Raun 2012	Raun 2013	Raun 2014	Útksp. 2015	Áætlun 2016
<b>Ljósmyndasafn Reykjavíkur*</b>					
Gestafjöldi	29.592	35.247	49.398		
Skólanemendur í skipulögðum heimsóknum	701	803	1.228		
Fjöldi viðburða	21	24	24		
Fjöldi afgreiddra mynda	2.774	2.011	2.583		
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	10	16	12		
Fjöldi heimsókna á vefsvæði	18.827	31.520	35.382		
Fjöldi skráðra ljósmynda	874.000	881.000	1.200.000		
<b>Minjasafn Reykjavíkur*</b>					
Gestafjöldi	66.650	71.414	86.044		
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	13.098	11.979	12.261		
Fjöldi viðburða	46	48	46		
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	0	1	1		
Fjöldi bygginga í umsjón/rekstri safnsins	43	43	43		
Fjöldi útgáfuverka	1	5	6		
Fjöldi skráðra fornleifa í Reykjavík	2.476	2.675	2.944		
Fjöldi skráðra safngripa í Sarp	19.198	26.764	25.920		
<b>Viðey*</b>					
Gestafjöldi með Viðeyjarferju	22.295	22.302	23.203		
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	1.533	2.415	2.592		
Fjöldi viðburða	27	23	23		
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	2	2	2		
<b>Höfuðborgarstofa</b>					
Gestafjöldi á Upplýsingamiðstöð	257.025	299.088	337.676	360.000	395.000
Hlutfall landsmanna sem eru jákvæðir í garð Menningarnætur	1	1	1	1	1
Fjöldi heimsókna á vefsvæði www.menningarnott.is (vikutímabil)**	40.700	57.948	65.935	60.000	70.000
Sala á gestakorti (fjöldi korta)	6.700	8.267	11.631	12.000	13.000
Fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi	672.000	807.349	997.556	1.226.000	1.500.000
Fjöldi heimsókna á vefsvæði www.visitreykjavik.is	363.364	636.133	681.437	875.000	1.000.000
<b>Listasafn Reykjavíkur</b>					
Gestafjöldi	171.138	203.053	200.573	215.000	220.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	12.399	13.090	13.320	13.000	13.000
Fjöldi viðburða	106	119	130	140	140
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	8	8	8	3	5
Fjöldi heimsókna á vefsvæði	53.513	80.718	114.944	130.000	135.000
Útlán listaverka ***	622	598	570	543	570
Fjöldi útgáfuverka ****	12	14	12	14	13
Fjöldi skráðra listaverka í eigu safnsins *	16.483	16.778	16.920	16.939	17.000
Fjöldi útilistaverka í umsjón safnsins **	138	157	183	181	183

\* Ljósmyndasafn, Minjasafn og Viðey sameinuð í Borgarsögusafn.

\*\*2015 Áætlaður fjöldi þar sem tæknilegir örðuleikar komu í veg fyrir talningu allan tímann

\*\*\* 2012 1r talning

\*\*\*\* 2015 tvö skemmd verk tekin niður




## SKORKORT 2016

Velgengnisþættir	Mælikvarðar	Rauntölur 2014	Áætlun 2015*	Markmið 2016
<b>Þjónusta</b>				
Menningaruppeldi	Fjöldi viðburða sérstaklega skipulagðir fyrir börn og fjölskyldur	149	192	208
	Fjöldi barna og unglinga í skipulögðum heimsóknnum.	45.434	46.800	45.200
Höfuðborg menningar	Hlutfall jákvæðra vegna Menningarnætur samkvæmt Gallupkönnun	76%	76%	75%
	Fjöldi fjölmeningartengdra verkefna og viðburða	41	30	51
	Fjöldi nýrra sýninga á menningarstofnunum	70	61	71
Eftirsóknarverðir staðir	Aðsókn að stofnunum sviðsins	1.432.988	1.471.000	1.531.700
	Ánægja með þjónustu/starfsemi stofnana sviðsins	87%	88%	88%
	Kynningarfundir um Reykjavík sem áfangastað	34	42	30
Nýsköpun	Nýmæli í starfsemi	17	9	4
<b>Fjármál</b>				
Hagkvæm nýting og stýring fjármuna	Fjárhagsáætlun v/raun	0,80%	+/- 1%	+/- 1%
Sterk kostnaðarvitund	Kostnaður við rekstur stofnana sviðsins pr. gest	1178	1.139	1.164
Verðmætasköpun	Fjöldi verkefna þar sem samstarfsaðilar fjármagna amk 15%	34	44	29
	Sértekjur stofnana sviðsins sem hluta af ramma	-20%	-20%	-21%
<b>Verklag</b>				
Samstarf og samráð	Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	45	37	27
	Fjöldi samráðsfunda og aðgerða sem hvetja til þátttöku almennings í þróun, stefnumótun og ákvarðanatöku	10	6	8
Öflug miðlun upplýsinga	Fjöldi heimsókna á vefsvæði stofnana sviðsins	1.177.670	1.213.679	1.530.000
	Fjöldi fylgjanda á samfélagsmiðlum	83.997	98.870	145.430
	Fjöldi síðuflettinga á vefsíðum	3.730.942	3.756.000	4.237.000
Gott aðgengi og almenn þátttaka	Hlutfall gesta sem eru ánægðir með viðmót starfsmanna	1	89%	89%
Hlúa að sögu og menningarminjum	Fjöldi rannsóknarverkefna	15	10	15

## SKORKORT 2016, FRH.

Velgengispættir	Mælikvarðar	Rauntölur 2014	Áætlun 2015*	Markmið 2016
<b>Mannauður</b>				
Hæfir og áhugasamir starfsmenn	Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir í starfi þegar á heildina er litið		90%	90%
	Hlutfall starfsmanna sem hlakka til að mæta í vinnuna		86%	86%
	Hlutfall starfsmanna sem telur hæfni sína nýtta vel í starfi		85%	85%
	Hlutfall starfsmanna sem telur samvinnu góða á sínum vinnustað		90%	90%
Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi	Hlutfall starfsmanna sem telur sig fá nauðsynlegar upplýsingar sem snerta starf sitt og/eða vinnustað		80%	80%
	Hlutfall starfsmanna sem hefur verið hrósað fyrir vel unnin störf á síðustu mánuðum		80%	80%
	Hlutfall starfsmanna sem <b>ekki</b> hafa orðið fyrir einelti frá samstarfsfólki á síðustu 12 mánuðum		100%	100%
Árangursríkir stjórnunarhættir	Hlutfall starfsmanna sem bera traust til yfirmanns síns		90%	90%
	Hlutfall starfsmanna sem finnst vinnustað sínum vel stjórnað		80%	80%
	Hlutfall starfsmanna sem hafa farið í árlegt starfsmannasamtal á síðustu 12-15 mánuðum		80%	80%
	Hlutfall starfsmanna sem hefur fengið tækifæri til símenntunar og starfsþróunar á síðustu 12 mánuðum		80%	80%

Sjónminjasafn hluti af MOF 2015



# SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ

## LEIÐARLIÓS:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2016

	Áætlun 2016
Rekstrartekjur	3.577.811
Tekjur samtals	3.577.811
Laun og launatengd gjöld	26.571.717
Annar rekstrarkostnaður	16.777.080
Rekstrargjöld samtals	43.348.797
Rekstarniðurstaða	39.770.986


## STARFSFÓLK

	2016
Fjöldi starfsmanna	5.056
Fjöldi stöðugilda	3.963
Eftir skrifstofum (þjónustubáttum)	
Leikskólar	1.554
Grunnskólar	1.868
Frístundamiðstöðvar	435,3
Námsflokkar Reykjavíkur	6,5
Skólahljómsveitir	27,5
Skólasafnamiðstöð	3
Myndver	1,0
Skrifstofa sviðsins	67,5

## HLUTVERK

- Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.
- Vera framsækið forystuafli í skóla- og frístundastarfi.

## SKIPURIT



## SKIPTING REKSTRAR



# MEGINÁHERSLUR 2016 – BREYTINGAR FRÁ FYRRA ÁRI

Undir skóla- og frístundasvið heyrir rekstur leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva borgarinnar og starfsemi Námsflokka Reykjavíkur, skólasafnamiðstöðvar, myndvers og skólahljómsveita. Sviðið hefur eftirlit með starfsemi sjálfstætt starfandi leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og myndlistarskóla og annarri sambærilegri starfsemi sem styrkt er af Reykjavíkurborg. Þá annast sviðið umsjón og eftirlit með þjónustusamningi við þjónustumiðstöðvar í hverfum vegna sérfræðiþjónustu fyrir leik- og grunnskólabörn og í tengslum við frístundaráðgjöf. Jafnframt hefur sviðið eftirlit með daggæslu í heimahúsum. Þjónusta sviðsins nær til rúmlega 20.000 barna og fjölskyldna þeirra. Á sviðinu starfa um 5000 manns. Megináherslur í stefnu skóla- og frístundasviðs má sjá í stefnukorti sviðsins hér til hliðar. Viðfangsefni og áherslur næstu ára byggja á þessum megináherslum og á samstarfssáttmála meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur.



## Fimm umbótaþættir á starfsárinu 2015-2016:

Skóla- og frístundasvið vinnur að fimm meignumbótaþáttum á starfsárinu 2015-2016, sem eru:

- **Málþroski, læsi og lesskilningur** - Ný stefnumótun um læsi og lestrarnám er forgangsmál í málaflokknum. Leggja þarf samfellda áherslu á málækt og málörvun leik- og grunnskólabarna alla skólagönguna, efla lestrarfærni og þjálfna lesskilning með markvissum kennsluáferðum.
- **Verk-, tækni- og listnám** - Mikilvægt er að hlúa í auknum mæli að eflingu verk-, tækni- og listnáms í skóla- og frístundastarfi með það fyrir augum að efla áhuga barna og ungmenna á þeim möguleikum sem felast í því að mennta sig á þeim sviðum eftir formlegum og óformlegum leiðum. Sérstök áhersla er á að bregðast snemma við lestrarvanda og auka stuðning við börn sem dregist hafa aftur úr jafnöldrum sínum.
- **Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi** - Meginforsenda lýðræðis er að börn og unglingar læri um lýðræði með því að starfa í lýðræði. Það sama á við um mannréttindi og jafnrétti. Starfshættir í skóla- og frístundastarfi þurfa að endurspeglja þessa þætti líkt og kveðið er á um í stefnu um skóla án aðgreiningar og í stefnu um fjölmenningslegu skóla- og frístundastarf. Þessar áherslur birtast sérstaklega í stefnumótun um nemendamiðað skólastarf.
- **Fjölmennning** - Í fjölmenningsstefnu SFS, sem innleidd verður á næstu þremur árum, eru settar fram þrjár meginstoðir. Í fyrsta lagi að starfsfólk tileinki sér fjölbreyttar kennslu- og starfsaðferðir, í öðru lagi að stuðlað sé að góðri og markvissri kennslu íslensku sem annars máls frá upphafi leikskólagöngunnar til loka grunnskólans. Um leið skuli leitað leiða til að vinna með fjölbreytt móðurmál. Í þriðja lagi er lögð áhersla á að starfsfólk í skóla- og frístundastarfi hafi frumkvæði að samstarfi við foreldra og þróa lausnamiðaðar leiðir til að koma í veg fyrir að ólík sýn, menning og reynsla hindri samstarf.
- **Gæði og fagmennska** - Það er sérlega mikilvægt í skóla- og frístundastarfi að gæði og fagmennska einkenni starfshætti og að starfsfólk sé umbótamiðað í daglegu starfi. Nýjungar og þróun í starfsháttum þurfa að ná til barna og ungmenna þannig að þeim standi til boða námsumhverfi þar sem þeim líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

## Mikilvægustu viðfangsefni og áherslur 2016-2020:

1. **Nemendamiðað skóla- og frístundastarf** - Auka áhrif barna og ungmenna á inntak, skipulag og forgangsroðun í skóla- og frístundastarfi. Leggja áherslu á einstaklingsmiðun, frumkvæði og sköpunargleði barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi. Nýta niðurstöður rannsókna á nemendamiðaðu skóla- og frístundastarfi. Auka framboð símenntunar fyrir starfsfólk um nemendamiðað skóla- og frístundastarf.

2. **Efling lestrarfærni og lesskilnings í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi** - Beita snemmtækri íhlutun til að greina börn með málþroskaröskun eða lestrarörðugleika og auka faglegan stuðning. Efla samstarf við foreldra um læsi barna- og ungmenna og gefa þeim verkfæri til að þeir geti aðstoðað börn sín. Skerpa á hlutverki foreldra í lestrarþjálfun barna. Vinna á markvissan hátt með bernskulæsi í leikskólum á grunni læsisstefnu leikskóla. Vekja áhuga barna og ungmenna á læsi á fjölbreyttan hátt.
3. **Fjölmennning** - Auka íslenskukennslu fyrir börn af erlendum uppruna með áherslu á virkt tvítyngi. Hefja innleiðingu móðurmálskennslu fyrir börn af erlendum uppruna. Tryggja jafnt aðgengi allra barna að fjölbreyttu frístundastarfi, ekki síst barna af erlendum uppruna. Leita nýrra leiða til að efla samstarf við foreldra barna af erlendum uppruna. Leggja áherslu á gagnkvæma aðlögun og samskipti barna óháð uppruna.
4. **Aukið vægi verk-, tækni- og listnáms** - Stuðla að vitundarvakningu meðal barna, ungmenna og foreldra um gildi verk-, tækni- og listgreina. Auka aðgang barna í leikskólum og grunnskólum að verk-, tækni- og listnámi. Fjölga nýsköpunarverkefnum í skóla- og frístundastarfi. Nýta fjölbreyttar leiðir til að vekja áhuga barna á verk-, tækni- og listgreinum í skóla- og frístundastarfi, m.a. í samstarfi við fagfélög og vinnumarkað. Nýta aðstöðu fyrir verk-, tækni- og listfræðslu þvert á skóla- og frístundastarf, t.d. sérgreinastofur, bókasöfn og útkennslusvæði. Efla enn frekar tækifæri á sviði verk-, tækni- og listnáms á vettvangi frístundastarfs.
5. **Gæði og fagmennska – eftirsóknarvert starfsumhverfi** - Efla svigrúm til faglegrar stjórnunar í skóla- og frístundastarfi. Stuðla að fjölbreyttri símenntun og starfsþróun allra starfsmanna til að efla gæði og fagmennsku í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi. Tryggja gagnsæi og virka upplýsingamiðlun til fagfólks starfsstöðva og almennings um stefnu og framkvæmd skóla- og frístundastarfs. Treysta í sessi og fylgja eftir gæðamati á skóla- og frístundastarfi. Eftirfylgni verði tryggð með umbótaáætlunum með áherslu á að virkja allt starfsfólk. Stjórnendur og skrifstofa sviðsins nýti niðurstöður á mati til umbóta. Hvetja til aukinnar teymiskennslu og styðja við bakið á starfsstöðum sem vilja auka hana. Auka samstarf við háskólasamfélagið.
6. **Nýjar aðalnámskrár grunnskóla og leikskóla og stefnumótun um framtíðarhlutverk frístundamiðstöðva** - Fylgja eftir innleiðingu aðalnámskráa leik- og grunnskóla. Innleiða stefnu um frístunda- og félagsstarf á vegum Reykjavíkurborgar fyrir börn og ungmenni. Skrifstofa sviðsins styðji við innleiðingu aðalnámskráa til að stuðla að faglegum vinnubrögðum.
7. **Virkt foreldrasamstarf - bætt þjónusta við barnafjölskyldur** - Gerður verði samstarfssáttmáli milli skóla og foreldra um gagnkvæm réttindi og skyldur. Sérstök áhersla verði lögð á að ná til „óvirkra“ foreldra. Leggja áherslu á jafningjafræðslu og aukna virkni foreldra m.a. með því að setja upp gátt á Foreldravef þar sem foreldrar geti komið inn með ábendingar um skóla- og frístundastarf í borginni. Þjóða upp á kynningardag í öllum hverfum í samstarfi við þjónustumiðstöðvar, þar sem íþróttafélög, skátar og önnur frjáls félagasamtök geta kynnt starfsemi sína fyrir börnum og aðstandendum þeirra.
8. **Jafnrétti, mannréttindi og lýðheilsa** - Auka jafnrétti á öllum sviðum og vinna að eflingu skóla- og frístundastarfs án aðgreiningar. Bæta þjónustu við börn í fjölpættum vanda. Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar verði framfylgt á öllum starfsstöðvum SFS. Auka kynfræðslu í grunnskólum með áherslu á að nýta þekkingu úr kynja- og hinseginfræðum. Efla kynjafræðiþekkingu starfsfólks allra starfsstaða sviðsins. Leggja áhersla á heilsueflingu starfsfólks, framfylgja viðverustefnu og draga úr fjarvistum í samráði við starfsstaði. Auka gæði skólamáltíða í leikskólum, grunnskólum og frístundamiðstöðvum. Starfsstaðir í hverfum vinni saman að aðgerðaráætlunum sem byggja á grunni forvarnastefnu Reykjavíkurborgar. Vinna markvisst að því að efla sjálfstraust barna og ungmenna í daglegu skóla- og frístundastarfi.
9. **Aukin samþætting skóla- og frístundastarfs og samfella skólastiga** - Auka samþættingu skóla- og frístundastarfs með áherslu á jafningjafræðslu og miðlun bestu hugmynda. Auka snemmtæka íhlutun í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi til að efla börn og ungmenni og styðja þau í að yfirvinna erfiðleika. Vinna að auknu formlegu samstarfi við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu á sviði skóla- og frístundastarfs. Leita leiða til að gefa grunnskólanemendum kost á að taka framhaldsskólaáfanga meðan á grunnskólanámi stendur. Nýta skóla- og frístundastarf til að draga úr hefðbundnu heimanámi í grunnskólum. Vinna að innleiðingu tillagna starfshóps um samfelldan dag barna 6-16 ára.
10. **Menningarstarf í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi** - Auka samstarf leikskóla, grunnskóla- og frístundamiðstöðva í öllum hverfum við menningarstofnanir borgarinnar. Skoða möguleika þess að setja á fót Menningarvagn, sem sinni hópferðum barna og ungmenna í leik- og grunnskólum borgarinnar. Stefna að jafnræði

varðandi aðgang barna í borginni að tónlistarnámi og starfsemi skólahljómsveita. Leita eftir samstarfi við menningarstofnanir borgarinnar um reglulegar heimsóknir þeirra í leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvar.

11. **Umhverfisvitund og menntun til sjálfbærni** - Auka umhverfisvitund barna og ungmenna t.d. með því að nýta daga og viðburði á árinu (*Dag íslenskrar náttúru* 16. september og *Dag umhverfisins* 25. apríl) til að vekja athygli á umhverfisstarfi og menntun til sjálfbærni í skóla- og frístundastarfi. Starfsfólk í skóla- og frístundastarfi fái tækifæri til símenntunar á sviði sjálfbærni t.d. um útinám og reynslunám. Náttúruskólinn og önnur símenntunar- og samstarfsverkefni sem SFS á aðild að verði nýtt í þessum tilgangi. Efla almenna vitund barna og ungmenna um almenningssamgöngur og vistvæna ferðamáta í skipulögðu skóla- og frístundastarfi meðal annars með innleiðingu endurskoðaðrar hjólreiðastefnu borgarinnar. Innleiða og fylgja eftir stefnumótun um menntun til sjálfbærni. Hvetja til innleiðingar samgöngustyrkja til heilsuefningar á starfsstöðum.

12. **Notkun upplýsingatækni og innleiðing nýrra vinnubragða** - Auka framboð á fjölbreyttri símenntun á sviði upplýsingatækni fyrir starfsfólk í skóla- í frístundastarfi. Efla starfsfólk í skóla- og frístundastarfi, sem er frumkvöðlar á sviði upplýsingatækni og hvetja það til að miðla þekkingu og reynslu til samstarfsfólks. Hvetja stjórnendur starfsstaða til að skapa svigrúm til að byggja upp þekkingu í notkun upplýsingatækni innan starfsstaðanna. Leggja mat á stöðu upplýsingatækni- í skóla- og frístundastarfi. Grípa til aðgerða á grundvelli matsins. Efla umræðu um ábyrga notkun upplýsingatækni í skóla- og frístundastarfi. Beina athygli að möguleikum þess að nýta tölvuleiki, forritun og fjölbreytt verkfæri upplýsingatækninnar í skóla- og frístundastarfi með það að markmiði að efla upplýsinga-, miðla- og tæknilæsi. Hvetja aðila sem standa að námsgagnagerð til að auka framboð námsefnis í rafrænu formi. Skoða leiðir til að fela starfsstöðum í auknum mæli að sinna eigin upplýsingatækniþjónustu.

Samþykkt á fundi skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar 29. apríl 2015.

## GJALDSKRÁR OG ÚTGJÖLD ALMENNT

Í samræmi við fjárhagsáætlun borgarinnar sem leggur áherslu á varfærni og ábyrgð í rekstri mun fjármálastjórn og fjárhagsáætlun SFS vera í takt við þessi markmið. Fjármál SFS mótast mjög af fjölþættum rekstri og hlutfallsleg miklum launkostnaði. Stærsta verkefnið er að tryggja að hægt sé að sinna öllum lögbundnum verkefnum innan þess fjárhagsramma sem sviðinu er gert að starfa innan. Annar rekstrarkostnaður kallar á stöðugt eftirlit og að leiða sé leitað til ítrustu hagræðingar. Stórt verkefni mun felast í að leita hagstæðustu verða í alla þjónustuþætti, verkþætti og innkaup. Ráðgjafar- og innheimtuþjónusta við allar starfsstöðvar SFS verður efla og faglegir stjórnendur aðstoðaðir við daglega fjármálaumsýslu. Stefnt er að eflingu símenntunar starfsmanna á sviði fjármála og rekstrar.

Undir forystu formanns skóla- og frístundaráðs vann *Starfshópur um fjárhag SFS* tillögur um aukna skilvirkni og leiðir til að veita auknu fjármagni í faglegt grunnstarf sviðsins. Helstu tillögur starfshópsins voru eftirfarandi;

- Úthlutunarlíkön verði endurskoðuð og taki í auknum mæli mið af ólíkum aðstæðum starfsstaða.
- Dregið verði úr leigukostnaði við aðstöðu og aukið gagnsæi varðandi húsnæðiskostnað og útreikning innri leigu.
- Endurskoðun á úthlutun til sérkennslu.
- Mötuneytisþjónusta verður endurskoðuð og leitað hagræðingar á öllum sviðum hennar.
- Aukið samstarf milli starfsstöðva með það að markmiði að samnýta auðlindir innan sviðsins.
- Notkun á upplýsingatækni verði endurmetin og einfölduð.
- Betri nýting fjármagns með áherslu á húsnæðismál, rekstur og starfsmannahald.

### Gjaldskrár

- Gert er ráð fyrir að gjaldskrár fylgi almennt spá um verðbólgu og hækki að jafnaði um 4,9%.
- Gert er ráð fyrir, í samræmi við málefnasamning nýs meirihluta að leikskólagjöld lækki um 200 m.kr.
- Hækkun innri leigu vegna viðbótarhúsnæðis og vísitöluhækkana 4,9%.
- Vísitöluhækkun á orkukostnaði um 4,9%.
- Gert er ráð fyrir að gjaldskrá UTD hækki í samræmi við áætlaðan útgjaldaramma deildarinnar.
- Gert er ráð fyrir að launahækkunir vegna kjarasamninga umfram ramma fjárhagsáætlunar 2015 verði bættar. Þar sem samningar gilda almennt ekki út árið 2016 er hér aðeins gert ráð fyrir þekktum kjarasamningsáhrifum á árinu 2015.

- Gert er ráð fyrir að samningar við þriðja aðila sem hafa skuldbindandi vísitöluákvæði verði verðbættir um 4,9%. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir að annar rekstrarkostnaður sviðsins verði verðbættur og ber að líta á það sem kröfu um hagræðingu.
- Tekið er tillit til fjölgunar og fækkunar nemenda/barna í grunnskólum, leikskólum og frístundaheimilum. Í fyrirbyggjandi tillögu er miðað við spár skóla- og frístundasviðs frá júní 2015, en miða verður við stöðuna eins og hún var 1. október við framlagningu frumvarps. Ekki er gert ráð fyrir breytingum sem kunna að verða á haustönn 2016.
- Borgarráð hefur samþykkt að virkja þegar á þessu fjárhagsári og einnig á því næsta ákvæði reglna um gerð fjárhagsáætlunar varðandi yfirfærslu á afgangi/tapi á milli ára. Þetta gerir kröfu um að sviðin skili nákvæmri útfærslu á forsendum tekna og útgjalda, magni og einingaverðum, fyrir alla þjónustubætti við skil á drögum að fjárhagsáætlun fyrir árið 2016.

## Frístundastarf

Sex frístundamiðstöðvar heyra undir sviðið og stýra þær starfsemi 34 frístundaheimila, 20 félagsmiðstöðvar og 3 frístundaklúbba. Helstu breytingar í fjárhagsáætlun á milli ára eru eftirfarandi.

Gert er ráð fyrir:

- Óbreyttum systkinaafslætti af gjaldi í frístundaheimilum og sumarfrístund.
- Bætingu vegna endurmats á störfum. Fjárheimild sviðsins hækki um 119 m.kr. vegna þessa.
- Breytingu á úthlutunarlíkani frístundaklúbba á þann hátt að fjármagni er úthlutað samkvæmt mati á hvern kostnaðarstað þrisvar á ári vor, sumar og haust.
- Fleiri börnum á frístundaheimilum, reiknað sem fjöldi 5 daga pláss, um 223 pláss, úr 3.487 í 3.710 pláss að meðaltali á árinu. Fjárheimild sviðsins hækki um 32 mkr vegna þessa.
- Að börnum í frístundaklúbbum og frístundaheimilinu Guluhlíð í Klettaskóla fjölgi um 17 frá árinu 2015 úr 148 í 165. Fjárheimild sviðsins hækkar um 39 mkr vegna þessa.

## Leikskólar og dagforeldrar

Borgarreknir leikskólar eru 62 auk tveggja sameinaðra leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila. Sjálfstætt starfandi leikskólar í borginni eru 17. Helstu breytingar á fjárhagsáætlun á milli ára eru eftirfarandi.

Gert er ráð fyrir:

- Kjarasamningar vegna stjórnenda í leikskólum verða bættir og hækkar fjárheimild sviðsins um 54 m.kr.
- Lækkun á námsgjöldum í leikskólum sem lækki tekjur um 200 m.kr. en á móti kemur bæting í rammaúthlutun.
- Að börnum í leikskólum borgarinnar fækki frá árinu 2015. Fjárheimild sviðsins lækkar um 78 m.kr. vegna þessa.
- Hækkun á húsnæðisframlagi til sjálfstætt starfandi leikskóla til samræmis við vísitöluhækkun borgarrekinna leikskóla.
- Fjármagn til námsleyfa til að tryggja gæði og fagmennsku í leikskólum, alls 20 m.kr.

## Grunnskólar

Reykjavíkurborg starfrækir 36 grunnskóla, þar af 2 sérskóla og 5 grunnskóla sem eru sameinaðir leikskólum, frístundaheimilum eða tónlistarskóla. Að auki eru 7 sjálfstætt starfandi grunnskólar í borginni. Helstu breytingar í fjárhagsáætlun á milli ára eru eftirfarandi.

Gert er ráð fyrir:

- Óbreyttum afsláttarkjörum sem felast í því að fjölskyldur greiða aldrei meira en sem nemur fyrir tvö systkini í skólamat.
- Að nemendum í borgarreknnum grunnskólum fjölgi um 183 börn á árinu 2016. Fjárheimild sviðsins hækkar um 121,85 m.kr. vegna þessa.
- Að nemendum í sérskólum fjölgi um 17 börn á árinu 2016. Fjárheimildir sviðsins hækkar um 77,1 m.kr. vegna þessa.
- Þá er gert ráð fyrir að fjölga um 4 nemendum í einhverfudeildum. Fjárheimild sviðsins hækkar um 8 m.kr vegna þessa.
- Kjarasamningar vegna grunnskólakennara verða bættir að mestu leyti og hækkar fjárheimild sviðsins um 705,6 m.kr.
- Vegna kjarasamninga grunnskólakennara í sjálfstætt starfandi grunnskólum hækkar fjárheimild sviðsins um 27,7 m.kr.

- Viðbót við ramma sviðsins vegna starfsmatsins er um 101,9 m.kr.
- Hagræðingaraðgerðir sem falla á grunnskólahlutann eru um 66 m.kr.
- Gert er ráð fyrir að gjaldskrár fylgi almennt spá um verðbólgu og hækki að jafnaði um 4,9% alls 41,6 m.kr.
- Vísitöluhækkun á orkukostnaði um 4,9% alls 11,4 mkr
- Tvö stöðugildi farkennara vegna móðurmálskennslu alls 12 m.kr.
- Nemendamiðað grunnskólastarf, fjögur þróunarverkefni alls 10 m.kr.

## Önnur umbótaverkefni

- Fjármagn til skólaþróunar með áherslu á innleiðingu umbótaþátta í skóla- og frístundastarfi alls 75 m.kr.
- Fjármagn til eflingar málþroska, lestrarfærni og lesskilnings, alls 40 m.kr.
- Fjármagn til eflingar verk-, tækni- og listnáms, alls 20 m.kr.
- Fjármagn til eflingar íslenskunáms tvítyngdra barna og ungmenna og móðurmálskennslu þeirra alls kr. 23 m.kr.

## Listaskólar, fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar

Reykjavíkurborg rekur fjórar skólahljómsveitir og einn tónlistarskóla, Tónlistarskóla Kjalarness. Borgin gerir samninga við 18 tónlistarskóla vegna grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik og grunnnáms í söng. Samningar borgarinnar við tónlistarskóla eru útrunnir. Vegna óvissu um fyrirkomulag fjármögnunar tónlistarnáms á framhaldsstigi í hljóðfæraleika og miðnámi og framhaldsnámi í söng er stefnt að því að framlengja samningana um eitt ár [að loknu uppgjöri vegna þriggja ára samninga.](#)

Alls 13 tónlistarskólar fá greiðslu frá Jöfnunarsjóði í gegnum Reykjavíkurborg, vegna framhaldsnáms í hljóðfæraleik og/eða miðnáms og framhaldsnáms í söng.

## Gjaldskrár

Gert er ráð fyrir 4,9% hækkun innri gjaldskráa, þ.e. hækkun á leigu íþróttahúsa til ÍTR og samsvarandi hækkun á kostnaði vegna þjónustu þjónustumiðstöðva og UTD.

## Annað

Í rammaúthlutun var gerður fyrirvari um fjölda barna/nemenda. Í fyrstu viku í október verður áætlun um fjölda barna/nemenda endurskoðuð. Ef breytingar eru frá spá sem gerð var í vor, verður fjárhagsáætlun endurskoðuð.

## KYNJUÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN

Auka vægi jafnréttisfræðslu í öllu skóla- og frístundastarfi meðal annars með því að nýta símenntun starfsfólks og kennara til að auka þekkingu þeirra á málaflokknum. Áfram verður unnið að innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS) með það að markmiði að bæta þjónustuna og dreifa fjármagni og gæðum á rétt-látan hátt með tilliti til þarfa barna og ungmenna. Í því augnmiði er nú unnið markvisst að greiningu á þjónustuþáttum sviðsins. Á árinu 2013 var gerð greining á stuðningi í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum sviðsins (sértæk úthlutun). Á árinu 2014 hefur verið verið unnið að greiningu á stuðningi í grunnskólum (almenn úthlutun) og greiningu á þátttöku 10– 12 ára barna í félagsmiðstöðvastarfi.

Á árinu 2015 var lögð áhersla á framkvæmd jafnréttismats á öllum breytingartillögum er varðar beina þjónustu við einstaklinga. Unnið er að greiningu kyngreindra gagna á þjónustu frístundaheimila, skólahljómsveita og styrkveitinga SFS.

Á árinu 2016 verður skráning og innköllun kyngreindra tölfræðigagna eflað enn frekar og fleiri þjónustuþættir sviðsins greindir með aðferðafræði KFS. Á hverju ári verða skilgreind verkefni sem stuðla að jafnrétti kynjanna og vinna gegn óæskilegum áhrifum staðalmynda.

Efla þekkingu í skóla- og frístundastarfi á ýmsum sáttmálum tengdum mannréttindum, sem sviðið vinnur samkvæmt, t.d. Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Þróa leiðir og hugmyndir til að efla lýðræði og samfélagslega ábyrgð. Vinna áætlun um að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Auka traust, bæta upplýsingamiðlun og hvetja til lýðræðislegrar þátttöku.



# LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	2012	2013	2014	Útksp. 2015	Áætlun 2016
<b>Starfsstaðir</b>					
<b>Fjöldi leikskóla (og leikskóla sem sameinaðir eru grunnskóla)</b>	<b>82</b>	<b>82</b>	<b>82</b>	<b>81</b>	<b>81</b>
Leikskólar Reykjavíkur	62	62	62	62	62
Sjálfstætt starfandi leikskólar	18	18	18	17*	17
Sameinaðir leik- og grunnskólar og frístundaheimili	2	2	2	2	2
<b>Fjöldi grunnskóla í Reykjavík</b>	<b>42</b>	<b>42</b>	<b>42</b>	<b>42</b>	<b>43</b>
Grunnskólar Reykjavíkur / sérskólar (þar af 2 sérskólar og 5 sameinaðir leikskólar, grunnskólar og frístundaheimili frá 2012)	36	36	36	36	36
Sjálfstætt starfandi grunnskólar	6	6	6	6	7
Fjöldi skólahljómsveita	4	4	4	4	4
<b>Tónlistarskólar</b>	<b>19</b>	<b>19</b>	<b>19</b>	<b>19</b>	<b>19</b>
Tónlistarskólar á vegum Reykjavíkurborgar	1	1	1	1	1
Tónlistaskólar með þjónustusamning við Reykjavík v. grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik og grunnnáms í söng	18	18	18	18	18
Tónlistaskólar sem fá greiðslu frá Jöfnunarsjóði í gegnum Reykjavíkurborg vegna framhaldsnáms í hljóðfæraleik og miðnáms og framhaldsnáms í söng		13	13	13	13
<b>Frístundamiðstöðvar</b>	<b>6</b>	<b>6</b>	<b>6</b>	<b>6</b>	<b>6</b>
Frístundaheimili		32	33	34	34
Frístundaheimili sameinuð grunnskólum**		5	5	5	5
Frístundaklúbbar	1	4	6	6	3
Félagsmiðstöðvar		21	21	20	20
<b>Barnið, nemandinn, ungmennið</b>					
<b>Fjöldi barna / rýma í leikskólum í Reykjavík</b>	<b>7.020</b>	<b>7.130</b>	<b>7.190</b>	<b>7.142</b>	<b>7.105</b>
Leikskólar Reykjavíkur	5.828	5.891	5.910	5.903	5.874
Sjálfstætt starfandi leikskólar	1.062	1.105	1.146	1.055	1.055
Sameinaðir leik- og grunnskólar	130	134	134	134	146
Viðbótarpláss	107	0	92	50	30
<b>Fjöldi reykviskra barna í leikskólum utan Rvk.</b>	<b>22</b>	<b>40</b>	<b>40</b>	<b>47</b>	<b>45</b>
Sjálfstætt starfandi leikskólum	22	22	22	29	29
Sveitarfélagsrekrum leikskólum		18	18	18	16
Fjöldi barna með lögheimili utan Reykjavíkur sem dvelja í leikskóla í Reykjavík		52	41	41	46
<b>Fjöldi dvalargilda í leikskólum í Reykjavík</b>	<b>72.392</b>	<b>71.678</b>	<b>72.698</b>	<b>74.287</b>	<b>74.233</b>
Leikskólar Reykjavíkur	58.734	58.619	57.890	58.407	59.343
Sjálfstætt starfandi leikskólar í Reykjavík	12.103	11.754	11.953	12.940	12.940
Sameinaðir leik- og grunnskólar	1353	1.305	1.291	1.290	1.440
Viðbótarpláss	1370	0	1564	1.650	510
<b>Fjöldi dvalargilda í leikskólum utan Reykjavík</b>					
Sjálfstætt starfandi leikskólar utan Reykjavíkur	202	237	232	271	271

\* Ekki er gert ráð fyrir Ísaksskóla sem sjálfstætt starfandi leikskóla 2015

\*\* Klébergsskóli, Dalskóli, Norðlingaskóli, Ártúnsskóli og Fellaskóli (1. og 2. bekkur)

## LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI, FRH.

	2012	2013	2014	Útksp. 2015	Áætlun 2016
<b>Barnið, nemandinn, ungmennið (frh.)</b>					
<b>Fjöldi daglegra dvalarstunda í leikskólum í Reykjavík</b>	<b>57.320</b>	<b>57.503</b>	<b>58.927</b>	<b>58.978</b>	<b>58.576</b>
Leikskólar Reykjavíkur	47.776	48.046	48.359	48.439	48.504
Sjálfstætt starfandi leikskólar í Reykjavík	8.300	8.359	8.687	8.621	8.621
Sameinaðir leik- og grunnskólar	1074	1.098	1.099	1.093	1.196
Viðbót vegna barna sem fædd eru 2012	856	0	782	825	255
<b>Fjöldi daglegra dvalarstunda í leikskólum utan Reykjavíkur</b>					
Sjálfstætt starfandi leikskólar utan Reykjavíkur	170	172	172	227	227
<b>Dagforeldrar</b>					
Fjöldi barna hjá dagforeldrum	880	880	916	916	916
<b>Grunnskólar / sérskólar</b>					
Fjöldi nemenda í grunnskólum á vorönn	13232	13.294	13.424	13.494	13.795
Fjöldi nemenda í sérskólum á vorönn	140	140	159	149	176
Fjöldi nemenda í grunnsk. á haustönn	13314	13.265	13.627	13.564	13.795
Fjöldi nemenda í sérskólum á haustönn	140	140	159	168	176
Fjöldi nemenda 6 ára og eldri í sjálfstætt starfandi grunnskólum	444	529	546	531	531
<b>Fjöldi nemenda 5 ára í sjálfst. starfandi grunnsk.</b>	<b>66</b>	<b>59</b>	<b>17</b>	<b>66</b>	<b>23</b>
Fjöldi nemenda í mat í grunnskólum					
Fjöldi nemenda í mat á vorönn 2014	11512	13.294*	13424	13.494	13.795
<b>Fjöldi nemenda í mat á haustönn 2014</b>	<b>11583</b>	<b>13.265*</b>	<b>13647</b>	13564	13795
Tónlistarskólar / skólahljómsveitir					
Fjöldi nemenda í skólahljómsveitum		441	441	441	441
<b>Fjöldi nemendastunda í tónlistaskólum</b>			<b>78479</b>	<b>78479</b>	<b>78479</b>
<b>Frístundamiðstöðvar</b>					
Fjöldi barna á frístundaheimilum - meðaltal 2016		3.441	3.726	3.868	4203
Á vorönn	3340	3.502	3.726	3.868	4203
Á haustönn	3256	3380	3.726	3.868	4203
Fjöldi barna í frístundaheimilum, reiknað sem 5 daga vistun - meðaltal 2014		3.129	3.347	3.487	3710
Á vorönn	3035	3.188	3.347	3.487	3710
Á haustönn	2957	3070	3347	3487	3710
Fjöldi barna í frístundaklúbbum og frístundaheimilinu Guluhlíð - meðaltal 2014**		109	122	148	165
Á vorönn	100	109	122	148	165
Á haustönn	100	109	122	148	165
Fjöldi barna í frístundaklúbbum og frístundaheimilinu Guluhlíð, reikn. sem 5 daga vistun - meðaltal 2014					
Á vorönn	85	93	108	126	140
Á haustönn	85	93	108	126	140

\*Gert er ráð fyrir 100% þátttöku nemenda í mat þó vitað sé að þátttaka verði ekki 100%. Þetta er gert til að taka tillit til þess starfsfólks sem borðar líka. Áætlunarlíkan gerir ekki ráð fyrir fæði starfsfólks.

\*\*Breyting milli 2013 og 2014 er sú að þá var samtala fyrir allt frístunda og félagsstarf fatlaðra nemenda tekin saman, þ.e. Hofið, Hellirinn, Höllin, Hlíð, Garður, Askja og frístundaheimilið Guluhlíð.

## LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI, FRH.

	2012	2013	2014	Útksp. 2015	Áætlun 2016
<b>Mannauður</b>					
<b>Stöðugildi alls í leikskólum</b>	<b>1.306</b>	<b>1.495</b>	<b>1.530</b>	<b>1.522</b>	<b>1.554</b>
Stöðugildi leikskólakennara/stjórnenda	476	471	499	507	509
Stöðugildi starfsmanna með aðra uppeldismenntun	281*	316*	255*	256*	300
Stöðugildi annarra háskólamenntaðra starfsmanna	*	*	*	-	-
Stöðugildi leikskólaliða	101	96	98	86	75
Stöðugildi annarra starfsmanna	448	445	474	481	475
Stöðugildi í sérkennslu	146	129	138	146	155
Stöðugildi í langtímaveikindum		28	34	31	29
Viðbótarpláss		10	32	18	11
<b>Hlutfall fagfólks skv. skilgreiningu í samningi við sjálfstætt starfandi leikskóla</b>	<b>65,70%</b>	<b>66,57%</b>	<b>0,6421</b>	<b>6342,00%</b>	<b>0,635</b>
<b>Fjöldi stjórnenda í borgarrekrum leikskólum</b>	<b>443</b>	<b>454</b>	<b>445</b>	<b>458</b>	<b>458</b>
(í upphafi árs)					
Fjöldi stöðugilda deildarstjóra í leikskólum	288	298	288	299	299
Fjöldi stöðugilda sérkennslustjóra	29	29	30	31	31
Fjöldi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra	12600,00%	124	12700,00%	12800,00%	12800,00%
<b>Hlutfall stjórnenda af heildarstöðugildafjölda í leikskólum borgarinnar</b>	<b>0,334</b>	<b>0,334</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
Stöðugildi alls í grunnskólum (vegna grunnskólanemenda)		2082	2021	1928	1868
Skólastjórar (þar af 2 í sérskólum)		36	36	36	36
Aðstoðarskólastjórar (þar af 2 í sérskólum)		39	39	39	39
Grunnskólakennarar (þar af í sérskólum 79 starfsmenn)		1175	1178	1046	1016
Námsráðgjafar		18	18	18	18
Bókasafsstörf		32	32	32	32
Húsverðir		34	32	32	32
Matráðar		38	36	36	36
Aðrir almennir starfsmenn (þar af í sérskólum 32 starfsmenn)		501	429	468	468
Stöðugildi í sérkennslu- og nýbúapotti		186	188	188	160
Stöðugildi í langtímaveikindum m.v. stöðugildi kennara		23	33	33	31

\* Stöðugildi starfsmanna með aðra uppeldismenntun og annarra háskólamenntaðra starfsmanna.

## LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI, FRH.

	2012	2013	2014	Útksp. 2015	Áætlun 2016
<b>Mannauður</b>					
<b>Stöðugildi alls í frístundamiðstöðvum</b>		<b>338,92</b>	<b>393,5</b>	<b>417,3</b>	<b>435,3</b>
Stöðugildi í frístundaheimilum og frístundaklúbbum		200,92	218,9	233	248,2
Stöðugildi í frístundamiðstöðvum		24,4	18,0*	21,5	21,2
Stöðugildi í félagsmiðstöðvum		52,8	60,6*	64,2	67,6
Stöðugildi í stuðningi barna með sérþarfi		57,8**	88,4	91,2	91
Stöðugildi í langtímaveikindum		3	7,6	7,4	7,4
Stöðugildi í skólahljómsveitum	25,9	26,8	27,6	27,5	27,5
Námsflokkar Reykjavíkur		<sup>8,6</sup>	7,6	7,5	6,5
Myndver		1,3	1,2	1,2	1
Skólasafnamiðstöð		4	4	3	3
Skrifstofa SFS		64,5	67,5	67,5	67,5

\* Stöðugildi deildarstjóra unglingsstarfs færð úr frístundamiðstöð í félagsmiðstöðvar, samtals sex stöðugildi.

\*\* Leiðrétting á villu um fjölda stöðugilda stuðnings í greinargerð með fjárhagsáætlun 2013. Það virðist sem 50,5% stöðugildi hafi verið tekin sem 100% stöðugildi í greinargerðinni 2013.

## SKORKORT 2016

Velgengispættir	Mælikvarðar	Raun 2013	Raun 2014	Raun/áætlu n 2015	Áætlun 2016
<b>Barnið, nemandinn, ungmennið</b>					
Hlutfall foreldra sem telja að barn þeirra sé öruggt í skóla- og frístundastarfi		92%	87%	87%	90%
Hlutfall foreldra sem telja starfsstaði skóla- og frístundasviðs taka vel á einelti og öðru ofbeldi		53%	64%	65%	75%
Hlutfall starfsstaða sem leggja sérstaka áherslu á heilsueflingu í starfinu		75%	70%	80%	95%
Hlutfall foreldra sem telja barni sínu líða vel í skóla- og frístundastarfi		95%	94%	94%	95%
Hlutfall grunnskóla í Reykjavík þar sem bekkjarandi mælist yfir landsmeðaltali skv. Skólapúlsinum		66%	57%	44%	Dettur út
Hlutfall starfsstaða þar sem útinám er á stundaskrá/skipulagi barna á öllum stigum		63%	69%	75%	100%
Hlutfall foreldra sem telur viðfangsefni leikskólans áhugaverð		92%	93%	91%	85%
Hlutfall nemenda sem getur lesið sér til gagns í lok 2. bekkjar		63%	66%	64%	85%
Ánægja af lestri, nemendur í 6.-10.bekk		4. sæti af 35	4. sæti af 37	4. sæti af 41	3. sæti
Hlutfall foreldra sem eru ánægðir með viðfangsefni frístundaheimila		82%	80%	80%	60%
Hlutfall grunnskóla þar sem nemendur setja sér sjálfir markmið um nám sitt í samráði við foreldra og/eða kennara		54%	56%	70%	85%
Hlutfall leikskóla þar sem börn koma að skipulagi starfsins		88%	70%	90%	2
Hlutfall frístundaheimila með barnaráð og unglingaráð		62%	74%	85%	60%
<b>Verklag</b>					
Hlutfall stjórnenda sem eru ánægðir með stuðning þjónustumiðstöðvar við		75%	71%	80%	80%
Hlutfall starfsstaða sem nýta sér ráðgjafþjónustu sérskóla og sérdeilda, sérhæfðra leikskóla eða þekkingarstöðva frístundamiðstöðva		54%	70%	75%	80%
Hlutfall foreldra sem eru almennt ánægðir með upplýsingagjöf starfsstaða		80%	81%	84%	90%
Hlutfall starfsstaða SFS sem eru með markmið um aukið flæði/samstarf milli skóla og frístundastarfs		63%	67%	75%	80%
Hlutfall starfsstaða með virk nýbreytni- og þróunarverkefni		81%	61%	85%	
Hlutfall starfsstaða sem nota viðmið um gæði við skipulagningu starfsemi		82%	65%	85%	85%
<b>Mannauður</b>					
Mínum vinnustað er vel stjórnað		7,3	-	7,6	7,9
Upplýsingastreymi á vinnustað mínum er gott		6,5	-	7,3	8,0
Hlutfall starfsmanna sem hefur fengið tækifæri til starfsþróunar á síðustu 12 mánuðum		72%	-	74%	80%
Hlutfall starfsmanna sem telja sig hafa orðið fyrir einelti frá samstarfsfólki á vinnustað sínum		3%	-	1%	1%
Starf mitt er metið af verðleikum af yfirmanni og samstarfsfólki		7,7	-	7,9	8,1
Hæfni mín er vel nýtt í starfi		8,0	-	8,1	8,3
Starfsfólk miðlar þekkingu sín á milli		7,8	-	7,9	8,3
<b>Auðlindir</b>					
Hlutfall starfsstaða sem heldur sig innan fjárhagsramma		54%	60%	60%	75%
Hlutfall starfsstaða sem skila frávikagreiningu v/mánaðaruppgjöra mánaðarlega		70%	75%	75%	85%

## Mælingar á árangri umbótaþáttanna fimm á starfsárinu 2015-2016

Hér fyrir neðan eru tilgreindar þær leiðir sem farnar verða til að mæla árangur hinna fimm meginumbótaþátta sem skóla- og frístundasvið leggur áherslu á á starfsárinu 2015-2016.

### Málþroski, læsi og lesskilningur

- Niðurstaða í lesskimunum og samræmdum könnunarprófum.
- Viðhorf til og gagnsemi af fræðslu og stuðningi til starfsfólks um málþroska og læsi.
- Viðhorf barna og unglunga til lesturs og nýting þeirra á nýrri tækni við nám/frístundir.
- Hlutverk og viðhorf foreldra í tengslum við eflingu málþroska og læsis.
- Mat á innihaldi og virkni læsis- og lestraráætlana og samstarfsáætlana skólastiganna um læsi út frá settum viðmiðum.

### Verk-, tækni- og listnám

- Hlutfall verk-, tækni- og listgreina í valgreinum unglunga.
- Greining á innihaldi og virkni samstarfsverkefna starfsstaða í verk-, tækni- og listgreinum.
- Viðhorf barna og unglunga til verk-, tækni- og listnáms.
- Greining á dagsskipulagi í frístundaheimilum og dagskrá félagsmiðstöðva, m.t.t. framboðs verk-, tækni- og listgreina.
- Greining á dreifingu tónlistarnemenda eftir hverfum.
- Notkun upplýsingatækni í skapandi starfi í leikskólum.

### Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi

- Viðhorf starfsfólks til lýðræðislegrar samvinnu og lýðræðislegs námsumhverfis.
- Raunveruleg áhrif barna og ungmenna á skipulag og innihald náms og frístundastarfs.
- Viðhorf barna og unglunga til grunnhugtaka um lýðræði og mannréttindi og kortlagning á samfélagslegum gildum.
- Greining á framsetningu markmiða um lýðræði, jafnrétti og mannréttindi í starfsáætlunum/skólanámskrám.
- Viðhorf foreldra til lýðræðislegrar samvinnu í skóla- og frístundastarfi og inntaks foreldrasamstarfs.
- Hlutfall barna og ungmenna sem telja sig hafa áhrif á innihald og uppbyggingu eigin náms.

### Fjölmennning

- Viðhorf til og gagnsemi af fræðslu og stuðningi til starfsfólks um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf, áhrif á starfshætti, þekkingu og viðhorf.
- Kortleggja kennslu í eigin móðurmáli barna og unglunga af erlendum uppruna, á starfsstöðum SFS og á vegum annarra aðila, fjölda barna, fjölda tíma, fjölda tungumála og námsform.
- Skoða sértækar leiðir sem starfsstaðir nýta sér til að ná til foreldra barna af erlendum uppruna.
- Viðhorf foreldra barna af erlendum uppruna til skóla- og frístundastarfs.

### Gæði og fagmennska

- Fjöldi starfsstaða sem nýta gæðaviðmið við skipulagningu starfs.
- Fagleg leiðbeining og endurgjöf til starfsfólks, virkni og innihald.
- Viðhorf starfsfólks til nýjunga og breytinga á starfsháttum, leiða þróunarverkefni, símenntun og fræðsla til breyttra starfshátta.
- Teymisvinna á starfsstöðum SFS, útbreiðsla, viðhorf, árangur.
- Kortleggja samvinnu og samráð starfsstaða við aðra starfsstaði, foreldra, stofnanir, framhaldsskóla, frístundaaðila og aðra aðila í því verkefni að auðga nám barna.
- Gera úttekt á stöðu innra mats á öllum starfsstöðum.

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ

## LEIÐARLIJÓS:

LEIÐARLIJÓS USK felst í því að styrkja Reykjavík í átt til sjálfbærni og gera hana vistvæna, heilnæma, hreina, fallega og örugga. Stuðla að fræðslu og upplýstri umræðu um umhverfis- og skipulagsmál, ásamt því að efla þjónustu og samráð við borgarbúa og aðra viðskiptavinum sviðsins.

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2016


USK Aðalsjóður	Áætlun 2016
Rekstrartekjur	2.001.679
<b>Tekjur samtals</b>	<b>2.001.679</b>
Laun og launatengd gjöld	1.784.478
Annar rekstrarkostnaður	6.919.510
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>8.703.988</b>
<b>Rekstarniðurstaða</b>	<b>6.702.309</b>

USK Eignasjóður	Áætlun 2016
Rekstrartekjur	3.164.284
<b>Tekjur samtals</b>	<b>3.164.284</b>
Laun og launatengd gjöld	1.401.664
Annar rekstrarkostnaður	2.792.482
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>4.194.146</b>
<b>Rekstarniðurstaða</b>	<b>1.029.862</b>

## STARFSFÓLK

	2016
Föst stöðugildi	361
Fjöldi stm. áætlun	400
Fjöldi sumarstarfsmanna	370
<b>Eftir skrifstofum:</b>	
Framkvæmdir og viðhald	42
Skrifstofa sviðsstjóra	18
Sviðsstjóri	16,8
Skipulag, bygg. og borgarh.	45,0
Umhverfisgæði	96,2
Rekstur og umhirða	143

## SKIPURIT



## HLUTVERK

Umhverfis- og skipulagssvið (USK) gegnir fjölbættu hlutverki, allt frá því að vinna með kjörnum fulltrúum að stefnumótun í umhverfis-, skipulags- og samgöngumálum til þess að samþykka teikningar og tryggja eftirlit í heilbrigðismálum. Að auki stýrir sviðið framkvæmdum og viðhaldi og sinnir almennum rekstri í borgarlandinu eins og grasslætti og snjómokstri. Á sviðinu er unnið að fjölbreyttum verkefnum svo sem Torg í biðstöðu sem eiga að auðga mannlífið í borginni. Lögbundin verkefni byggingarfulltrúa, skipulagsfulltrúa og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur tilheyra sviðinu. Árið 2014 markaði ákveðin tímamót því nýtt aðalskipulag til ársins 2030 hefur tekið gildi og er leiðarljós í allri vinnu sviðsins. Þar birtist sá græni þráður sem ber að halda á lofti í stefnumótun jafnt sem framkvæmd og endurspeglast í starfsáætlun fyrir árið 2016. Starfsfólk umhverfis- og skipulagssviðs býr yfir einstakri fagþekkingu í þeim mála flokkum sem sviðið sinnir og gegnir lykilhlutverki í því að gera Reykjavík að enn betri borg.

## Stefnumótun, greining og miðlun

Sviðsstjóri hefur umsjón með stefnumótun á ábyrgðarsviðum USK og tryggir samræmi í málaflokknum innan borgarinnar. Sviðsstjóri er yfirmaður langtímastefnumótunar, þróunar, greiningar, miðlunar og landupplýsinga ásamt stýringu uppbyggingar í gegnum mótun aðalskipulags og svæðisskipulags sem og miðlun upplýsinga um niðurstöður og áherslur stefnumótunar. Staðardagskrá, loftslagsmál, Græn skref, Græna borgin, miðlunarteymi og fleiri verkefni heyra undir sviðsstjóra.

## Landupplýsingar

Landupplýsingar hafa umsjón með öllum gagnagrunnum sem innihalda landtengdar upplýsingar og leggja aðaláherslu á að hafa réttar og lifandi upplýsingar, byggðar á traustum grunni. Öflun, viðhald, úrvinnsla og afgreiðsla landupplýsinga eru aðalverkefni, en deildin ber einnig ábyrgð á stjórn og rekstri landupplýsingakerfis, borgarvefsjár, mælingum og útgáfu mæliblaða.

## Skrifstofa sviðsstjóra

Skrifstofan hefur umsjón með miðlægrri þjónustu, almennri rekstrarþjónustu og stoðþjónustu fyrir sviðið. Skrifstofan ber ábyrgð á þjónustu við umhverfis- og skipulagsráð, stjórnáráð, lögfræðiþjónustu, rekstri sviðsins og stoðþjónustu við aðrar skrifstofur sviðsins. Umsýsla fjármagns vegna samninga um kirkjugarða og þjóðvegi í þéttbýli er á skrifstofu sviðs stjóra. Einnig umsýsla og samskipti við B-hluta fyrirtæki, nefndir og stjórnir.

## Skrifstofa skipulags, bygginga og borgarhönnunar

Skrifstofan ber ábyrgð á skipulagi byggðar, landslags og samgangna út frá samþykktri stefnumörkun, sem og eftirliti með framkvæmd skipulags. Innan hennar eru lögbundin verkefni skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa. Vinna við frumathuganir vegna mannvirkjagerðar fer einnig fram á skrifstofunni, sem og forsagnar- og greiningarvinna. Biðstöðuverkefni falla undir þessa skrifstofu.

## Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Skrifstofan annast stofnframkvæmdir á vegum Reykjavíkurborgar og sér um allt viðhald á eignasafni Reykjavíkurborgar, þ.e. húseignum, samgöngumannvirkjum og opnum svæðum. Skrifstofan gerir kostnaðar- og framvinduáætlanir, sér um útboðsgerð og samninga, stýrir hönnun og framkvæmd verkefna auk þess að hafa eftirlit með verklegum framkvæmdum. Skrifstofan sér einnig um allt viðhald eignanna. Skrifstofan tekur þátt í rekstri fjögurra hverfastöðva í hverfum borgarinnar þar sem fasteignastjórar hafa umsjón með viðhaldi fasteigna og eru í tengslum við notendur.

## Skrifstofa reksturs og umhirðu

Skrifstofan sér um daglegan rekstur og umhirðu borgarlandsins. Undir skrifstofuna tilheyrir rekstur hverfastöðva og verkþækkistöðva garðyrkju ásamt rekstri Ræktunarstöðvar og útmerkur. Meginverkefni eru gróðursetning, grassláttur, vetrarþjónusta, öll almenn hreinsun og umhirða opinna svæða. Undir skrifstofuna heyra að auki framkvæmdaheimildir, götu- og torgsala, förgun bílhræja og eftirlit með umferðarljósum, umferðarskiltum og gatnalýsingu.

## Skrifstofa umhverfisgæða

Á skrifstofunni eru þrjár starfseiningar: náttúra og garðar, umhverfis- og úrgangsstjórnun og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur. Á skrifstofunni fer fram stefnumótun, gerð forathuganna og forsagna varðandi garða, græn svæði, gróður og leiksvæði. Skrifstofa umhverfisgæða sinnir umhverfis- og náttúruvernd og vinnur að umhverfisstjórnun í borginni og rekstri borgarinnar. Grasagarður, Vinnuskóli, Meindýravarnir og sorphirða heyra undir skrifstofuna.

## Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Hlutverk Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er að fara með hollustuhátta-, matvæla- og mengunarvarnar eftirlit í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Þá fer Heilbrigðiseftirlitið með vöktun á borgarumhverfi er varðar m.a. loftgæði, vatnsgæði og vöktun strandsjávar og vatnsverndarsvæðisins. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur einnig eftirlit með hundahaldi í borginni. Það gefur út starfsleyfi fyrir starfsleyfisskyldan atvinnurekstur í borginni og sinnir reglubundnu eftirliti með fyrirtækjum auk eftirlits með íbúðarhúsnæði.



## MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Mikil og hröð uppbygging á sér stað í Reykjavík um þessar mundir. Flest þau verkefni sem lúta að uppbyggingu í borginni fá umfjöllun á umhverfis- og skipulagssviði og er það ábyrgð sviðsins að sjá til þess að þeim markmiðum sem fram koma í aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 sé framfylgt. Sem dæmi um þessi markmið má nefna umhverfis- og auðlindastefnu, stefnu um grænu borgina sem fjallar meðal annars um vistvænar samgöngur og stefnu um gæði í hinu manngerða umhverfi.

Árið 2015 var unnin innleiðingaráætlun aðalskipulags og settir mælikvarðar fyrir umhverfis- og auðlindastefnu sem verður leiðarljósið til næstu ára í allri ákvarðanatöku. Gert er ráð fyrir að stefnumótun vegna aðlögunar að loftslagsbreytingum verði lokið fyrir áramót 2015-2016 og að eftirfylgni, mótun aðgerðaráætlunar og kynningarstarf fari fram árið 2016. Langtíma stefnumótun í úrgangsstjórnun var nýverið samþykkt og fyrstu skref í innleiðingu hennar verða stígin með því að bjóða græna tunnu við heimilin og flokkun glers á grenndarstöðvum. Vistvænar samgöngur eru samofnar þeirri þéttingu byggðar sem eiga mun sér stað í borginni og því mun undirbúningur að gerð „Borgarlínu“ í samvinnu við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu vega þungt á næstu árum sem og framfylgd endurskoðaðrar hjólréiðaáætlunar sem samþykkt verður nú í haust.

Vinna við gerð hverfisskipulags heldur áfram og þannig mun smám saman birtast langtíma stefnumótun fyrir hverfi borgarinnar. Á þeim grundvelli er auðveldara fyrir borgaryfirvöld að taka ákvarðanir um fjárfestingar í hverfunum, og borgarbúa að hafa áhrif forgangsroðun fjárfestinga. Með hverfisskipulagi verður öll stjórnýsla við minniháttar breytingar á eignum og lóðum einfaldari – íbúum til hagsbóta.

Áhersla er lögð á framfylgd húsnæðisstefnu borgarinnar og mun hún birtast víða í vinnu sviðsins. Stærsta uppbyggingarverkefni sem borgin hefur ráðist í er í undirbúningi í Úlfarsárdal og verkefni eins og viðbygging við Klettaskóla og Sundhöll Reykjavíkur halda áfram. Með auknum fjölda ferðamanna eykst álag og rekstur og umhirðu borgarlandsins og áfram verður leitað leiða við að bæta þjónustu án frekari útgjalda. Hafin verður gjaldtaka við útgáfu framkvæmdaheimilda á árinu 2016.

Stofnuð verður verkefnastofa á sviðinu til að bæta verklag og tryggja að verkefni verði unnin með samræmdum hætti þar sem allra hagsmuna er gætt. Mun það krefjast ákveðinnar endurmenntunar og þjálfunar fyrir starfsfólk sviðsins. Nýr þjónustustaðall er á lokametrum og hann verður innleiddur á næsta ári. Það verklag verður vonandi til þess að ánægðum þjónustuþegum fjölgar. Aukin upplýsingagjöf og efling samráðs við borgarbúa er verkefni sem er í stöðugri þróun enda snerta verkefni sviðsins allflest íbúa borgarinnar með einum eða öðrum hætti.


Sjá má fram á mikinn verkefnapunga á komandi árum á sviði umhverfis, skipulags, framkvæmda og reksturs. Fræðsla til starfsfólks sem og áhersla á vellíðan á vinnustað mun skipta öllu máli ef vel á til að takast. Þverfagleg vinna og grænar áherslur munu verða leiðarljós í allri vinnu sviðsins á komandi misserum í öllum störfum. Saman ætlum við að gera góða borg enn betri.

## HELSTU FJÁRHAGSLEGAR BREYTINGAR MILLI ÁRA

Árið 2016 er gert ráð fyrir að rekstrarrámi sviðsins hækki um 556 mkr. Þar er gert ráð fyrir tekjuaukningu upp á 7 mkr. fyrir utan þær gjaldskrár sem eiga að endurspeglar raunkostnað. Þá er einnig gert ráð fyrir að tekjur frá bílastæðasjóði, upp á 50 mkr vegna leigu bílastæða sem er í ramma USK 2015, flytjist til SEA.

Gert er ráð fyrir kostnaðarauka vegna nýrra kjarasamninga og starfsmats upp á 94 mkr. og vegna nýrra stöðugilda um 16 mkr. Þá er gert ráð fyrir kostnaðarauka vegna verðbættra samninga að upphæð 96 mkr. og að innri leiga hækki um 388 mkr, sem er einkum vegna leigu gatna 376 mkr og fasteigna og búnaðar um 12 mkr. Gert er ráð fyrir sömu hagræðingu og árið 2015 eða 80 mkr.

# SKIPTING REKSTAR 2016



## MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

### Aðalskipulag

Helstu verkefni: Breytingar á Aðalskipulaginu 2010-2030 samkvæmt ákvörðunum og stefnu borgaryfirvalda og settum lögum og reglugerðum þar um. Umsagnir og upplýsingamiðlun til umhverfis- og skipulagsráðs, Skipulagsfulltrúa og annarra sviða varðandi samræmi skipulagsáætla og einstakra framkvæmda við stefnu aðalskipulags. Aðkeypt vinna einkum vegna umhverfismats sem fylgir einstökum breytingum.

Endurbætur á vistun og framsetningu aðalskipulagsins, á vefnum, bæði í hefðbundnu vefumhverfi og í Skipulagssjánni og almennt til auðvelda notkun þess. Markmiðið er að auka aðgengi og auðvelda leit að einstökum skipulagsákvæðum eða köflum aðalskipulagsins. Gerð upplýsinga- og leiðbeiningarita um stefnumörkun í völdum málaflokkum aðalskipulagsins er ætluð hagsmunaaðilum, íbúum og fjárfestum. Í samstarfi við deildir og skrifstofur sviðsins verður unnið að gerð gátlista og þróun verklags, sem tryggir að ákvæðum aðalskipulags verði fylgt í hvívetna. Aðkeypt vinna einkum vegna endurbóta á Skipulagssjá og mögulega vegna vefumhverfis aðalskipulags.

Skýrsla um framfylgd aðalskipulagsins 2016, yfirlit helstu verkefna og stöðumat. Mælikvarðar til að meta framfylgd aðalskipulagsins verða þróaðir áfram, jafnhliða því sem gagnagrunnar verða endurbættir og aðrar lykiltölur skilgreindar.

Unnið að áætlanagerð og viðhaldi gagnagrunns um uppbyggingu í borginni, bæði varðandi íbúðir og atvinnuhúsnæði í samstarfi við Skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar (SEA). Áhersla á húsnæðismarkaðinn og mat á núverandi stöðu hans og þróun. Aðkeypt vinna vegna nýrrar húsnæðiskönnunar

Frekari stefnumörkun og úttekt á þróun gistiþjónustu á miðborgarsvæðinu, sem ljúka á við áður en ráðist er í vinnu við hverfisskipulag miðborgar. Aðkeypt vinna vegna sérstakrar úttektar á þróun ferðaþjónustunnar almennt og sérstaklega á miðborgarsvæðinu.

Samstarf við ríkisvaldið, önnur sveitarfélög og erlenda aðila vegna rannsókna, þróunar og stefnumörkunar á sviði skipulags- og húsnæðismála. Kynning og fræðsla á sviði aðal- og svæðisskipulags.

Framfylgd svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og verkefni vegna innleiðingar stefnu þess. Helstu verkefni eru athuganir vegna skilgreiningar almenningsgöngukerfis (Borgarlínur) og á sviði húsnæðismála. Árlegt framlag vegna reksturs svæðisskipulagsskrifstofu höfuðborgarsvæðisins. Mögulegt aukaframlag vegna sérstakra úttekta vegna innleiðingar stefnunnar.

Unnið að lokafrágangi og staðfestingu nýs svæðisskipulags fyrir höfuðborgarsvæðið

## Stefnumótun, greining og miðlun

Gert er ráð fyrir að lokið verði við stefnumótun vegna aðlögunar að loftslagsbreytingum í lok árs 2015 og að eftirfylgni, mótun aðgerðaráætlunar og kynningarstarf fari fram árið 2016. Áfram verður unnið með mælikvarða í umhverfis- og auðlindastefnu Reykjavíkur. Fræðslu og kynningarstarf vegna Grænna skrefa verður haldið áfram á áriðnu 2016 svo og stuðningur við grænt bókhald þátttakenda í Grænum skrefum. Gert er ráð fyrir að verkefni sem tengjast matarsóun verði bætt við í Grænum skrefum í starfsemi Reykjavíkur á árinu 2016.

Árið 2009 náði Reykjavíkurborg þeim góða árangri að vera ein af sex borgum sem kepptu til úrslita um útnefningu til Grænu borgar Evrópu árið 2012. Á þeim tíma var unnin ítarleg umsókn sem fól í sér greinargerð á stöðu umhverfismála í borginni. Á árinu 2016 verður farið yfir þá greinargerð og metið hvort raunhæft sé að setja í starfsáætlun 2017 að lagt verði í vinnu við að sækja aftur um að Reykjavík verði Græn borg Evrópu. Miðlunarteymið metur í samráði við stjórnendur umfang stakra verkefna, hvort sækja þurfi eftir samráði, halda kynningarfund, hvernig haga meggi kynningum og fréttum og hvaða áherslur beri að leggja. Í árslok 2015 verður lokið við fleiri nýrra verkferla, s.s. um Íbúa- og hverfakynningar vegna framkvæmda, verklag skipulagsfulltrúa fyrir kynningarferli deiliskipulagsáætlana í þéttri byggð umfram lagaákvæði og leiðbeiningar um skráningu á rannsóknnum og útgefnu efni á vegum USK, sem unnið verður eftir árið 2016. Haldið verður áfram með fundarröð formanns umhverfis- og skipulagsráðs um þróun og mótun borgarinnar sem hófst seinni hluta ársins 2014. Kynningarbæklingur um starfsáætlun USK 2016 verður gefinn út á netinu.

## Landupplýsingar

Unnið verður við uppfærslu á Skipulagssjánni og samræmingu og samtengingu Borgarvefsjár og Skipulagssjár. Farið verður í gerð göngu- og hjólaleiðanets í LUKR fyrir Reykjavík, en með tilkomu þess verður hægt að framkvæma ýmsar greiningar. Uppbygging og þróun þrívíddarlíkans af borginni mun halda áfram og skoðaðar verða nýjar og einfaldari lausnir við gerð þrívíddarlíkana. Farið verður í skráningu akstursleiða og stoppistöðva á höfuðborgarsvæðinu í LUKR og birtingu þessara upplýsinga í Borgarvefsjánni. Verkefnið verður unnið í samvinnu við Strætó. Haldið verður áfram vinnu við lagfæringar á skráningum lóða í Landskrá fasteigna. Áfram verða þróaðar nýjar lausnir til að safna rauntímagögnum beint í spjaldtölvur og snjallsíma. Hnitsetning eldri lóða mun halda áfram og einnig vinna við gerð heildarskrár yfir lóðir í borginni með upplýsingum um eignarhald lóða og stöðu lóðaleigusamninga. Unnið verður áfram úr eldri vanda sem tengist lóðamarkabreytingum. Þróun þéttingakorts sem sýnir þróunarsvæði í borginni mun halda áfram. Skoðaðir verða möguleikar á nýtingu gagnagrunna LUKR í Smart City verkefninu sem er að fara af stað hjá borginni. Unnið verður við tengingu tunnuskjár sorphirðu við gagnagrunna LUKR og við fasteignaskrá og birtingu upplýsinga í Borgarvefsjánni.

## Mannauðsmál

Mannauðsdeild leggur áherslu á að skapa vettvang fyrir stjórnendur og starfsfólk til að miðla þekkingu og reynslu af árangursríkum verkefnum í kjölfar stofnunar verkefnastofu. Áfram verði unnið að nánari útfærslu fræðslu- og símenntunaráætlun í ljósi mismunandi þarfa ólíkra hópa starfsmanna. Miðlun þekkingar og upplýsinga þvert á einingar sviðsins er hornsteinn árangursríkrar samvinnu. Áhersla verður á umhverfismenntun og eflingu hugvits til grænna verka.

## Skrifstofa sviðsstjóra

Byggingafulltrúi verði kominn með vottað gæðastjórnunarkerfi fyrir árið 2016. Haldið verði áfram með að innleiða gæðastjórnunarkerfi sviðsins, ISO 9001 og lögð verði áhersla á skrifstofuþjónustu sem veitt er í Borgartúni 12-14. Öryggisstjórnunarkerfi, BS 18001, vottað fyrir allt sviðið. Byrjað verði að skoða innleiðingu á nýju kerfi fyrir utanumhald rekstrar- og gæðahandbókar sviðsins.

## Skrifstofa umhverfisgæða

### Heilbrigðiseftirlit

Unnið verður áfram með lögboðin verkefni fyrri ára í samræmi við nauðsynlega forgangsroðun. Áhersla verður á upplýsingamál, vef- og tæknimál. Sameiginleg átaksverkefni ásamt Heilbrigðiseftirlitum sveitarfélaga, Umhverfisstofnun og Matvælastofnun eru nokkur á árinu auk sérstaka árlegra verkefna Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Verkefnin eru m.a.:

Kortlagning á hávaða í umhverfi barna, nýtt áhættumat á mengandi fyrirtækjum, samantekt upplýsinga auk rannsókna úr ákveðnum fyrirtækjaflokkum, kæling matvæla eftir suðu, könnun listeríu í tilbúnum matvælum, fræðsluverkefni um heilsu- og næringarefnisfullrýðingar í matvælum. Vöktun vegna vatnatilskipunar Evrópusambandsins verður á árinu með sérstaka áherslu á Elliðaárnar auk reglubundinna verkefna á vöktun lofts, áa, vatna og strandsjávar. Áfram verður leitað að rangtengingum í fráveitu í samvinnu við Orkuveitu Reykjavíkur.

### Náttúra og garðar

Unnar verða áætlanir fyrir aukna trjárækt og líffræðilega fjölbreytni á slegnum svæðum. Gerð verður áætlun um endurnýjun trjábelta. Tækifæri til borgarþúskaþs verða aukin í samstarfi við íbúa og félagasamtök. Áfram verður unnið að stefnumörkun um græn svæði og áætlun um endurnýjun og viðhald leiksvæða. Lögð verður áhersla á fræðslu um náttúru Reykjavíkur og horft til tækifæra í að efla þátttöku borgarbúa í aðgerðum á sviði náttúruverndar. Áfram verður unnið að kortlagningu ágengra plöntutegunda í borgarlandinu og auknar aðgerðir til að stemma stigu við útbreiðslu þeirra í samstarfi við skrifstofu reksturs og umhirðu. Einnig verða kannaðir möguleikar á endurheimt votlendis. Horft verður til úrlausna við verndun og aukningu líffræðilegrar fjölbreytni við gerð deiliskipulags og hverfisskipulags í samstarfi við skipulagsfulltrúa og skrifstofu framkvæmda. Unnið verður að innleiðingu aðgerðaráætlunar vegna stefnu um líffræðilega fjölbreytni. Meira verður unnið að því að efla fuglalíf tjarnarinnar og rannsóknir á lífríki hennar halda áfram. Fylgst verður með kaninum í borgarlandinu og metin þörf á aðgerðum vegna fjölda þeirra. Hjá meindýravörnum verður farið yfir fyrirkomulag vegna handsömunar katta. Í Grasagarðinum verður áfram haldið úti öflugri fræðslustarfsemi og áhersla verður lögð á að safna safngripum í nýja steinhæð garðsins ásamt eðlilegri endurnýjun safngripa í öðrum safndeildum. Unnið verður að því að efla fjölbreytt starf Vinnuskólans enn frekar.

### Umhverfis- og úrgangsstjórnun

Íbúar verði hvattir til að flokka og skila plasti til endurvinnslu hvort sem er í græna tunnu við heimili eða á grenndar- og endurvinnslustöðvar. Umhverfisstjórnun í rekstri borgarinnar verður eflað enn frekar með innleiðingu græns bókhalds. Íbúar verða hvattir til vistvænni lífshátta og áhersla lögð á að koma í veg fyrir myndun úrgangs. Einnig verður upplýsingagjöf eflað s.s. um heimjarðgerð, þjónustu grenndar- og endurvinnslustöðva og magn og ráðstöfun úrgangs sem íbúar skila til endurvinnslu. Átak verður gert í að auka meðvitund fólks um að ganga vel um borgarumhverfið samhliða hreinsunarátaki á vormánuðum. Áfram verður unnið að uppbyggingu grenndarstöðva s.s. með nýjum gámum, losunaraðferð og fjölgun grenndarstöðva þar sem hægt er að skila gleri. Gerð verður tilraun með endurvinnslu þess glers sem safnast í stað endurnýtingar eins og hingað til. Niðurgröfnum grenndarstöðvum verði komið fyrir á fjölförnum stöðum þar sem byggð er hvað þéttust og landrými takmarkað. Unnar verða tillögur að bættri nýtingu á óvirkum úrgangi. Aðgengi að úrgangsilátum verður bætt í samstarfi við íbúa. Úrgangsflokkun verður komið fyrir á fleiri almenningsvæðum í borgarlandinu.

### Framkvæmdir og viðhald

Áherslur og markmið felast í að gott verklag sé viðhaft við áætlanagerð og framkvæmdir á vegum skrifstofunnar. Ávallt sé gætt hagkvæmni og jafnræði og að fagleg vinnubrögð séu viðhöfð. Upplýsingagjöf og kynningar varðandi framkvæmdir séu skilmerkilega fram settar og að við undirbúning, hönnun og framkvæmd verkefna verði stefnt að vistvænu vottunarferli „BREEAM“. Helstu verkefni á árinu 2016 verða m.a.: Bygging á nýjum leik- og grunnskóla í Úlfarsárdal, viðbyggingar við Klettaskóla og Vesturbæjarskóla, viðbygging og útilaug við Sundhöll Reykjavíkur og endurgerð leik- og grunnskólalóða framhaldið. Breytingar á gatnamótum Geirsgötu og Lækjargötu í tengslum við áframhaldandi uppbyggingu á Hörpureitum og gatnaframkvæmdir á Hlíðarendasvæði. Unnið verður eftir endurnýjaðri hjólreiðaáætlun.

### Rekstur og umhirða borgarlands

Lokið verður við gerð umhirðuáætlana hjá gatnahluta, garðyrkju og þjónustumiðstöð með það að markmiði að auka skilvirkni. Einnig verður áhættumati starfa lokið fyrir starfsemi skrifstofuna. Farið verður yfir hreinsun borgarlandsins með það í huga að auka skilvirkni. Haldið verður áfram að fjárfesta í tækjum vegna umhirðu borgarlandsins svo sem í grasslætti, hreinsun og tækjum fyrir hverfastöðvar en þessi tækjakaup eru nauðsynleg til að skrifstofan geti sinnt hlutverki sínu í samræmi við áætlanir. Haldið verður áfram við að greina ábyrgð á umhirðu, í samvinnu við skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, á um 1400 svæðum innan lóðamarka en vafi hefur leikið á hver sé umhirðuaðili með þessum lóðum. Líkt og undanfarin ár verður áfram unnið að betri skilvirkni starfseminnar og bæta rekstur með breytingum á verklagi þar sem við á. Stefnt er að því að efla

eftirlit með skilyrðum framkvæmdaheimilda á verkstað og starfsemi í kringum útgáfu framkvæmdaheimilda en þetta verkefni hefur vaxið mikið undanfarin ár. Ný gjaldskrá verður lögð á vegna útgáfu framkvæmdaheimilda. Lokið verður við að skilgreina náttúruleg svæði í borgarlandinu til að auka fjölbreytni gróðurs og grænna svæða. Lögð verður áhersla á enn frekara samstarf við aðrar skrifstofur og deildir innan sviðsins.

## **Skipulag, byggingar, borgarhönnun**

### **Byggingarfulltrúi**

Skoðuð verður yfirferð umsóknargagna um byggingarleyfi og umsagnir sem þeim tengjast með hagræðingu í huga. Þekking innan embættisins verður aukin til að koma til móts við kröfur sem lúta að gæðum við gerð mannvirkja og umhverfis. Herða þarf aðgerðir til að knýja á um úrbætur á ásigkomulagi bygginga og umhverfi þeirra í samræmi við gögn og samþykktir auk eftirlits með fyrirkomulagi auglýsingaskilta og gáma í borgarlandinu. Á árinu er stefnt að því að endurskoða gjaldskrá byggingarfulltrúa með það að leiðarljósi að hefja gjaldtöku á liðum þar sem heimildir liggja þegar fyrir, t.a.m. við yfirferð og samþykkt séruppdráttu og eignaskiptayfirlýsinga. Nauðsynlegt er að leita leiða til halda áfram vinnu við að færa fundargerðir byggingarnefnda á tölvutækt form til að tryggja varðveislu þeirra, betri aðgang og færa teikningar embættisins á tölvutækt form og gera aðgengilegar á teikningavef.

### **Frumathuganir mannvirkja**

Unnið verður áfram að bættu verklagi við undirbúning fyrir framkvæmdir á vegum borgarinnar. Tekið verður upp nýtt verklag í samvinnu við verkefnastofu sviðsins. Áfram verður stuðlað að því að ávallt sé unnið faglega og hagkvæmni og jafnræðis gætt í samvinnu við skrifstofu framkvæmda og viðhalds og Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar. Nýbyggingar Reykjavíkurborgar verða umhverfisstofa og hönnun unnin samkvæmt hugmyndafræði BIM (Building Information Modeling) auk þess sem LCC (Life Cost Cycle) greining verði viðhöfð við allar nýbyggingar.

### **Samgöngur**

Áfram verður unnið að framgangi samgöngumála í samræmi við stefnumörkun Reykjavíkurborgar. Unnið er að því að auka hlutfall gangandi, hjólandi og notenda Strætó. Í samræmi við hjóleiðaáætlun verða lagðir hjólastígar og hjólastæðum í Reykjavík verður fjölgað. Merkingar á göngu- og hjólastígum athugaðar sérstaklega. Áfram er unnið að minni notkun nagladekkja.

Forgangur Strætó í borginni verður aukinn og hugað sérstaklega að biðskýlum og aðkomu að þeim. Leiðarkerfi verður endurskoðað. Unnið að stýringu umferðarljósa fyrir forgangsakstur og strætó. Jafnframt unnið að hönnun „Borgarlínu“ í samvinnu við Vegagerðina ofl. Stutt verður við rafbílavæðingu. Aðgengi fyrir fatlað fólk verður bætt í miðborginni.

Umferðarskipulag Kvosar verður endurskoðað, gatnamót Geirsgötu og Kalkofnsvegur færð og umferð á Austurhafnarlóð breytt. Hugað verður sérstaklega að umferð vegna ferðamennsku í borginni. Undirbúningsvinna vegna samgöngumiðstöðvar BSÍ er á dagskrá. Göngu- og hjólastígakort verður uppfært og umferðaröryggismál yfirfarin. Áfram er lögð áhersla á öryggi á gönguleiðum skólabarna. Styrkir til úrbóta í hljóðvistarmálum eru til meðferðar og unnið að hönnun hljóðvarna við stærstu umferðaræðar.

### **Skipulagsfulltrúi**

Vinna við gerð hverfisskipulags heldur áfram árið 2016 samkvæmt verkefnisáætlun og að loknu samráðs- og upplýsingaferli með borgarbúum. Áherslan í öllum skipulagsáætlunum verður á sjálfbærni og visthæfi í samræmi við stefnu aðalskipulags Reykjavíkur. Haldið verður áfram endurskoðun eldri skipulagsáætlana í samvinnu við lóðarhafa sem tekur mið af sögulegu samhengi miðborgarinnar samhliða því að styrkja og efla þá fjölbreyttu starfsemi sem þar er að finna. Einnig verður ráðist í gerð fjölda nýrra deiliskipulagsáætlana víða í borginni í samræmi við uppbyggingaráætlun aðalskipulags og húsnæðisstefnu borgarinnar. Stefnt er að enn öflugri útgáfu á vegum skipulagsfulltrúa á árinu 2016 og er áætlað að upplýsingaritið Borgarsýn komi út að fjórum sinnum á árinu þar sem fjallað er um það sem efst er á baugi á sviði skipulagsmála. Að auki mun embættið leggja enn frekari áherslu á útgáfu- og kynningarmál sem lið í að efla umræðu um skipulagsmál í borginni. Fyrirspurnum og umsóknum til embættisins verður komið á rafrænt form. Í samræmi við húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar mun skipulagsgerð ársins taka mið af aukinni þörf á minni íbúðum miðsvæðis eða litlum leiguíbúðum. Mikil vinna mun tengjast fjölmörgum skipulags- og hugmyndasamkeppnum sem ýmist eru í gangi, í vinnslu eða í bígerð, s.s. rammaskipulagi fyrir Elliðaárvog og Gufunes.

## KYNJUÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN

Á árinu 2015 hefur verið þróað verklag við jafnréttismat við nýjar tillögur við fjárhagsáætlun og fjárfestingaráætlun, sem er ætlað að tryggja að fjallað sé um áhrif aðgerða og veitingu fjármagns til verkefna á kynin, og tryggja þar með réttlátari dreifingu fjármuna borgarinnar. Þá hefur verið gerður verkferill um kyngreind gögn og upplýsingar á sviðinu sem mun efla skráningu og öflun kyngreindra gagna verulega og sjá til þess að allar rannsóknir og göng á vegum sviðsins séu kyngreind. Þetta nýja verklag felur í sér tækifæri til að bæta aðgengi að upplýsingum og þar með upplýsingaflæði á sviðinu. Árið 2015-2016 verður hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar greind með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlanagerðar.

# LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	2012	2013	2014	Útk.spá 2015	Áætlun 2016
<b>Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur</b>					
Útgefin starfsleyfi	325	550	330 (485)	455	550
Tóbakssöluleyfi	29	35	35 (60)	45	30
Skráðir hundar	2.500	2.540	2.550	2.600	2650
Fjöldi eftirlitsferða (- hundaftirlit)	3.713	3.500	4.000	3.300	4500
Fjöldi kvartana (- hundaftirlit)	494	500	500 (500)	570	550
Svifryk (PM10) yfir heilsuverndarmörkum (dagar)	8	8	8	7	<7
<b>Náttúra og garðar</b>					
Skráðir plöntueinstaklingar í Grasagarði	5.657	5.649	5.600	5.600	5.500
Þátttakendur í viðburðum og fræðslu Grasagarðsins	2.368	3.994	3.500	3.500	3.500
Nemendur í Vinnuskólanum	1.830	1.588	1.577	1422	1.485
<b>Sorphirða við heimili</b>					
Fjöldi sorpíláta, blandað sorp [tunnuígildi]	37.311	36.081	35.000	41.100	43.000
Blandað sorp [tonn]	20.702	19.308	18.100	18.500	18.500
Sorpmagn á íbúa [kg/íbúa]	172,9	159	149	149	148
Fjöldi blárra tunna [stk]	4.063	11.284	12.300	12.500	14.000
Pappírs- og pappi í bláar tunnur [tonn]	1118	2.384	3.300	3.500	3.700
Fjöldi grænna tuna (stk)	N/A	N/A	N/A	3.000	5.000
Plast í grænar tunnur (tonn)	N/A	N/A	N/A	50	600
<b>Grenndarstöðvar</b>					
Fjöldi grenndarstöðva	55	56	57	57	57
Pappír og pappi skilað á grenndarst. [tonn]	1.328	1.087	1.000	1200	1.400
Plast skilað á grenndarstöðvar [tonn]	46	41	70	100	150
Gleri skilað á grenndarstöðvar (tonn)	N/A	N/A	N/A	8	40
<b>Endurvinnslustöðvar</b>					
Fjöldi endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu.	7	6	6	6	6
Mótttekið magn úrgangs. [tonn]	35.337	33.318	35000	36.000	37.000
<b>Samgönguskrifstofa</b>					
Umferðaróhöpp með meiðslum	239	227	216	210	210
Fjöldi umferðarljósa	115	114	112	112	112
Fjöldi gangbrautarljósa	34	35	36	37	37
Nagladekkjanotkun (hlutfall)	36	35	33	32	32
Lengd hjólaleiða (stígar, reinar, vísar) (km)	18	23	30	35	40
Sameiginlegir göngu- og hjólastígar (km)	773	775	778	781	786
<b>Skipulagsmál</b>					
Fjöldi kærðra mála	30	25	45	35	40
Fjöldi efnisúrskurða/ þar af vegna ársins	13/17	42044	18/4	42143	20.jún
Frávísuð og staðfest mál	9	4	4	7	4
Ákvarðanir felldar úr gildi	4	1	0	0	2
Fjöldi mála á fundum skipulagsráðs	659	1263	1.048	1.050	1150
<b>Skipulagsfulltrúi</b>					
Fjöldi mála á afgreiðslufundum	1.180	1.532	1.848	1.800	1900
Deiliskipulög auglýst í B-deild stj.tíðinda	57	69	98	100	110
Grenndarkynn. / þar af v. byggingarl.ums.	112/39	130/30	132/54	160/50	175/55

## LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI, FRH.

	2012	2013	2014	Útk.spá 2015	Áætlun 2016
<b>Byggingarfulltrúi</b>					
Samþykktir m3	295.688 (139 .881 íbúðarh.)	663.996 (294.508 íbúðarh.)	530.661 (285.168 íbúðarh.)	650.000 (330.000 íbúðarh.)	700.000
Byggðir m3 (lokið við)	236.637 (73.298 íbúðarh.)	222.309 (137.646 íbúðarh.)	275.214 (147.039 íbúðarh.)	470.000 (300 .000 íbúðarh.)	500.000
Samþykktir m2	76.990 (42.7 88 íbúðarh.)	174.791 (91.572 íbúðarh.)	135.930 (86.807 íbúðarh.)	200.000 (100.000 íbúðarh.)	200.000
Byggðir m2 (lokið við)	56.226 (22.298 íbúðarh.)	75.920 (42.203 íbúðarh.)	52.556 (38.709 íbúðarh.)	120.000 (60. 000 íbúðarh.)	150.000
Fullgerðar íbúðir	141	353	271	400	500
Hafin smíði nýrra íbúða	356	614	597	900	900
Fjöldi úttekta	2.542	2607	3.843	5.000	5.000
Yfirferð uppdráttar	15.942	21.036	27.397	27.500	28.000
Eignask.yfirl., yfirferð / samþykktir	397/163	267/203	277/233	300/200	300/200
Móttekin og afgreidd bréf vegna erinda	15.828	13.835	15.508	16.000	16.500
Fjöldi mála á afgreiðslufundum	2.593	2.950	3.392	3.400	3.500
<b>Rekstur og umhirða</b>					
Bekkir	902	1508	1.550	1508	1.160
Stampar	1.196	1.220	1.300	1.514	1.514
Sláttur - flatarmál (m2)	4145320	4166047	4300000	4300000	4762287
Hitakerfi - flatarmál (m2)	227782	229715	230000	238480	245123
Ljósastaurar	21645	22097	22522	22972	21934
Vetrarþ. gatna. ökulengd (km)	1026	1027	1027	1028	965
Vetrarþ. gönguleiða (km)	771	781	800	773	798
Hreinsun gatna og gönguleiða - flatarmál (m2)	6486520	6518953	6600000	6600000	6600000
Útgefin framkvæmdaheimild	480	681	850	1000	1000
Umferðarljós				117	118
Gangbrautarljós				35	35



# LYKILTÖLUR VEGNA FRAMFYLGD AÐALSKIPULAGS OG UMHVERFIS- OG AUÐLINDASTEFNU SEM TENGJAST STARFSEMI USK

	2012	2013	2014	Útk.spá 2015	Áætlun 2016
Hlutfall þeirra sem ferðast að jafnaði með bíl til vinnu eða skóla	64	67	65	-	
Lengd hjólaleiða (stígar, reinar, vísar) (km)	18	23	30	35	40
Heildarfjöldi ekinna km á einkabílum	NA	NA	NA	-	
<b>Skipulag</b>					
Hlutfall nýbygginga á endurskipulögðum svæðum (brownfield)	NA	NA	90	90	
Ástand friðaðra svæða innan Reykjavíkurborgar (fjöldi rauðmerktra svæða)	NA	NA	0	0	
<b>Umhverfisgæði</b>					
Gæði ómeðhöndlaðs neysluvatns (hlutfall gallaðra sýna)	0,7	0	0	0	
Vatnsgæði strandsjávar: (Fjöldi sýna yfir umhverfismörk fyrir örverumengun í yfirborðsvatni)	2	8	0	0	
Svifryk (PM10) yfir heilsuverndarmörkum (dagar)	8	8	8	7	<7
<b>Loftslagsmál</b>					
Losun gróðurhúsalofttegunda í þúsundum CO2 ígilda í Reykjavík frá bílaumferð, atvinnustarfsemi, flugi, fiskveiðum og siglingum	NA	346430	NA	-	
Hlutfall endurnýjanlegrar og óendurnýjanlegrar orku frá heitu vatni, raforku og samgöngum í Rvk.	NA	NA	NA	-	
<b>Náttúruvernd og útivist</b>					
Hlutfall íbúa sem hafa heimsótt græn svæði	NA	95	94	-	
Fjöldi undirritaðra samninga um grenndarsvæði og/eða grenndarskóg	NA	28	-	-	
Heildarganga lax í Elliðaár	1294	1596	-	-	
Endurheimt laxaseiða í Elliðaám hlutfall	8,4	10,9	-	-	
<b>Neysla og úrgangur</b>					
Sorpmagn á íbúa [kg/íbúa]	172,9	159	149	149	148
Hlutfall endurvinnslu á pappír og pappa	NA	NA	NA	-	
Hlutfall endurvinnslu á plasti	NA	NA	NA	-	
Hlutfall endurvinnslu á lífrænum úrgangi	NA	NA	NA	-	
<b>Rekstur Reykjavíkurborgar</b>					
Fjöldi vinnustaða í Grænum skrefum	62	95	107	115	120

# VELFERÐARSVIÐ

## LEIÐARLIJÓS:

Virðing – virkni – velferð


## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2016

	Áætlun 2016
Þjónustutekjur	1.846.540
Tekjur v. verkefna frá ríki	3.779.278
<b>Tekjur samtals</b>	<b>5.625.818</b>
Laun og launatengd gjöld	11.676.001
Annar rekstrarkostnaður	14.211.867
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>25.887.868</b>
<b>Rekstarniðurstaða</b>	<b>20.262.050</b>

## STARFSFÓLK

	2016
Fjöldi stöðugilda	1.580
Skrifstofur	289
Fjárhagsaðstoð	2
Samn. framl. og styrkir	3
Búsetuúrræði	542
Félagsmiðstöðvar	71
Dagþjónusta	57
Heimaþj. - heimahj.	371
Hjúkrunarheimili	120
Þjónustuíbúðir	54
Stuðningsfj. stuðningsþj. og frekari liðveisla	42
Ýmis úrræði	24
Þróunarverkefni	6

## SKIPURIT



## HLUTVERK

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar fer með ábyrgð á velferðarþjónustu borgarinnar. Í því felst stefnumótun í velferðarmálum, áætlanagerð, framkvæmd og samþætting velferðarþjónustu. Eftirlit í samræmi við lög, reglur, samþykktir og pólitíska stefnu í velferðarmálum, mat á árangri, þróun nýrra úrræða og gerð þjónustusamninga við þriðja aðila. Velferðarsvið vinnur með velferðarráði og barnaverndarnefnd. Framkvæmd velferðarþjónustu fer fram á sex þjónustumiðstöðvum í hverfum borgarinnar og hjá Barnavernd Reykjavíkur. Undir þjónustumiðstöðvar heyrast starfseiningar í hverfum borgarinnar svo sem félagsmiðstöðvar, búsetuúrræði, skammtímaheimili og dagþjónustuúrræði. Lagaskyld verkefni sem Velferðarsvið ber ábyrgð á samkvæmt stjórnskipulagi Reykjavíkurborgar eru m.a.: fjárhagsaðstoð, félagsleg ráðgjöf, sérfræðiþjónusta skóla, húsnæðisaðstoð og búsetuþjónusta, barnavernd, heimahjúkrun, félagsleg heimaþjónusta, matarþjónusta, félagsstarf fyrir aldraða, ferðaþjónusta fatlaðs fólks, stuðningsþjónusta, daggæsluráðgjöf, forvarnir og almenn upplýsingagjöf. Starfseiningar Velferðarsviðs eru rúmlega 120 talsins og er þjónusta veitt allan sólarhringinn á yfir tveimur þriðju þeirra.

## MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Fyrir árið 2016 leggur velferðarráð megináherslu á málefni barna og ungmenna, þar með talið að markvisst verði unnið að forvörnum í þeirra þágu og fjölskyldna þeirra. Áhersla er lögð á stuðning og ráðgjöf við íbúa Reykjavíkurborgar sem standa höllum fæti fjárhagslega og félagslega, stuðning til sjálfshjálpar með áherslu á virkni, valdeflingu og notendasamráð til að koma í veg fyrir að fólk festist í langtímavanda, heimilisleysi eða verði utangarðs í samfélaginu. Jafnframt vill velferðarráð að veittur sé stuðningur og ráðgjöf vegna húsnæðismála til þeirra sem þurfa á stuðningi að halda og/eða eiga við félagslega og fjárhagslega erfiðleika að stríða. Þróun þjónustu við fatlað fólk í takt við framtíðarsýn Reykjavíkurborgar sem og þróun þjónustu við aldraða samkvæmt stefnu í málefnum eldri borgara og til að undirbúa fyrirsjáanlega fjölgun aldraðra á næstu árum. Loks að unnið verði að þróun þjónustu Velferðarsviðs í takt við aukinn fjölbreytileika borgarbúa og auknar kröfur um að þörfum sé mætt á einstaklingsgrunni. Velferðarráð telur í áherslum sínum einnig mikilvægt að stöðugt sé horft til umbóta- og gæðavinnu til að auka hagkvæmni, skilvirkni og fagleg vinnubrögð og að áhersla verði lögð á almenna og rafræna upplýsingagjöf, upplýsingaöryggi og samræðu við almenning m.a. með notkun samfélagsmiðla í samræmi við upplýsingastefnu borgarinnar.

## FJÁRHAGSÁÆTLUN

Fjárhagsáætlun Velferðarsviðs fyrir árið 2016 er unnin með það að leiðarljósi að rúma brýnustu þjónustu sviðsins innan úthlutaðs fjárhagsramma. Úthlutaður fjárhagsrammi árið 2016 byggir á grunni áætlunar 2015 með viðbótum vegna skuldbindandi verkefna, auk þess sem samningsbundnar vísitöluhækkningar eru bættar.


Á árinu 2016 er gert ráð fyrir áframhaldandi vinnu við innleiðingu einstaklingsáætlana í málefnum fatlaðs fólks í samræmi við reglugerð nr. 1054/2010 um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu. Áfram verður unnið með tilraunaverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Fjárhagsaðstoð og húsaleigubætur verða áfram bundnir liðir.

Þrátt fyrir að nokkrar viðbætur hafi fengist í fjárhagsramma má lítið út af bregða í rekstri. Eftir mikið aðhald undanfarin ár er lítið svigrúm í áætlun sviðsins til að mæta breytingum í þjónustupörf innan ársins en eðli velferðarþjónustunnar er síbreytilegt. Þarfir notenda eru ekki alltaf fyrirsjáanlegar og þær geta breyst hratt. Ljóst er því að um leið og Velferðarsvið þarf að sýna verulegt og stöðugt aðhald í rekstri á árinu 2016 verður það viðvarandi áskorun að viðhalda því þjónustustigi sem byggt hefur verið upp. Því er brýnt að starfsfólk Velferðarsviðs í samráði við notendur þjónustunnar leiti nýrra leiða til að veita þjónustu og nýta fjármagn sem best. Óbreyttur rekstur mun ekki geta til framtíðar uppfyllt þarfir íbúa, mætt breyttri hugmyndafræði og fyrirsjáanlegri fjölgun notenda um leið og kröfum um veitingu þjónustu innan fjárheimilda er mætt.

## KYNJUÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN

Á árinu 2016 er gert ráð fyrir áframhaldandi innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlunargerð (KFS) sem tekur mið af stöðu kynjanna í stefnumörkun og áætlunarferlinu. Með aðferðafræði KFS er núverandi staða kynjanna greind og lagðar eru til úrbætur komi í ljós að núverandi framkvæmd þjónustu og dreifing fjárheimilda mæti ekki áherslum um jafnrétti kynjanna. Markmið KFS er að stuðla að aukinni skilvirkni, gagnsæi og betri nýtingu á opinberu fé. Velferðarsvið hefur tekið þátt í innleiðingu á KFS hjá Reykjavíkurborg frá upphafi en innleiðing hófst árið 2011. Síðan þá hafa verið unnin tilraunaverkefni tengd félagsstarfi aldraðra, málefnum utangarðsfólks, fjárhagsaðstoð, þ.e. framfærslustyrk og heimildargreiðslum. Í ár verður unnið að ítarlegri greiningu út frá hugmyndafræði KFS á stuðningsþjónustu.

## SKIPTING FJÁRMAGNS EFTIR ÞJÓNUSTUÞÁTTUM



Fjárhagsáætlun Velferðarsviðs er skipt niður eftir þjónustuþáttum þar sem hver kostnaðarstaður eða einstakt viðfangsefni er skilgreint eftir þeirri þjónustu sem veitt er þvert á rekstrareiningar sviðsins. Með þeirri framsetningu fæst góð yfirsýn yfir fjölbreytta starfsemi sviðsins. Rammi Velferðarsviðs 2016 er 20.262 mkr. Tekjur eru áætlaðar 5.625 mkr, laun og launatengd gjöld 11.676 mkr og annar rekstrarkostnaður 14.211 mkr, þar með talin fjárhagsaðstoð og húsaleigubætur.


Kökuritið hér til hliðar (*mynd 1*) sýnir hlutfallslega skiptingu útgjalda sviðsins niður á samandregna þjónustuþætti. Sjá má að búsetuúrræði vega þar þyngst eða um 20% af áætluðum útgjöldum sviðsins. Annar rekstur kemur þar á eftir með 16%. Til annars reksturs telst m.a. dagþjónusta, stuðningsþjónusta, framleiðslueldhús og fleira. Fjárhagsaðstoð er um 13%. Húsaleigubætur og Heimabjónusta - Heimahjúkrun eru um 12% hvor.

Samanlagður rekstur skrifstofa þjónustumiðstöðva, barnaverndar og skrifstofu Velferðarsviðs er um 11%. Samningar, framlög og styrkir eru 10%. Félagsmiðstöðvar og þjónustuíbúðir 6%.


## SKIPTING FJÁRMAGNS EFTIR STARFSEININGUM

Þegar útgjöldum Velferðarsviðs er skipt upp eftir starfseiningum (*mynd 2*) kemur fram að rúmlega 70% fjármagns fer í gegnum þjónustumiðstöðvar sviðsins.

Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis er með umfangmestu þjónustuna en þangað fer um 20% af fjármagni sviðsins. Til skrifstofu Velferðarsviðs fara um 18% en þar eru meðtaldir samningar vegna málefna fatlaðs fólks. Til reksturs hjúkrunarheimila fara um 5%. Til þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða fara 15%, til þjónustumiðstöðvar Breiðholts fara 12%. Rúm 9% fara til þjónustumiðstöðvar Grafarvogs og Kjalarness, um 8% til þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts og um 7% til þjónustumiðstöð Vesturbæjar. Til Heimabjónustu Reykjavíkur fara 2% fjármagns og umfang Barnaverndar Reykjavíkur er 4%.



## MÁLEFNI FATLAÐS FÓLKS




Þann 1. janúar 2011 bættist málaflokkur fatlaðs fólks við rekstur Velferðarsviðs og ber sviðið ábyrgð á þjónustu við fatlað fólk í Reykjavík og á Seltjarnarnesi. Fjárhagsáætlun ársins 2016 fyrir málaflokkinn er 6.622 mkr. Kökuritið hér til hliðar (*mynd 3*) sýnir hlutfallslega skiptingu útgjalda við málaflokkinn á milli þjónustumiðstöðva Velferðarsviðs. Þjónusta skammtímaheimila fellur undir þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness. Samningur við styrktarfélagið Ás fellur undir skrifstofu sviðsins.

Tekjur fyrir málaflokkinn eru færðar miðlægt með öðrum skatttekjum. Rekstrinum var mjög þröngur stakur sniðinn við yfirfærslu frá ríki til sveitarfélaga og var uppsöfnuð þjónustuþörf og væntingar miklar. Breytingar á lögum og reglugerðum við yfirfærsluna settu auk þess frekari skyldur á sveitarfélögin en verið höfðu á ríkinu.


## TEKJUR OG GJÖLD

Þegar tekjur sviðsins eru skoðaðar (*mynd 4*) má sjá að tekjur húsaleigubóta vega þyngst eða 36%. Tekjur vegna þjónustusamnings um heimahjúkrun eru 25%. Hjúkrunarheimilin Droplaugarstaðir og Seljahlíð eru rekin á daggjöldum frá ríkinu sem vega um 18%. Aðrar tekjur eru þjónustutekjur vegna ýmissa liða svo sem matarþjónustu, félagslegrar heimaþjónustu, dvalargjalda, akstursþjónustu og þjónustugjalda í þjónustuíbúðum aldraðra.

Heildartekjur sviðsins eru áætlaðar um 5.625 mkr. Heildarútgjöld Velferðarsviðs fyrir fjárhagsárið 2016 eru áætluð um 25.887 mkr.



## FJÁRHAGSAÐSTOÐ




Útgjöld til fjárhagsaðstoðar er bundinn liður. Í fjárhagsáætlun ársins 2016 er gert ráð fyrir því að heildarútgjöld verði 3.348 mkr sem er lækkun um 126,3 mkr á milli ára.

Mest er gert ráð fyrir lækkun útgjalda vegna framfærslustyrks eða um 192 mkr. Þá tekur áætlun 2016 mið af áætlaðri fækkun notenda framfærslustyrks árið 2015. Notendur framfærslustyrks voru 2.404 eftir fyrstu sex mánuði ársins 2015 sem er fækkun um 200 eða 7,7% á milli ára. Gert er ráð fyrir hækkingu útgjalda til heimildargreiðslna um 57 mkr. Mynd 5 sýnir hlutfallslega skiptingu útgjalda fjárhagsaðstoðar.

## HÚSALEIGUBÆTUR

Útgjöld til húsaleigubóta er bundinn liður. Í fjárhagsáætlun 2016 er gert ráð fyrir því að heildarútgjöld verði 3.202 mkr. Mótframlag úr Jöfnunarsjóði er áætlað 2.026 mkr. Nettó kostnaður er því áætlaður um 1.175 mkr. sem er lækkun um 82 mkr á milli ára.

Mynd 6 sýnir hlutfallslega skiptingu útgjalda húsaleigubóta. Almennar húsaleigubætur vega þar þyngst eða um 62%. Sérstakar húsaleigubætur vegna félagslegra íbúða vega um 25% og sérstakar húsaleigubætur á almennum markaði eru um 13%. Við ákvörðun fjárheimilda til húsaleigubóta er litið til þróunar á almennum húsaleigumarkaði og stuðst við líkan sem byggir á sögulegum gögnum. Áætlun 2016 gerir ráð fyrir áframhaldandi fjölgun notenda húsaleigubóta.



# MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

## Fjárhagsaðstoð

Á síðustu árum hefur orðið mikil fjölgun viðtakenda fjárhagsaðstoðar og hefur þeim fjölgað um 97% frá árinu 2007. Gripið hefur verið til fjölbreytra ráðstafana á síðast liðnum árum til að auka virkni. Má þar nefna að virkniráðgjafar voru ráðnir í upphafi árs 2010, Atvinnutorg opnaði í febrúar 2012, Stígur þjónusta við atvinnuleitendur var stofnaður í mars 2014, Atvinnumáladeild var stofnuð hjá Reykjavíkurborg árið 2012, Færniteymi með þjónustu fyrir sjúklinga og matsteymið Velvirk hófu starfsemi árið 2014. Sérstök áhersla hefur verið lögð á þjónustu við ungt fólk og þá sem ljúka bótarétti sínum hjá Vinnumálastofnun. Frá árinu 2014 hefur notendum fjárhagsaðstoðar til framfærslu fækkað og má ætla að með minnkandi atvinnuleysi muni þeim halda áfram að fækka.

Við gerð aðgerðaráætlunar árið 2013 var heildarfjöldi viðtakenda fjárhagsaðstoðar til framfærslu 3.350, en á árinu 2007 voru þeir 1.650. Fjöldi viðtakenda fjárhagsaðstoðar til framfærslu árið 2014 var 3.269 en í maí 2015 er fjöldi viðtakenda fjárhagsaðstoðar til framfærslu 1.469. Þegar janúar-ágúst 2014 er borið saman við sama tímabil 2015 hefur fjöldi viðtakenda fækkað um 9%.

Á árinu 2016 er gert ráð fyrir að útgjöld til fjárhagsaðstoðar verði alls 3.384 m.kr. sem er 91 mkr. lækkun frá árinu áður. Á árinu 2016 verður unnið að samræmdu vinnulagi er varðar móttöku og meðferð umsókna um fjárhagsaðstoð. Sérstaklega verður hugað að því að veita enn öflugri þjónustu til þeirra hópa sem ekki hafa náð að fóta sig á vinnumarkaði og þeirra sem eru óvinnufærir með fjárhagsaðstoð. Markvisst skal unnið að gerð einstaklingsáætlana ásamt því að nota viðeigandi matstæki t.d Eigið mat á starfsgetu og ASEBA. Lögð verður áhersla á sértækan stuðning til þeirra sem eru með fjárhagsaðstoð sökum margþættari og langvarandi vanda. Áherslan verður á að vinna út frá verk- og tímaáætlun sem nái ekki til lengri tíma en 6 mánuði í senn. Áhersla verður á valdeflingu, ábyrgð og þátttöku einstaklinga með fjárhagsaðstoð.

## Húsaleigubætur

Íbúar sem leigja íbúðarhúsnæði þar sem þeir eiga lögheimili og eru undir ákveðnum tekjumörkum geta átt rétt á húsaleigubótum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum skv. lögum um húsaleigubætur nr. 138/1997. Alls fengu 8.846 leigutakar í Reykjavík greiddar húsaleigubætur á árinu 2014 og er það fjölgun um 6,4% frá 2013. Þegar tímabilið janúar – ágúst er borið saman fyrir 2014 og 2015 er lækkun notenda 3,5%. Mánaðarleg meðalfjárhæð almennra húsaleigubóta var 24.850 kr. á árinu 2014 en hámarksbætur á mánuði voru 50.000 kr. Mánaðarleg meðalfjárhæð almennra húsaleigubóta hefur lækkað um 1,8% milli ára fyrir tímabilið janúar – ágúst. Áætlun húsaleigubóta fyrir árið 2016 lækkar um 6,5% eða um 82 mkr. nettó.

Samkvæmt frumvarpi félagsmálaráðherra verða húsnæðisbætur teknar upp í stað húsaleigubóta. Í greinargerð með frumvarpinu virðist vera gert ráð fyrir því að sveitarfélög hætti að greiða almennar húsaleigubætur en taki þess í stað alfarið við greiðslu sérstakra húsaleigubóta og allt að 60% framlagi Jöfnunarsjóðs vegna þeirra falli niður. Verði frumvarpið samþykkt felur það í sér að breytingar verða á heildarkostnaði húsaleigubóta í Reykjavík.

## Stuðningsþjónusta

Í stefnu Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum 2013-2023 er lögð áhersla á að fatlað fólk geti lifað sjálfstæðu og innihaldsríku lífi og tekið þátt í samfélaginu. Í ljósi þess verður stefnt að því enn frekar að auka hlutdeild frekari liðveislu í þjónustu til fatlaðs fólks til þess að tryggja að fatlað fólk geti búið á heimili sínu. Öflug stuðningsþjónusta er forsenda þess að fatlað fólk geti búið sjálfstætt á eigin heimili og hafi jöfn tækifæri til samfélagsþátttöku á við aðra. Frá árinu 2012 hefur fjármagn til stuðningsþjónustu hækkað um 38% eða um 182 mkr. Viðbót fékkst í ramma velferðarsviðs 2016 að fjárhæð 150 mkr. Stuðningsþjónusta er veitt skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, barnaverndarlögum, lögum um málefni fatlaðs fólks og reglum Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu. Til stuðningsþjónustu telst félagsleg liðveisla, frekari liðveisla, persónuleg ráðgjöf, tilsjón og stuðningsfjölskyldur, en mismunandi þjónustuþættir eru veittir samkvæmt hverjum lögum fyrir sig.

## LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

		Árið 2014	Esk. 2015	Rammi 2016
<b>Fjárhagsaðstoð</b>				
Heildarupphæð fjárhagsaðstoðar	1)	3.002.087	3.428.156	3.348.021
Fjárhagsaðstoð til framfærslu		2.362.907	2.752.448	2.608.911
Framfærsla vegna náms		273.533	291.427	306.555
Aðrar heimildagreiðslur og átaksverkefni		365.647	384.281	432.554
Fjöldi notenda með fjárhagsaðstoð alls		4.088	3.753	3.665
<b>Húsaleigubætur</b>				
Heildarupphæð		2.099.730	2.279.863	2.141.000
Hlutur Reykjavíkurborgar		671.833	820.751	727.940
Fjöldi heimila		8.846	8.466	7.950
<b>Sérstakar húsaleigubætur á almennum markaði</b>				
Heildarupphæð		342.179	364.219	381.370
Hlutur Reykjavíkurborgar		136.733	145.687	152.548
Fjöldi heimila		1.313	1.305	1.400
<b>Leiguíbúðir í eigu Félagsbústaða</b>				
Fjöldi úthlutana		128	120	120
Fjöldi á biðlista í árslok		827	720	720
Fjöldi íbúða		1.817	1.820	1.820
Sérstakar húsaleigubætur v/íbúða Félagsbústaða - upphæð		646.862	669.925	679.543
Hlutur Reykjavíkurborgar		277.421	291.456	295.304
<b>Þjónustuíbúðir</b>				
Fjöldi úthlutana		83	77	77
Fjöldi á biðlista í árslok		221	190	190
Fjöldi íbúða		373	373	373
<b>Hjúkrunarrými</b>				
Fjöldi hjúkrunarrýma á Droplaugarstöðum		82	82	82
Heildarkostnaður - Droplaugarstaðir		876.953	963.528	993.541
Meðalkostnaður á notað rými á dag		29	32	33
Framlag ríkissjóðs á rými á dag á Droplaugarstöðum		23	25	26
Fjöldi hjúkrunarrýma í Seljahlíð		20	20	20
Heildarkostnaður - Seljahlíð hjúkrunardeild		289.737	262.883	280.949
Meðalkostnaður á notað rými á dag í Seljahlíð		40	36	38
Framlag ríkissjóðs á rými á dag		24	25	27
<b>Heimaþjónusta</b> 2)				
Heildarrekstrarkostnaður í fél. heimaþjónustu (gjöld)		1.703.657	1.718.460	1.710.578
Þar af heildarkostnaður kvöld og helgarþjónusta		244.508	253.820	256.303
Félagsleg heimaþjónusta - fjöldi heimila		3.725	3.725	3.725
Heildarkostnaður heimahjúkrun		1.223.913	1.208.400	1.256.736
Heimahjúkrun - Fjöldi notenda		2.348	2.315	2.315
<b>Stuðningsþjónusta (Liðv. og Tilsj./ persl. ráðgj.)</b>				
Heildarkostnaður		370.458	389.963	374.129
Fjöldi notenda		654	787	787

## LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI, FRH.

	Árið 2014	Esk. 2015	Rammi 2016
<b>Þjónusta við fatlað fólk</b>			
Frekari liðveisla fyrir fatlað fólk - Heildarkostnaður	146.541	155.406	167.213
Stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn - Heildarkostnaður	73.961	83.171	80.452
Stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn - Fjöldi barna	220	217	210
Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) - Heildarkostnaður	222.795	233.082	242.405
Dagþjónusta fyrir fatlað fólk - Heildarkostnaður	261.341	299.700	305.875
Búsetuúrræði - Heildarkostnaður	3) 4.563.959	5.052.796	5.129.431
<b>Matarþjónusta</b>			
Fjöldi notenda með heimsendan mat	920	960	960
Fjöldi heimsendra máltíða	106.634	107.590	107.590
<b>Þjónusta við börn</b>			
Fjöldi barnaverndartil kynninga	4.003	3.683	3.700
Heildarkostnaður við varanlegt fóstur	128.997	121.112	143.520
Fjöldi barna í varanlegu fóstur	119	125	125
Heildarkostnaður við tímab. fóstur og fóstur skv. 84 gr. bvl.	86.293	88.332	97.200
Fjöldi barna í tímab. fóstur og fóstur skv. 84 gr. bvl.	87	90	90
Heildarkostnaður -Stuðningsfjölskyldur	19.152	28.023	28.337
Fjöldi barna - Stuðningsfjölskyldur	89	87	87

Upphæðir eru í þúsundum króna og tekjur ekki meðtaldar. Allar upplýsingar eru á ársgrundvelli nema að annað sé tekið fram.

1) Dregin hefur verið frá endurgreiðsla ríkisins v. erlendra ríkisborgara.

2) Seljahlið meðtalin.

3) Málefni geðfatlaðs fólks fluttust til Reykjavíkurborgar 1.5.2010 en allur málaflokkurinn fluttist yfir 1.1. 2011.



## SKORKORT 2016

Mælikvarðar		Áætlun 2014	Áætlun 2015	Áætlun 2016
<b>Þjónusta</b>				
	Hlutfall notenda sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu í 12 mánuði eða lengur	16%	15%	15%
	Meðalfjöldi mánaða með framfærslustyrk á sl. 12 mánuðum	5,7	5	4,6
	Hlutfall barnafólks sem fær framfærslustyrk og aðstoð skv. gr. 16. a	49%	65%	80%
	Hlutfall notenda sem fær fjárhagsaðstoð og gera samkomulag um félagslega ráðgjöf	37%	40%	80%
	Hlutfall þátttakenda í endurhæfingarúrræðum á vegum Reykjavíkurborgar sem ekki eru með fjárhagsaðstoð til framfærslu 12 mánuðum eftir útskrift	67%	40%	70%
	Hlutfall umsækjanda um félagslegt leiguhúsnæði sem fær sérstakar húsaleigubætur á alm.markaði	22%	26%	28%
	Hlutfall notenda heimaþjónustu sem fær aðra aðstoð en þrif.	37%	37%	37%
	Hlutfall notenda heimaþjónustu sem fær kvöld- og helgarþjónustu	16%	18%	18%
<b>Fjármál</b>				
	Stuðningsþjónusta, rekstur innan fjárheimilda	97%	107%	100%
	Heimaþjónusta, rekstur innan fjárheimilda	103%	102%	100%
	Málaflokkur fatlaðs fólks rekinn innan skilgreindra fjárhags viðmiða	104%	99%	100%
<b>Verklag</b>				
	Hlutfall mála sem skotið er til áfrýjunarnefndar velferðarráðs og eru afgreidd innan 30 daga	62%	70%	70%
	Fjöldi útgefinna ferla í gæðahandbók	-	-	20
	Fjöldi MA nema í starfsþjálfun eða með samkomulag við velferðarsvið um gerð lokaverkefnis			40
<b>Mannauður</b>				
	Hlutfall stm. sem telja hæfni sína vel nýtt í starfi	*	90%	90%
	Hlutfall stm. sem telja að starfsfólk miðli þekkingu sín á milli	*	85%	90%
	Hlutfall stm. sem hafa fengið tækifæri til starfsþróunar og símenntunar á sl. 12 mánuðum	*	80%	85%
	Hlutfall stm. sem hafa farið í starfsþróunarsamtal á sl. 12-15 mánuðum	*	75%	75%
	Hlutfall stm. sem eru ánægðir í starfi þegar á heildina er litið	*	90%	90%
	Hlutfall stm. sem telja sig geta notið sveigjanleika í starfi til að samræma starf og einkalíf	*	85%	85%
	Vinnustaðurinn minn hefur góða ímynd	*	*	80%
	Ég er stolt/ur af vinnustaðnum mínum	*	*	90%
	Veikindahlutfall	*	*	6%


# SKRIFSTOFUR MIÐLÆGRAR STJÓRNSÝSLU

Miðlæg stjórnsýsla Reykjavíkurborgar er staðsett í Ráðhúsi og á Höfðatorgi

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2016

	Áætlun 2016
Rekstrartekjur	1.570.982
<b>Tekjur samtals</b>	<b>1.570.982</b>
Laun og launatengd gjöld	2.426.180
Annar rekstarkostnaður	1.926.768
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>4.352.948</b>
<b>Rekstarniðurstaða</b>	<b>2.781.966</b>

## SKIPURIT



Blátt lín: vaktirar fjárhagsstjórvalts. Helt lín: embættisleg vaktirar. Puntta lín: tengi

## STARFSFÓLK

	2016
Stöðugildi	281
<b>Eftir skrifstofum:</b>	
Skrifst. b.stj.og borgarr.	49,4
Fjármálaskrifstofa	85,0
Skrifst. þjón. og rekstrar	99,3
Mannréttindaskrifstofa	7,6
Skrifst. eigna og atv.þr.	13
Skrifstofa borgarstjórnar	9
Borgarlögmaður	9
Innri endurskoðun	8,7

## HLUTVERK

Miðlæg stjórnsýsla fer með forystuhlutverk í stjórnsýslu og þjónustu Reykjavíkurborgar. Það er hlutverk hennar að fylgja eftir stefnumörkun með upplýsingamiðlun og stoðþjónustu við fagsvið borgarinnar, auk þess að halda uppi virku eftirliti með því að framkvæmd sé í samræmi við markaða stefnu og fjárhagslegar heimildir. Miðlægri stjórnsýslu ber einnig að greiða fyrir lýðræðislegum stjórnarháttum með því að styrkja gagnvirkt upplýsingaflæði milli stjórnenda, sviða og stofnana borgarinnar, íbúa og annarra samráðsaðila.

Miðlæg stjórnsýsla og stoðþjónusta á vegum Reykjavíkurborgar heyrir undir embætti borgarritara, utan skrifstofu borgarstjórnar, skrifstofu borgarlögmanns og innri endurskoðunar

Borgarritari hefur yfirumsjón með fjármálum, hagnálum, innkaupamálum, mannauðsmálum, upplýsingamálum, upplýsingatæknimálum, mannréttindamálum, þjónustumálum og umsýslu eigna og atvinnuþróunar. Undir embætti borgarritara heyra skrifstofa borgarstjóra og borgarritara, fjármálaskrifstofa, skrifstofa þjónustu og reksturs, skrifstofa eigna og atvinnuþróunar og mannréttindaskrifstofa.

# MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

## Breytingar á stöðugildum 2016

Ársverkum fjölgar í miðlægri stjórnýsly um 3,4. Um er að ræða eftirfarandi breytingar:

1. Innri endurskoðun: fjölgun um 2,1 stöðugildi en tekjur koma á móti vegna þjónustu við B-hluta fyrirtæki.
2. Fjármálaskrifstofa: fækkun um 1,1 stöðugildi vegna hagræðingar.
3. Mannréttindaskrifstofa: fjölgun um 1,1 stöðugildi. Í stað aðkeyprar þjónustu var ráðinn starfsmaður vegna fjölgunar verkefna.
4. Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara: fækkun um 3,9 stöðugildi vegna flutnings Atvinnutorgs á velferðarsvið.
5. Skrifstofa þjónustu og rekstrar: fjölgun um 5,2 stöðugildi á upplýsingatæknideild, m.a. vegna breyttrar skráningar á stöðugildum í áætlun.

## Fjárhagsáætlun 2016

Rekstur á miðlægum skrifstofum 2015 var áætlaður 2.765 þ.kr. Endurskoðuð áætlun 2015 er 2.781 þ.kr. Endurskoðuð fjárhagsáætlun á árinu 2015 hefur verið vegna áhrifa kjarasamninga, hagræðingar, flutninga á Atvinnutorgi, 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna og stofnunar öldunga- og fjölmeningarráðs.

Viðbótarfjármagn til miðlegrar skrifstofu í fjárhagsáætlun 2016 helgast helst af eftirfarandi:

1. Kostnaðarmats kjarasamninga 66 mkr.
2. Innri leiga verðbætur 18 mkr.
3. Verðbætur vegna samninga 19 mkr.
4. Upplýsingatæknimiðstöð tilfærslur -26 mkr.
5. Flutningur Atvinnutorgs á velferðarsvið -33 mkr.
6. Hækkun húsgjalda 3 mkr.
7. Hagræðing -30 mkr.

**Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara** hefur yfirumsjón með miðlægri stoðþjónustu og samhæfingu innan stjórnýsly Reykjavíkurborgar. Skrifstofan ber ábyrgð á almennri og sérhæfðri þjónustu við borgarstjóra og borgarritara, annast samskipti við borgarbúa og aðra samráðs- og hagsmunaðila innanlands og utan, annast skipulagningu viðburða ásamt því að hafa yfirumsjón með ýmsum átaks- og þróunarverkefnum sem ganga þvert á borgarkerfið, sem og fjármálastjórnun í miðlægri stjórnýsly. Íbúalýðræðismál eru vistuð á skrifstofunni auk þess sem erindreki gagnsæis og samráðs er starfsmaður á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Meginhlutverk erindreka er þjónusta við stjórnkerfis- og lýðræðisráð auk annarra verkefna sem stuðla að auknu gagnsæi og samráði í stjórnýsly Reykjavíkurborgar.

Undir skrifstofu borgarstjóra og borgarritara heyra upplýsinga- og vefdeild, mannauðsdeild, tölfraeði og greining og borgarskjalasafn.

**Upplýsinga- og vefdeild** heldur utan um og ber ábyrgð á upplýsingamiðlun Reykjavíkurborgar. Deildin ritstýrir og ber ábyrgð á vefsvæðum borgarinnar. Þá heldur deildin úti samfélagsmiðlun fyrir borgina, m.a. á facebook og twitter. Deildin sér um fréttaskrif borgarinnar, útbýr fréttatilkynningar til fjölmiðla og svarar fjölmiðlafyrirspurnum þvert á borgarkerfið. Hún heldur utan um móttöku erlendra fjölmiðlamanna og er ráðgefandi fyrir fagsvið og skrifstofur borgarinnar varðandi samskipti við fjölmiðla, útgáfumál, auglýsingamál, kynningarherferðir og fundaherferðir.

**Mannauðsdeild** hefur yfirumsjón með mannauðsmálum Reykjavíkurborgar. Hún leiðir stefnumótun í mannauðsmálum Reykjavíkurborgar og ber ábyrgð á samræmdri framkvæmd starfsmannastefnu. Deildin veitir ráðgjöf til borgaryfirvalda í mannauðs- og atvinnumálum. Deildin kemur að gerð kjarasamninga, ber ábyrgð á framkvæmd launasetningar, þar á meðal starfsmatsins, og hefur umsjón með atvinnumálum, þar með talið með sumarstörfum og ráðningum vegna atvinnuverkefna. Deildin fer með mannauðsþjónustu fyrir miðlæga stjórnýsly í Ráðhúsi.

**Tölfraeði og greining** ber ábyrgð á greiningu og birtingu tölfraeðilegra upplýsinga, þróun mælikvarða og samræmdri miðlun stefnu, gæða og árangurs í umhverfis- samfélags- og efnahagsmálum. Þá sinnir deildin þróun og uppfærslu á Árbók

Reykjavíkurborgar og verkefnum tengdum grænu hagkerfi. Deildin vinnur að þróun stjórnendaupplýsinga í samstarfi við fjármálaskrifstofu og fagsvið.

**Borgarskjalasafn** mótar og setur reglur um skjalastjórn borgarstofnana og fyrirtækja í meirihlutaeign borginnar og hefur eftirlit með skjalastjórn þeirra. Safnið tekur við eldri skjölum stofnana borgarinnar og einkaaðila til varðveislu og veitir aðgang að þeim.

**Fjármálaskrifstofa** hefur yfirumsjón með fjármálastjórn Reykjavíkurborgar. Skrifstofan hefur snertifleti við alla þætti rekstrar A-hluta borgarsjóðs og veitir stjórnendum upplýsingar, stuðning og aðhald. Fjármálaskrifstofa ber ábyrgð á skipulagi og vinnslu fjárhagsáætlunar A-hluta og samstæðunnar, hefur á hendi innra fjárhagslegt eftirlit, metur áhættur í rekstrarumhverfi A-hluta og veitir borgarstjóra og borgarráði upplýsingar um rekstur, sjóðsstreymi, stöðu eigna og skulda og aðra þætti sem geta haft áhrif á rekstur til lengri og skemmri tíma. Þá annast skrifstofan bókhald, uppgjör og uppsetningu ársreiknings A-hluta og samstæðu og fer með fjárreiðu- og eignastýringu, þ.m.t. lána- og lausafjárstýringu, utanumhald um innkaupakort, álagningu og innheimtu fasteignagjalda, auk greiðslu reikninga. Fjármálaskrifstofa annast skil virðisaukaskatts og fjármagnstekjuskatts til ríkissjóðs. Fjármálaskrifstofa hefur yfirumsjón með innkaupamálum, ber ábyrgð á ráðgjöf á sviði innkaupamála, þjónustu við innkauparáð, framkvæmd innkaupa og útboðsmála ásamt verðkönnunum. Skrifstofan hefur eftirlit með innkaupum A-hluta. Þá hefur skrifstofan á hendi útreikninga og afgreiðslu launa og launatengdra gjalda, hefur eftirlit með launaþróun og framkvæmd kjarasamninga. Skrifstofan ber ábyrgð á túlkun kjarasamninga og vinnuréttar og fer með fyrirsvar þeirra mála gagnvart viðsemjendum og aðilum vinnumarkaðar, auk þess að sinna ráðgjöf á sviði vinnuréttar og kjarasamninga. Fjármálaskrifstofa hefur umsjón með fjárhagsbókhaldskerfi, uppgjör- og skuldabréfakerfi og mannauðskerfi borgarinnar.

**Skrifstofa þjónustu og reksturs** hefur yfirumsjón með og annast samræmingu á þjónustu borgarinnar, sérstaklega rafrænni þjónustu, þjónustu í framlínu og upplýsingatæknimálum borgarinnar. Skrifstofa þjónustu og reksturs skiptist í þrjár deildir: skjaladeild, upplýsingatæknideild og þjónustudeild.

**Skjaladeild** hefur umsjón með skjalamálum miðlægrar stjórnsýslu og sviða sem hafa aðsetur í Borgartúni 12 – 14. Þar er jafnframt ábyrgð á faglegri þróun hópvinnu- og skjalavistunarkerfisins GoPro hjá Reykjavíkurborg.

**Upplýsingatæknideild** (UTD) ber ábyrgð á rekstri tölvubúnaðar, tæknilegu þróunarstarfi, hugbúnaðarþróun, samskiptum og samningum við birgja á sviði upplýsingatækni. Deildin er jafnframt ráðgefandi fyrir starfseiningar borgarinnar um tæknileg málefni og leggur vaxandi áherslu á faglega stýringu verkefna á sviði upplýsingatækni.

**Þjónustudeild** er ráðgefandi um þjónustumál og gegnir samræmingarhlutverki á sviði framlínuþjónustu hjá borginni. Deildin annast rekstur þjónustuvera Reykjavíkur, rekstur fjögurra stjórnsýsluhúsa borgarinnar og mötuneytis Höfðatorgs. Þjónustuver Reykjavíkurborgar sinnir móttöku gesta og erinda á Höfðatorgi, ásamt símsvörum, vöktun upplýsinganetfangs borgarinnar og úrvinnslu fyrir flest fagsvið og skrifstofur. Rekstur og þróun Rafrænnar Reykjavíkur (Mínar síður) heyrir undir þjónustudeild, en deildin leitar til UTD um umönnun allrar tæknilegrar vinnu sem lýtur að þjónustu. Rekstur stjórnsýsluhúsa felur í sér ábyrgð á daglegum rekstri þeirra, starfsemi öryggis- og húsvarða ásamt rekstri mötuneyta í Ráðhúsi og Höfðatorgi.

**Mannréttindaskrifstofa** framfylgir mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og tryggir að borgarbúum sé ekki mismunað vegna uppruna, litarháttar, trúarbragða, aldurs, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu. Skrifstofan vinnur með mannréttindaráði Reykjavíkurborgar og fylgir eftir ákvörðunum þess. Einnig fylgir mannréttindaskrifstofa eftir stefnumótun innan málaflokksins í samvinnu við ráðið og eflir samráð innan og utan borgarinnar í þeim málaflokkum sem stefnan nær til.

**Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar** fer með málefni eignasjóðs og gerir tillögur til borgarráðs. Skrifstofan leiðir vinnu við fjárfestingaáætlun, lánsfjáráætlun og fjárfstýringu í samráði við fjármálaskrifstofu og fagsviðin. Hún gerir áætlanir um kaup og sölu eigna og eignfærðs lausafjár í samstarfi við fagsviðin og ber ábyrgð á gerð viðhaldsáætlunar eignasafns borgarinnar. Þá hefur skrifstofan það hlutverk að fylgja eftir atvinnustefnu Reykjavíkur, Skapandi borg, og vinna að atvinnuþróun, m.a. með samhæfingu skipulags, lóðaúthlutana, framkvæmda og fjárfestinga. Skrifstofan sér um markaðssetningu og þróun lands í samræmi við atvinnustefnu borgarinnar og aðalskipulag og í samráði og samvinnu við fagsvið borgarinnar. Samstarf er við önnur sveitarfélög, einkum innan SSH, og fyrirtæki borgarinnar, ríkið (Íslandsstofu) og einkaaðila vegna markaðssetningar á landi og atvinnuþróunar. Skrifstofan vinnur að gerð úthlutunarskilmála og sér um lóðaúthlutanir í samræmi við atvinnustefnu

og aðalskipulag. Hún vinnur með aðilum sem tengjast nýsköpun, þróun og/eða Eignasjóði Reykjavíkurborgar, leiðir verkefni tengd miðborginni og tekur þátt í þróunarverkefnum til að efla miðborgina, bæta samkeppnisstöðu hennar og fjölbreytileika.

**Skrifstofa borgarstjórnar** fer með umsýslu fyrir borgarstjórn, borgarráð og forsætisnefnd, sem og ýmsar aðrar nefndir. Skrifstofan heldur utan um og ber ábyrgð á þjónustu við borgarfulltrúa og aðra kjörna fulltrúa í nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar. Hún veitir kjörnum fulltrúum lögfræðilega ráðgjöf, fræðslu og hefur umsjón með kjörum þeirra og starfsaðstöðu. Einnig veitir skrifstofan nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar, sem og starfsmönnum þeirra, ýmsa ráðgjöf, s.s. lögfræðilega ráðgjöf á sviði fundarskapa og stjórnkerfis Reykjavíkurborgar. Ábyrgð á að samþykktir um stjórn borgarinnar og samþykktir fyrir einstök ráð og nefndir séu í samræmi við lög og reglur er hjá skrifstofunni, auk þess sem hún annast framkvæmd allra almennra kosninga í Reykjavík. Þá er undirbúningur og meðferð umsagna borgarráðs um rekstrarleyfi veitingastaða á verksviði skrifstofunnar, sem og erlend samskipti borgarstjórnar. Embætti umboðsmanns borgarbúa er vistað á skrifstofu borgarstjórnar. Skrifstofan sér um birtingu fundargagna og fundargerða borgarstjórnar og borgarráðs, auk beinna útsendinga af fundum borgarstjórnar og vistun og birtingu umræðna á netinu. Þá ber að nefna miðlægt utanumhald og umsýslu styrkumsókna Reykjavíkurborgar.

**Borgarlögmaður** fer með fyrirvar fyrir Reykjavíkurborg og stofnanir hennar varðandi lögfræðileg málefni. Í því felst m.a. málflytningur og önnur réttargæsla og ýmis samningagerð fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Borgarlögmaður ber ábyrgð á lögfræðilegri ráðgjöf, álitserðum og umsögnum til borgarráðs, borgarstjóra, fagsviða og stofnana Reykjavíkurborgar.

**Innri endurskoðun** er sjálfstæð og óháð skrifstofa sem starfar í umboði borgarráðs Reykjavíkurborgar. Hlutverk innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar er að veita óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf sem er ætlað að vera virðisaukandi og bæta rekstur Reykjavíkurborgar og fyrirtækja og stofnana hennar. Skrifstofan er borgarráði, borgarstjóra og öðrum stjórnendum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um mál sem lúta að innri endurskoðun, meðferð og nýtingu fjármuna Reykjavíkurborgar. Hún annast innri endurskoðun hjá A-hluta borgarsjóðs og samkvæmt samkomulagi hjá fyrirtækjum innan B-hluta. Meginviðfangsefni innri endurskoðunar er leggja mat á og bæta virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnarháttá með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum.

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar er undirnefnd borgarráðs og fer yfir og samþykkir innri endurskoðunaráætlun innri endurskoðunar. Við val og forgangsroðun verkefna er byggt á mati á áhættu í starfsemi Reykjavíkurborgar hverju sinni og hugsanlegum ávinningi sem ætla má að leiði af hverju verkefni fyrir sig. Við gerð innri endurskoðunaráætlunar er haft samráð við kjörna fulltrúa, stjórnendur borgarinnar og endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar.

## MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

### Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Á árinu 2016 mun skrifstofan halda áfram þeirri vinnu sem hófst á árinu 2015 og leggja áherslu á umbóta- og þróunarverkefni sem stuðla m.a. að samhæfðu og samræmdu vinnulagi. Lokið verður við endurskoðun verkferla skrifstofunnar og áhersla lögð á að kynna fagsviðum starfsemi og þjónustu skrifstofunnar. Lögð verður áhersla á samræmingu og samstarf við fagsvið og miðlæga stjórnarsýslu á þeim sviðum sem skrifstofan starfar.

**Alþjóðasamskipti:** Lögð er áhersla á samstarf skrifstofunnar við fagsvið á sviði alþjóðamála. Alþjóðafulltrúi leitast við að hafa yfirsýn og veita ráðgjöf til fagsviða um alþjóðamál. Leitast verður við að efla samráðsvettvang sviða borgarinnar í alþjóðamálum.

Þjónusta við stjórnkerfis og lýðræðisráð: Utanumhald funda, fundarritun, móttaka erinda og afgreiðsla þeirra. Gagnaöflun og undirbúningur fyrir afgreiðslu erinda. Gerð starfsáætlunar og tillagna í frumvarp að fjárhagsáætlun vegna verkefna sem undir stjórnkerfis- og lýðræðisráð heyrar.

Íbúasamráð og gagnsæi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara hefur umsjón með verkefnum sem snúa að íbúasamráði og íbúalýðræði. Áhersla verður lögð á að auka gagnsæi og samráð við íbúa og hagsmunaaðila. Unnið verður að almennu opnu samráðsferli fyrir stefnumótun á vegum Reykjavíkurborgar sambærilegu því sem viðhaft var við vinnslu upplýsingastefnu Reykjavíkurborgar á fyrri hluta árs 2015. Megináhersla í lýðræðismálum á árinu 2016 verður á endurskoðun á verkefnum Betri hverfi og Betri Reykjavík. Megináhersla í gagnsæismálum á árinu 2016 verður á miðlun fjárhagsgagna Reykjavíkurborgar, á aðgengi að opnum gögnum (open data) frá öllum sviðum borgarinnar, eftirfylgni með nýrri upplýsingastefnu og

aðgerðaráætlun hennar, gerð verklagsreglna um meðferð persónuupplýsinga og gangsetning á nýju fundargerðakerfi fyrir ráð borgarinnar. Skrifstofan ber ábyrgð á þjónustu við stjórnkerfis- og lýðræðisráð og kemur að uppbyggingu þeirra málaflokka sem undir það heyra.

Lýðheilsuáætlun: Lögð verður áhersla á að styrkja faglegan grundvöll stefnumótunar og aðgerða er varða lýðheilsu í Reykjavík og vinna markvisst að heilsuefningu og aukinni lýðheilsu með áherslu á heilsuefandi samfélag, heilsuefandi hverfi, heilsuefandi skóla og aukinn jöfnuð.

**Stjórnendaupplýsingar:** Á árinu 2016 er gert ráð fyrir vinnu við áframhaldandi innleiðingu hugbúnaðar fyrir stjórnendaupplýsingar og mælaborð borgarstjóra.

**Græn hagstjórn:** Búast má við auknum verkefnum í framhaldi af greiningu á umfangi græns hagkerfis í Reykjavík og má þar nefna þróun árangursmiðlunar með áframhaldandi skoðun á miðlunarmöguleikum fyrir Reykjavíkurborg.

## Vefþjónusta og upplýsingamáli

**Upplýsingamiðlun:** Á árinu 2016 verður megináhersla á að viðhalda og efla upplýsingamiðlun Reykjavíkurborgar samkvæmt nýsamþykktri upplýsingastefnu sem lögð verður áhersla á að innleiða á árinu. Áfram verður unnið að því að efla tengsl við svið borgarinnar, m.a. með viðveru upplýsingafulltrúa deildarinnar á sviðunum, til að bæta þjónustu við borgarkerfið og upplýsingagjöf til borgarbúa. Deildin vinnur fréttatilkynningar og fréttir af starfsemi Reykjavíkurborgar í samstarfi við starfsfólk fagsviða og skrifstofa og birtir á vef Reykjavíkurborgar, á samfélagsmiðlum og sendir til fjölmiðla. Samfélagsmiðlar eru sífellt að verða mikilvægari til að miðla upplýsingum og í samskiptum við íbúa og gesti borgarinnar. Haldið verður áfram að efla Facebook síðu borgarinnar þar sem fluttar eru fréttir af fjölbreyttri starfsemi Reykjavíkurborgar auk þess sem haldið er utan um twitter síðuna @reykjavik. Flestar fjölmiðlafyrirspurnir sem berast borginni fara í gegnum upplýsingafulltrúa deildarinnar sem svara eða aðstoða við svörin í samstarfi við starfsfólk fagsviða.

**Vefþróun og viðhald vefja Reykjavíkurborgar:** Deildin sér um að þróa vefi Reykjavíkurborgar áfram, viðhalda þeim og uppfæra eftir þörfum og sinna kennslu og þjálfun starfsfólks í vefmálum. Vefurinn reykjavik.is verður endurskoðaður og hann uppfærður í samræmi við reynslu af notkun hans, þarfagreiningu og greiningu á notendaupplifun. Unnið verður að því að efla nýjan innri vef Reykjavíkurborgar og innri upplýsingamiðlun. Þá er unnið að því að uppfæra enskan vef sem á að nýttast bæði gestum, fjárfestum og innflytjendum til Reykjavíkur og verður haldið áfram að efla þann vef og miðlun á honum.

## Mannauðsmáli

Lögð er áhersla á áframhaldandi uppbyggingu mannauðsmála hjá Reykjavíkurborg með það að markmiði að starfsfólk borgarinnar búi yfir þeirri hæfni og færni sem þarf til að veita faglega og góða þjónustu. Aukin áhersla verður lögð á mannauðsþjónustu við miðlæga stjórnsýslu, en deildin mun hafa starfsaðstöðu bæði í Ráðhúsi og á Höfðatorgi. Sérstök áhersla verður lögð á þjálfun og aukinn stuðning við stjórnendur í daglegri framkvæmd mannauðsmála. Rík áhersla verður á stöðugt og gott samstarf við stjórnendur og mannauðsþjónustur fagsviða með það að markmiði að auka skilvirkni og gæði þjónustunnar og leggja grunn að góðri vinnustaðarmenningu.

**Vinnuumhverfismáli:** Áfram verður unnið að innleiðingu á viðveru- og heilsustefnu Reykjavíkurborgar. Þá verður ný stefna gegn einelti og áreitni innleidd og lögð verður áhersla á jákvæð samskipti í tengslum við þá vinnu.

**Launasetning og starfsmat:** Áfram verður unnið að því að treysta og efla starfsmatið. Áformað er að í árslok 2016 verði lokið umbótaferlinu sem hófst í upphafi árs 2014 með endurskoðun á starfsmatskerfinu.

**Fræðslumáli:** Áhersla verður lögð á að innleiða öflugra stjórnendabjálfun. Þá er áformað að settur verði á fót sérstakur stjórnendaskóli þar sem áhersla verður lögð á fræðslu í tengslum við opinbera stjórnsýslu, mannauðs- og fjármál. Þá verði lögð áhersla á gerð starfsþróunaráætlana og starfslýsinga.

**Jafnréttismáli:** Sérstök áhersla verður lögð á vinnu í jafnréttismálum í samræmi við jafnréttisáætlun og áfram verður lögð áhersla á aðgerðir gegn kynbundnum launamun.

**Mannauðs- og launakerfi:** Mannauðsdeild vinnur að innleiðingu mannauðs- og launakerfis í samvinnu við kjaradeild, fjármálaskrifstofu. Innleiðing á mannauðshluta kerfisins mun fara fram í á árinu 2016.

**Atvinnumál:** Áfram verður unnið að atvinnuverkefnum innan borgarkerfisins með það að leiðarljósi að auka atvinnuhæfni einstaklinga sem taka þátt og draga þannig úr útgjöldum til fjárhagsaðstoðar.

## Eftirlit með skjalastjórnun

Áhersla Borgarskjalasafns verður á skjalastjórn stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar og eftirliti með þeim.

**Skjalastjórn:** Haldið verður áfram vinnu við yfirferð skjalavistunaráætlana og unnið með skjalastjórum sviða í að efla samræmingu í skjalastjórn og auka skilning á mikilvægi skjalastjórnunar. Áherslan verður á skjalamál leikskóla borgarinnar, frístundaheimili og velferðarsvið og undirstofnanir þess. Áfram verður unnið að undirbúningi fyrir langtíamavarðveislu rafrænna skjala og gagnakerfa og mótun og framkvæmd aðgerðaáætlunar um skjalamál hjá Reykjavíkurborg.

Áfram verður samstarf við önnur héraðsskjalasöfn um skjalastjórn aðila sveitarfélaganna og söfnun einkaskjalasafna og sérstaklega leitað eftir söfnum hópa sem á hallar, eins og kvenna og innflytjenda. Þá verður unnið að undirbúningi þess að færa vef Borgarskjalasafns yfir í nýtt vefumhverfi og auka miðlun skjala á vef safnsins.

**Þjónusta við viðskiptavini:** Forsenda þess að gera skjöl aðgengileg öllum er góð skráning. Skjöl eru skráð sem fyrst eftir móttöku og skjalaskrár gerðar aðgengilegar á vef. Reynt er einnig að miðla skönnuðum skjölum á vef, eftir því sem mannaflí leyfir, en þjónusta safnsins fer fram í gegnum síma, tölvupóst og vef, auk þess sem stöðug aðsókn er á lestrarsal safnsins.

## Fjármálaskrifstofa

Fjármálaskrifstofa hefur unnið og lagt fram í borgarráði drög að fjármálastefnu og fjármálareglum fyrir A-hluta Reykjavíkurborgar sem miðar að því að móta fjármálastjórn borgarinnar til næstu ára. Drögin eru í kynningar- og rýningarferli.

**Áætlun, greiningar og eftirlit:** Fjármálastjórn Reykjavíkurborgar skal byggjast á árangursstjórnun og grundvölluð á rammastjórnun. Árangursstjórnun felur í sér að setja þarf markmið og árangursmælikvarða um fjármál og þjónustu og koma á reglubundnum mælingum og eftirfylgni. Þá skal fjárhagsáætlunargerð byggð á aðferðafræði kynjaðrar fjárhagsáætlunargerðar. Árið 2016 verður lögð áhersla á að skerpa á verklagi og eftirliti sem tekur mið af stefnumörkun og samþykktum í þeim efnunum.

**Upplýsingakerfi:** Fjármálaskrifstofa þarf að hafa aðgengi að öflugum upplýsingakerfum til þess að hafa ávallt áreiðanlegar og tímanlegar upplýsingar vegna stefnumótunar, áætlunar, innkaupa, uppgjöra og eftirlits.

Unnið er að því að auka aðgengi að stjórnendaupplýsingum og bæta framsetningu þeirra, auk þess að bæta samantekt á lykiltölum og þróun mælikvarða fyrir yfirstjórn borgarinnar. Þá er unnið að því að auka rafrænt aðgengi íbúa, kjörinna fulltrúa og stjórnenda á lýsandi fjárhagslegum upplýsingum, kennitölum og lykiltalnageiningum.

Áætlað er að innleiða nýjan hugbúnað, Unit4-Consolidation&Cash, til að halda utan um samstæðuuppgjör og samstæðuáætlun borgarinnar með það að markmiði að bæta verklag og auka áreiðanleika við upplýsingagjöf og samantekt gagna.

Gert er ráð fyrir uppfærslu fjárhagsupplýsingakerfisins Agresso á árinu 2016.

**Áhættumat:** Unnið er að tillögu um fjármálalega áhættustefnu Reykjavíkurborgar. Útfæra þarf verklag og verkferla vegna fjármálalegrar áhættustýringar á grundvelli væntanlegrar fjármála- og áhættustefnu. Í því felst að efla innra eftirlitskerfi, rýna og bæta verklag og verkferla, skilgreina áhættumælikvarða og mikilvæga eftirlitsstaði á sviði áætlunar, fjárstýringar og uppgjöra og tryggja reglubundna vöktun þeirra.

**Uppgjör:** Unnið er að umbótum á verklagi í samræmi við greiningu verkferla og aðgerðaráætlun um umbætur. Innleiðing á nýju uppgjörskerfi fyrir samstæðu Reykjavíkurborgar verður meðal helstu verkefna næsta árið.

**Bókhald:** Áfram verður unnið að umbótum í verkferlum sem taka mið af vel heppnaðri innleiðingu á rafrænum reikningum hjá Reykjavíkurborg. Unnið verður að einföldun og hagræðingu í verkferlum og innlestri gagna í fjárhagskerfi borgarinnar frá öðrum kerfum. Stefnt er að því að auka hlut rafrænna reikninga frá birgjum enn frekar og gert er ráð fyrir allir birgjar sem borgin er í reglubundnum viðskiptum við sendi einungis rafræna reikninga á næstu árum. Gert er ráð fyrir að fjárhagsupplýsingakerfið Agresso verði uppfært á árinu 2016. Að uppfærslu lokinni er gert ráð fyrir að ýmsar nýjungar verði skoðaðar, s.s. innkaupakerfi í samráði við innkaupadeild.

**Fjárstýring:** Áhersla verður á skilvirka lána- og lausafjárstýringu sem miðar að því að Reykjavíkurborg hafi gott aðgengi að nægu lausu fé til að standa við skuldbindingar borgarsjóðs. Áhersla verður á að setja skýra mælikvarða um árangur og fylgja þeim eftir með skýrslugjöf í samræmi við nýja fjárstýringarstefnu Reykjavíkurborgar og fjárstýringarreglur.

Gert er ráð fyrir að ljúka vinnu við rýningu og skráningu verkferla, gerð verklagsreglna og leiðbeininga. Unnið er að því að einfalda ferla, auka skilvirkni, hagkvæmni og fagmennsku og ná enn frekari árangri í því á árinu 2016. Unnið verður að þróun veflausna í Rafrænni Reykjavík fyrir viðskiptamenn og birgja Reykjavíkurborgar í samvinnu við upplýsingatæknideild.

**Innkaupamál:** Unnið er að stefnumótun í innkaupaferlum sem miðar að innleiðingu stefnumiðaðra innkaupa. Fjármálaskrifstofa er leiðandi í þeirri vinnu en nauðsynlegt er að allt borgarkerfið taki þátt í mótun hennar og innleiðingu. Markviss stýring innkaupa er eitt af mikilvægustu tækjum sem Reykjavíkurborg hefur til að lækka aðfangakostnað og tryggja umbeðin gæði. Stýringin nýtist til að tryggja gegnsæi, jafnræði og hagkvæmni í meðferð á skattfé.

Reglubundið eftirlit með innkaupum er mikilvægur hlekkur í því að veita aðhald í innkaupamálum en innkaup eru einn helsti áhættuþáttur varðandi misferli í opinberum rekstri. Innkaupadeild hefur sett fram eftirlitsáætlun sem ætlað er að tryggja innkaupafólki og öðrum þeim sem taka ákvarðanir um fjárútlát strangt aðhald í meðferð fjármuna.

Áfram verður unnið að undirbúningi innleiðingar rafrænna innkaupa og áhersla lögð á að gera útboðsgögn aðgengileg á vef fyrir bjóðendur.

**Kjaramál:** Gert er ráð fyrir að kjarasamningar við stéttarfélög til lengri tíma verði í höfn í lok árs 2015. Um áramótin verður tekið í notkun nýtt mannauðs- og launakerfi, SAP, og verður lögð áhersla á að bæta verklag, vinnuferli og upplýsingagjöf í tengslum við innleiðingu þess. Áhersla verður á umbætur á launaeftirliti og fræðslu um efni kjarasamninga og vinnurétt á innri og ytri vef, auk skráningar á verkferlum og uppfærslu gagna í rekstrarhandbók.

## Skrifstofa þjónustu og reksturs

Skjalamál: Meginverkefni skjaladeildar á árinu 2016 verður innleiðing á nýju skjalastjórnunarkerfi fyrir þá aðila sem deildin þjónustar og mun það kalla á enn frekara samstarf við svið og skrifstofur á sviði skjalastjórnunar ásamt fræðslu fyrir starfsmenn um mikilvægi hennar. Vænta má að á næstu árum muni innleiðing á rafrænni skjalastjórnun verða eitt af stærri verkefnum deildarinnar.

**Upplýsingatækni:** Í takt við ábyrgðarsvið upplýsingatæknideildar og breytingar á upplýsingatæknimarkaði er starfsmannasamsetning deildarinnar að breytast í þá átt að fleiri sérhæfðir verkefnastjórar verði starfandi þar, auk þess sem fjöldi núverandi starfsmanna fær frekari þjálfun á því sviði. Áfram verður haldið að byggja upp þekkingu innan deildar á sviði almenns kerfisrekstrar en í auknum mæli verður leitað til ytri aðila eftir sérfræðiþekkingu á sviðum sem krefjast mikillar sérhæfingar. Vettvangsþjónusta verður að sama skapi endurskipulögð með það fyrir augum að bæta skilvirkni, auka hæfni þess starfsfólks sem veitir þjónustuna og vinna markvissar með ytri aðilum við að veita þjónustuna á álagstímum.

Haldið verður áfram á næsta ári að skipta ört út eldri tölvubúnaði en á árunum 2009-2013 var fjárfesting í endurnýjun búnaðar hjá borginni í algeru lágmarki þannig að upp safnaðist fjögurra ára tæknileg skuld að því leyti. Mikið átak hófst í endurnýjun búnaðar á árinu 2014 sem mun standa út árið 2016 en þá er gert ráð fyrir að búið verði að skipta út öllum endabúnaði notenda sem er eldri en 5-6 ára. Á sama tíma hefur einnig mikið átak verið gert í endurnýjun miðlægs tölvubúnaðar og næstu 3-4 árin mun þurfa að endurnýja stóran hluta þess búnaðar sem starfræktur verður áfram í vélasal í Borgartúni. Á sama tíma verða þau kerfi sem hagkvæmt er að keyra utan eigin vélarsalar færð í hýsingu hjá ytri aðilum sem sérhæfa sig í rekstri slíks tækniumhverfis. Stefnt er að því að árið 2020 verði einungis þau kerfi í rekstri í vélarsal Reykjavíkurborgar sem nauðsynlegt er að reka innanhúss af einhverjum sökum.

Farið verður í greiningu á hagkvæmni þess að sjá um rekstur prentara og gerður samanburður á núverandi rekstri og úthýsingu þeirrar þjónustu á næsta ári. Verið er að greina þarfir vegna umsjónar með ört vaxandi fjölda snjalltækja og gert er ráð fyrir að farið verði í innleiðingu á slíku kerfi á árinu 2016.

Bæta þarf stuðning innan deildarinnar við skýjalausnir fyrir tölvupóst og gagnavistun en nokkrar starfseiningar hafa þegar hafið notkun á Office365 annars vegar og sambærilegum lausnum frá Google hins vegar og yfirlýst stefna deildarinnar er að styðja við notkun þessara lausna. Stefnt er að því að fyrir lok næsta árs verði kominn aðgangur að þráðlausu neti í öllum kennslurýmum grunnskóla borgarinnar og á öðrum starfsstöðum þar sem þess gerist þörf. Jafnframt verði fyrir lok ársins 2016 búið að uppfæra allar núverandi ADSL tengingar hinna ýmsu starfsstaða í hraðvirkari tengingar.



**Framlínubjónusta:** Þjónustudeild finnur fyrir aukinni eftirspurn eftir rafrænni þjónustuveitingu og hefur deildin þegar brugðist við og byrjað breytingaferli á rekstri þjónustunnar svo unnt verði að mæta þörfinni sem best. Áhersla næstu ára verður því á uppbyggingu rafrænnar þjónustu, ásamt því að hlúa vel að öðrum þeim þjónustuþáttum sem þjónustudeildin ber ábyrgð á, hvort sem er í framlínubjónustu eða vinnuumhverfi starfsfólks borgarinnar. Verið er að skoða hús- og öryggisvörslu í stjórnýsluhúsum heildstætt og leggja mat á hvort ástæða sé til að gera breytingar þar á. Einnig er rekstur mótuneytanna í skoðun en það er markmið deildarinnar að skila sem mestum þjónustugæðum á sem hagkvæmasta hátt.

## Mannréttindaskrifstofa

Mannréttindaskrifstofa vinnur eftir starfsáætlun í mannréttindamálum sem mannréttindaráð setur fram ár hvert. Unnið er með tilnefndum mannréttindafulltrúum á sviðum borgarinnar sem hafa það hlutverk að sjá til þess, í samráði við stjórnendur, að mannréttindastefnu borgarinnar og lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 sé framfylgt. Skrifstofan sér um útgáfu á fræðslu- og kynningarefni um mannréttindi og jafnréttismál og stendur fyrir kynningum og námskeiðum sama efnis. Einnig sér skrifstofan um fræðslu vegna málefna flóttamanna, hælisleitenda og mansalsfórnarlamba. Skrifstofan fylgir eftir aðgerðaáætlun í jafnréttismálum, auk verkefnanna Öryggi í borgum og Evrópusáttmála um jafna stöðu karla og kvenna. Skrifstofan hefur umsjón með verkefninu Saman gegn ofbeldi sem er samvinnuverkefni Reykjavíkurborgar, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og Kvænnaathvarfsins gegn heimilisofbeldi. Mannréttindaskrifstofa sér um kynningar á mannréttindastefnu borgarinnar fyrir starfsmönnum borgarinnar og öðrum sem eftir því óska. Ráðgjafar sjá um ráðgjöf og fræðslu fyrir innflytjendur um þjónustu borgarinnar. Mannréttindaskrifstofa starfar með fjölmenningsráði Reykjavíkurborgar og sér um undirbúning fjölmenningsdags. Jafnframt starfar skrifstofan með öldungaráði Reykjavíkurborgar og ofbeldisvarnaráði Reykjavíkurborgar. Aðild Reykjavíkurborgar að fjölmenningsborgum (e. Intercultural Cities) er á ábyrgð mannréttindaskrifstofu. Starfsmenn skrifstofunnar hafa umsjón um ICORN skjólborgarverkefninu og veita gestum verkefnisins þjónustu og ráðgjöf. Ferlinefnd fatlaðs fólks er einnig vistuð hjá mannréttindaskrifstofu.

## Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Meðal helstu verkefna skrifstofu eigna og atvinnuþróunar er að stuðla að framkvæmd aðalskipulags og atvinnustefnu borgarinnar. Skrifstofan leggur áherslu á að hafa samráð og eiga gott samstarf við einstaklinga, stofnanir, félag, fyrirtæki, verktaða og fjárfesta um verkefni sem varða þróun atvinnumála og byggðar í borginni.

Eins og áður verður áhersla á nýframkvæmdir til að auka þjónustu við borgarbúa og efla atvinnulífið í borginni. Að venju hefur skrifstofan umsjón með framkvæmdum fyrir svið borgarinnar auk þess sem skrifstofan fylgir eftir ákvörðunum borgaryfirvalda um þróun byggðar á skipulagsreitum með það að markmiði að hámarka verð umræddra lóða. Eins og á síðasta ári eru helstu byggingasvæði Úlfarsárdalur og Reynisvatnsás, í útjaðri borgarinnar, en einnig eru framkvæmdir á mörgum öðrum stöðum í borginni. Hjá Reykjavíkurborg og einkaaðilum eru áform um mikla uppbyggingu íbúðarhúsnæðis og er hönnunar- og skipulagsvinnu sums staðar lokið eða hún vel á veg komin. Nefna má Vesturbugtina, Austurbakka (Hörpureitur), Vogabyggð, Kirkjusand, Elliðavog og Barónsreit sem dæmi um þannig reiti. Unnið verður áfram að þróun reitsins við Umferðarmiðstöðina þar sem rísa mun ný samgöngumiðstöð, auk þess sem gert verður ráð fyrir atvinnulóðum og/eða íbúðalóðum. Skrifstofan sinnir auk þess fjölmörgum borgar- og atvinnuþróunarverkefnum í samvinnu við ýmsa aðila sem eru mislangt á veg komin. Í þessu sambandi er meðal annars lögð áhersla á sérhæfð atvinnusvæði í samræmi við nýja atvinnustefnu borgarinnar, Skapandi borg.

Við forgangsroðun viðhalds- og endurbótaverkefna er eins og áður lögð áhersla á mannfrek verk sem ekki skapa borginni aukinn rekstrarkostnað að framkvæmd lokinni. Áfram verður unnið að því að ná jafnvægi í viðhaldi eigna á næstu árum en nú er töluverð uppsöfnuð viðhaldsþörf.

## Skrifstofa borgarstjórnar

Á árinu 2016 er gert ráð fyrir sambærilegum fjölda mála sem afgreidd eru í borgarráði og með embættisafgreiðslum. Gert er ráð fyrir sambærilegum fjölda mála sem fer til umfjöllunar borgarstjórnar, auk þess sem gert er ráð fyrir því að borgarstjórn haldi opna fundi með bæjarstjórn Akureyrar, Reykjavíkurráði ungmenna, fjölmenningsráði og öldungaráði Reykjavíkur á árinu. Unnið verður áfram að því að auka og bæta aðgengi kjörinna fulltrúa og almennings að upplýsingum hjá

Reykjavíkurborg, sérstaklega á vef Reykjavíkurborgar, auk þess sem haldið verður áfram að bæta rafrænt aðgengi að fundargögnum og fundargerðum borgarstjórnar og borgarráðs. Áfram verður unnið að þróun og vistun á upptökum borgarstjórnarfunda á vef Reykjavíkurborgar og verður áherslan lögð á að bæta leitarmöguleika í umræðum og fundargerðum ásamt öðrum endurbótum á síðu borgarstjórnar í beinni. Forsætisnefnd hefur haft það hlutverk að undirbúa fjölgun borgarfulltrúa, í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga þar um, eftir sveitarstjórnarkosningar 2018 og mun sú vinna halda áfram á árinu 2016. Forsetakosningar fara fram þann 24. júní 2016 og hefur skrifstofa borgarstjórnar umsjón með þeirri framkvæmd. Hefst undirbúningur þeirra venju samkvæmt í byrjun árs 2016.

Gert er ráð fyrir sambærilegum málafjölda hjá umboðsmanni borgarbúa á árinu 2016.

## Borgarlögmaður

Verkefni borgarlögmanns taka mið af þeim málum sem upp koma á hverjum tíma. Fastur liður í starfsemi borgarlögmanns er lögfræðileg ráðgjöf, álitsgerðir og umsagnir, yfirlestur og skjalagerð fyrir stofnanir og fyrirtæki Reykjavíkurborgar vegna samninga við þriðja aðila.

Borgarlögmaður annast fyrirvar og hagsmunagæslu fyrir Reykjavíkurborg fyrir dómstólum. Áfram er búist við mikilli vinnu við málflytning en ekkert lát virðist vera á fjölgun dómsmála. Stöðug aukning hefur verið í fjölda þeirra allt frá árinu 2008, ekki síst í málum fyrir velferðarsvið, þ.e. barnaverndar- og lögræðismál sem öll sæta að auki flýtimeðferð fyrir dómi. Sömuleiðis er reiknað með að eins og endranær fari töluverður tími starfsmanna í fyrirvar gagnvart ýmsum eftirlits- og úrskurðaraðilum á stjórnarsýslustigi. Gert er áfram ráð fyrir töluverðu vinnuframlagi starfsmanna við ráðgjöf vegna lóðamála og fyrirætlana um fjölgun leiguíbúða. Þá er ráðgjöf á sviði útboðsmála alltaf fyrirferðarmikill þáttur í starfsemi borgarlögmanns. Borgarlögmaður er í fyrirvari vegna krafna um skaðabætur og tryggingabætur sem beint er gegn Reykjavíkurborg og annast uppgjör þeirra. Þessi þáttur starfseminnar er áfram stöðugt vaxandi og er nú svo komið að segja má að tvö stöðugildi séu að jafnaði bundin við afgreiðslu þessara mála.

## Innri endurskoðun

Í skýrslu úttektarnefndar borgarstjórnar frá apríl 2013 er komið á framfæri ábendingu til borgarstjórnar að „styrkja þarf það hlutverk innri endurskoðunar að gera úttekt hjá einstökum starfseiningum á styrkleika innra eftirlits. Setja ætti skýr markmið um að allar starfseiningar sæti slíkum úttektum á tilteknu árabili.“ Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar hefur komið ábendingu til borgarráðs og borgarstjórnar að innri endurskoðun Reykjavíkurborgar geri úttektir á stöðu innra eftirlits hjá fyrirtækjum sem Reykjavíkurborg á helmingshlut í eða meira og verði gert kleift að sinna auknu umfangi verkefna í samræmi við ábendingar úttektarnefndar borgarstjórnar.

Til að bregðast við ábendingu úttektarnefndar borgarstjórnar, tillögum starfshóps um umsjón með úrvinnslu upplýsinga, ábendinga og athugasemda úttektarnefndar borgarstjórnar um stjórnkerfi og stjórnarsýslu Reykjavíkurborgar og ábendingu endurskoðunarnefndar þurfa verulegar breytingar að eiga sér stað hjá innri endurskoðun Reykjavíkurborgar á næstu árum.

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar hefur lagt til við önnur fyrirtæki innan B-hluta samstæðu borgarinnar að þau fái innri endurskoðun Reykjavíkurborgar til þess að annast innri endurskoðun í umboði stjórnar. Í fjárhagsáætlun 2016-2020 er gert ráð fyrir hækkan tekna vegna innri endurskoðunar hjá fyrirtækjum í B-hluta samstæðu Reykjavíkurborgar en til þessa hefur innri endurskoðun annast innri endurskoðun hjá Félagsbústöðum hf. og Malbikunarstöðinni Höfða.

Lagt hefur verið óháð mat á nauðsynlegt umfang innri endurskoðunar innan samstæðu Reykjavíkurborgar, meðal annars með hliðsjón af ábendingu úttektarnefndarinnar, og var niðurstaða þess að ársverk í innri endurskoðun þyrftu að lágmarki að vera á bilinu 11-15. Hjá innri endurskoðun Reykjavíkurborgar starfa í dag átta starfsmenn í 7,2 stöðugildum. Verði gert samkomulag um innri endurskoðun Faxaflóahafna sf., Sorpu bs., Strætó bs. og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. skapast svigrúm til þess að fjölga u.þ.b. um tvö ársverk. Hin tvö ársverkin sem upp á vantar til að mæta þeirri lágmarksþörf sem metin hefur verið fyrir innri endurskoðun þyrftu að fjármagnast af A-hluta borgarsjóðs.

## KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Markvisst er unnið að innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun (KFS) hjá Reykjavíkurborg. Markmiðið er að samþætta fjármála- og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Stefnt er að réttlátri dreifingu gæða og fjármuna með tilliti til stöðu borgarbúa í anda mannréttindastefnunnar. Búið er að skipta innleiðingarferlinu í fjóra áfanga sem ná yfir tímabilið 2011-2018. Miðað við þá skiptingu er borgin komin í lokaáfanga innleiðingarinnar sem spanna árin 2015-2018.

Til þess að ná ofangreindum markmiðum er unnið að því að greina þjónustu borgarinnar út frá aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar. Á öllum sviðum er unnið að því að bæta gagnagrunn og verklag varðandi innköllun kyngreindra tölfraeðigagna og aðgengi að gögnum. Sömuleiðis er lögð áhersla á að bæta skráningu um stöðu jaðarsettra hópa. Vinna þarf jafnréttismat á öllum breytingartillögum við samþykktu fjárhagsáætlun sem fela í sér ný verkefni eða breytt verklag og vegna nýrri verkefna á áætlun komandi árs.

Stýrihóp KFS skipa Birgir Björn Sigurjónsson (FMS), Halldóra Káradóttir (FMS), Anna Kristinsdóttir (MAR), Halldóra Gunnarsdóttir (MAR), Harpa Hrund Berndsen (SBB), Einar Ólafsson (MOF), Herborg Svana Hjelm (SFS), Jón Viðar Pálmason (VEL), Margrét Grétarsdóttir (ÍTR) og Steinunn Rögnvaldsdóttir (USK). Herdís Sólborg Haraldsdóttir, verkefnastýra KFS, er starfsmaður hópans. Skrifstofur miðlægrar stjórnýslu hafa tekið þátt í kynjaðri fjárhagsáætlanagerð frá upphafi verkefnisins, hafa komið að innleiðingarferlinu á margvíslegan hátt á árinu 2015 og munu gera það áfram á árinu 2016. Unnið hefur verið að greiningum á þjónustupáttum miðlægrar stjórnýslu og er ráðgert að halda slíkum greiningum áfram á árinu 2016. Jafnréttismat hefur sömuleiðis spilað stórt hlutverk það sem af er ári 2015 og mun gera áfram.

Fjármálaskrifstofa hefur unnið að því í samráði við stýrihóp KFS að festa verklag KFS í sessi, útbúa handbók og leita að góðri aðferðafræði við innleiðinguna, ásamt því að bæta skráningu og innköllun gagna.

Mannréttindaskrifstofa hefur árlega, frá því að kynjuð fjárhags- og starfsáætlun var tekin upp, unnið að sérstökum verkefnum á því sviði. Má þar nefna greiningu á ráðgjafþjónustu við innflytjendur þar sem í ljós kom að fleiri konur en karlar voru að nýta sér þjónustuna. Einnig voru styrkir mannréttindaráðs greindir út frá mannréttindastefnunni og í samvinnu við upplýsinga- og vefdeild var skoðað hvort kvæði við kynlegan tón í því efni sem borgin birtir á sínum vegum.

Atvinnumáladeild hefur skoðað ýmislegt tengt atvinnuáttaksmálum; árið 2013 voru allar vinnumarkaðsaðgerðir Reykjavíkurborgar frá hruni skoðaðar með tilliti til kynjaslagsíða, verkefnið Vinnandi vegur var skoðað ári eftir framkvæmd þess með út frá kyni þeirra sem enn voru í starfi, sumarátak fyrir notendur fjárhagsaðstoðar var skoðað og einnig var framhaldsverkefni 2014 þar sem skoðuð voru áhrif leikskólalokana á atvinnuþátttöku.

Af öðrum verkefnum í miðlægrri stjórnýslu sem tengjast kynjaðri fjárhagsáætlanagerð má nefna tilraunaúttekt á verkefninu Betri Reykjavík árið 2012 þar sem íbúalýðræði var skoðað með kynjagleraugum. Niðurstaða þeirrar úttektar var að hlutfallslega fleiri tillögur frá körlum rata inn á borð til fagraða en þó hefur ekki verið talin þörf á mótvægisáðgerðum. Af verkefnum framundan má nefna að mannauðsdeild hyggst skoða fræðslumál og aðgengi að íslenskuskólanum sem og kynjaupplýsingar um fræðslumál í nýju mannauðskerfi og fyrir liggur að unnið verði að bættri miðlun kyngreindra gagna og gagna almennt.

## LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	2013	2014	Útkomuspá 2015	Áætlun 2016
<b>Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara</b>				
Stjórnsýsluerindi	1.328	1.222	752 (1)	1.200
þar af til borgarráðs	202	43 (2)		
Móttökur	95	160	90 (3)	160
Fréttatilkynningar	618	658	300 (4)	500
Viðtalsbeiðnir frá erlendum fjölmiðlum	94	66	15 (5)	20
Borgarskjalasafn - hillumetrar af mótteknum skjölum	168	250	230	230
Borgarskjalasafn - fjöldi fyrirs purna	1.651	1.800	1.700	1.700
Vefur - vikulegt innlit	41.721	37.000	39.000	42.000
Vefur - fjöldi skoðaðra síðna á viku	186.555	140.000	160.000	175.000
Facebook póstar		573	750 (6)	800
Að meðaltali á viku		14,3	14.4	
<b>Borgarlögmaður (7)</b>				
<b>Almenn stjórnsýslumál</b>				
Í vinnslu			48	
Lokið			149	
Samtals greiddar bætur, kr.			197	
<b>Dómsmál</b>				
Í rekstri	23	29	34	
Lokið	103	87	99	
Samtals	126	116	133	
þar af fyrir Velferðarsvið	64	63	95	
<b>Uppgjör slysabótamála skv. kjarasamningum</b>				
Innkomin	103	157	163	
Í vinnslu	80	97	169	
Fullnaðaruppgjör bóta	38	48	38	
Samtals greiddar bætur	33.930.507	77.751.712	43.977.836	
<b>Önnur slysa-/skaðabótamál</b>				
Samtals greiddar bætur			3.707.766	
<b>Fjármálaskrifstofa</b>				
Reikningar frá birgjum alls	231.078	245.556		
Rafrænir birgjareikningar (SPAN og UBL)	83.380	103.936		
Hlutfall rafrænna birgjareikninga	36,10%	42,30%		
Hlutfall rafrænna reikninga með innri reikn.	40,10%	45,90%	55,00%	
-Fjöldi starfsmanna í bókhaldi	32	32	30	
Fjöldi uppgjara (A,A+B,AS,ES,Jörundur, Aflvaki)	53	53	53	
-Fjöldi starfsmanna í uppgjörum	3	3	4	

## LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI, FRH.

	2013	2014	Útkomuspá 2015	Áætlun 2016
<b>Skrifstofa þjónustu og rekstrar</b>				
Þjónustubeiðnir afgreiddar innan 24 tíma	70%	69%	72%	72%
IP símtæki	2.500	2.650	2.750	2.600
Þjónustuver – fjöldi símtala	186.350	160.141	160.000	158.000
Þjónustuver – fjöldi skráðra heimsóknna	49.800	49.500	52.000	52.000
Netspjall	3.900	3.950	4.250	5.000
Rafræn Reykjavík - fjöldi umsóknna	23.923	30.000	33.450	38.000
Rafræn Reykjavík - fjöldi notenda	44.325	52.030	53.500	55.000

- 1) Erindi til borgarstjóra 2015 miðast við 18. ágúst en um heildaráætlun er að ræða 2016
- 2) Erindi til borgarráðs miðast við fyrstu fimm mánuði ársins 2014 en eftir það var hætt að taka saman slíkar upplýsingar
- 3) Móttökur 2015 miðast við 27. ágúst 2015
- 4) Fréttatilkynningar miðast við 31. ágúst 2015
- 5) Fjölmiðlafyrirspurnir miðast við 31. ágúst 2015
- 6) Facebook póstar, áætlun sem miðast við senda pósta til 31. ágúst 2015
- 7) Viðmiðunartímabil borgarlögmans er 1. september - 31. ágúst ár hvert

# SKRIFSTOFA EIGNA- OG ATVINNUÞRÓUNAR


## LEIÐARLJÓÐ:

Skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar er drifkraftur sjálfbærrar borgarþróunar með vandaðri eignaumsýslu og framsækinni atvinnustefnu í nánu samstarfi við aðra sem málið varðar—og með hag allra borgarbúa í huga.

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2016

	Áætlun 2016
Rekstrartekjur	18.599.093
Söluhagn. eigna og lóða	3.015.093
<b>Tekjur samtals</b>	<b>21.614.186</b>
Laun og launatengd gjöld	135.921
Annar rekstrarkostnaður	3.011.531
Afskriftir	4.251.203
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>7.398.655</b>
Fjármunatekjur/gjöld	7.082.677
<b>Rekstarniðurstaða</b>	<b>7.132.854</b>

## SKIPURIT



## STARFSFÓLK

	2016
Fjöldi starfsmanna	13,0
Fjöldi stöðugilda	13,0

Skipurit skrifstofu eigna og atvinnuþróunar (SEA) er einfalt flétturit tveggja meginéininga og tveggja stoðéininga. Helstu viðfangsefni skrifstofunnar, eignaumsýsla og atvinnuþróun, eru mjög samtvinnuð þar sem skrifstofan hefur það hlutverk að móta og markaðssetja land og lóðir til atvinnustarfsemi í samræmi við nýtt aðalskipulag og atvinnustefnu Reykjavíkur, *Skapandi borg*. Jafnframt á SEA að flétta saman aðgerðir til eflingar atvinnu í borginni og tekjuöflun. Áhersla er lögð á sveigjanleika og samvinnu innan skrifstofunnar svo hún geti beint kröftum sínum þangað sem þörf er hverju sinni.

## HLUTVERK

SEA annast eignaumsýslu Reykjavíkurborgar og fylgir eftir Aðalskipulagi 2010 - 2030 frá 2013 með heildstæða og sjálfbæra borgarþróun að leiðarljósi. SEA gerir samning við Umhverfis- og skipulagssvið (USK) um verklegar framkvæmdir fjárfestingaákvæðana og ýmis eignaumsýsluverkefni. Hér fyrir neðan er lýst í stórum dráttum helstu viðfangsefnum SEA. Eins og sýnt er í skipuriti skrifstofunnar er lögð áhersla á sveigjanlegt skipulag, samvinnu og skilvirka verkefnastýringu þannig að hægt sé að beina kröftum þangað sem mest þörf er hverju sinni.

- SEA fer með málefni eignasjóðs Reykjavíkurborgar. SEA ber ábyrgð á og leiðir vinnu við fjárfestingaáætlun nýframkvæmda og búnaðar fyrir hvert ár og vinnu við fimm ára fjárfestingaáætlun í samráði við fagsviðin og fjármálaskrifstofu (FMS) til samræmis við ferla þar að lútandi.
- SEA ber ábyrgð á og leiðir vinnu við gerð viðhaldsáætlunar eignasafns Reykjavíkurborgar.
- SEA er ábyrgt fyrir og annast frumathuganir fjárfestingaverkefna.
- SEA sér um markaðssetningu og þróun lands í samræmi við atvinnustefnu borgarinnar og aðalskipulag og í samráði við fagsvið borgarinnar. Samstarf er við önnur sveitarfélög og fyrirtæki borgarinnar, hið opinbera (Íslandsstofa) og einkaaðila vegna markaðssetningar á landi og atvinnuþróun.
- SEA ber ábyrgð á og vinnur að gerð úthlutunar- og útboðsskilmála vegna lóða í samræmi við atvinnustefnu og aðalskipulag. Þegar slíkt á við tekur skrifstofan þátt í deiliskipulagsgerð með Umhverfis- og skipulagssviði (USK).

- SEA mun hafa umsjón með hlutafélögum sem tengjast nýsköpun, þróun og eða eignasjóði Reykjavíkurborgar.
- SEA hefur umsjón með tryggingamálum Reykjavíkurborgar og fer með þau í samstarfi við FMS. Fylgt er stefnu sem samþykkt var í borgarráði 1997. Samkvæmt stefnunni eru einungis keyptar skyldutryggingar en starfsstaðir geta fengið lausafjártjón bætt miðlægt að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Þá hefur SEA umsjón með miðlægum samningi um öryggisgæslu fyrir starfsstaði Reykjavíkurborgar.

## FJÁRFESTINGAR– OG FRAMKVÆMDAÁÆTLUN 2016

Fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun ársins 2016 gerir ráð fyrir að 4,7 milljörðum króna verði varið til fjárfestinga. Er það um 2.593 mkr lækkun frá áætlaðri raunútkomu fjárfestinga og framkvæmda á árinu 2015. Lækkunin helgast af hækkingu gatnagerðargjalda um 2.909 mkr en á móti kemur að framkvæmdir eru áætlaðar 316 mkr umfram útkomuspá ársins 2015.

Framkvæmdaáætlunin verður fjármögnuð 60% af eigin fé og 40% með lánsfé. Áfangar á framkvæmdaferlinu verða kynntir fyrir borgarráði og fagráðum við framlagningu milliuppgjöra.

### HELSTU BYGGINGAFRAMKVÆMDIR 2016

**Menningar– og ferðamálasvið:** Á árinu 2016 er fyrirhugað að hefja byggingu 1465 fermetra viðbyggingar við Grófarhús, unnið verður að endurbótum á húsnæði Sjóminjasafns í Víkinni til að bæta aðstöðu fyrir gesti safnsins auki þess sem unnið verður að endurbótum á Kjarvalsstöðum, Hafnarhúsi og Ásmundarsafni m.v. úttektir. eru þá ótalin búnaðarkaup vegna Borgarleikhúss og önnur smærri verkefni vegna stofnana sviðsins.

**Skóla– og frístundasvið:** Haldið verður áfram með verkframkvæmdir við leik- og grunnskóla við Úlfarsbraut en gert er ráð fyrir að fyrsti áfangi byggingarinnar verði tekinn í notkun haustið 2016. Verklegar framkvæmdir við 3400 fermetra viðbyggingu Klettaskóla hófust á árinu 2015 og verður þeim framhaldið á árinu 2016. Verklok eru fyrirhuguð á árinu 2019 og munu þá jafnframt hafa farið fram gagngerar endurbætur á eldra húsnæði skólans. Ráðgert er að framkvæmdir við 1340 fermetra viðbyggingu við Vesturbæjarskóla hefjist í árslok 2015. Áform eru um að viðbyggingin verði tekin í notkun á árinu 2017. Byggingu frístundarýmis við Vogaskóla seinkaði og mun henni lokið á árinu 2016. Framkvæmdum við endurbyggingu grunn- og leikskólalóða samkvæmt forgangsroðun verður fram haldið á árinu 2016 þegar lokið verður framkvæmdum við lóðir Breiðagerðisskóla og Ölduselsskóla auk þess sem lóðir Bakkaborgar og Hraunborgar verða endurgerðar. Endurnýjun og lagfæring mótuneyta í grunn- og leikskólum samkvæmt forgangsroðun verður fram haldið á árinu auk ýmissa smærri fjárfestingarverkefna vegna Skóla- og frístundasviðs.

**Íþróttar– og tómstundasvið:** Framkvæmdum við útilaugar við Sundhöll Reykjavíkur sem hófust á árinu 2015 verður framhaldið en gert er ráð fyrir verklokum á árinu 2018. Á árinu 2016 mun rísa líkamsræktarstöð við íþróttamiðstöðina í Austurbergi sem mun samnýta aðkomu og búningaástöðu sundlaugarinnar. Þáttur Reykjavíkurborgar í þeirri framkvæmd er bygging tengigangs milli eldra húsnæðis og líkamsræktarstöðvarinnar auk ýmissa lagfæringar innanhúss. Ráðgert er að undirbúningi og hönnun frjálsspróttavallar í Suður Mjódd ljúki á árinu og framkvæmdir hefjist á seinni hluta ársins. Meðal annarra fjárfestingarverkefna á Íþróttar- og tómstundasviði verður áframhaldandi uppbygging og endurnýjun tækja vegna **Velferðarsvið:** Á árinu 2015 hófust framkvæmdir við viðbyggingu við Hólalberg 76 þar sem rekin er dagþjónusta og virkni fyrir fatlað fólk. Samhliða fara fram viðamiklar endurbætur á húsinu að innan jafnt sem og utan og er ráðgert að verkinu ljúki á árinu 2016.

**Lóðir, lönd og skipulagseignir ásamt ýmsum fasteignum:** Áformað er að endurbyggja hús og bragga við Nauthólsveg 100 þar sem flugvallarhótel eða „Transit Camp“ var til húsa frá árinu 1945 fram til 1951. Um er að ræða menningarsögulegar minjar um sögu hernámsáranna í Reykjavík. Á árinu verðu framhaldið vinnu við standsetningu Gröndalshúss sem fenginn var nýr staður að Vesturgötu 5b á liðnu vori. Jafnframt verður haldið áfram með önnur verkefni sem lúta að nýjum byggingarsvæðum, þróun og uppbyggingu.

Fjárfesting (fjárhæðir í þús. kr.)	Áætlun 2016
<b>Byggingarframkvæmdir</b>	
Menningar– og ferðamálasvið	349.000
Skóla– og frístundasvið	2.585.000
Íþróttar– og tómstundasvið	700.000
Velferðarsvið	120.000
Ýmsar fasteignir	132.000
<b>Byggingarframkvæmdir samtals</b>	<b>3.886.000</b>
<b>Gatna– og umhverfisframkvæmdir</b>	<b>3.716.000</b>
Lóðir, lönd og skipulagseignir	50.000
Áhöld, tæki og hugbúnaður	724.000
Sérstök átaksverkefni	875.000
<b>Fjárfestingar samtals:</b>	<b>9.251.000</b>
Gatnagerðargjöld	4.549.633
<b>Fjárfestingar nettó:</b>	<b>4.701.367</b>

## AÐRAR FJÁRFESTINGAR

**Áhöld, tæki og hugbúnaður:** Helstu fjárfestingar vegna áhalda og búnaðar á árinu 2016 eru vegna endurnýjun tölvubúnaðar og kaupa á hugbúnaði samkvæmt áætlun þar um. Jafnframt verður fjárfest í ýmsum tækja vegna Umhverfis- og skipulagssviðs.

**Sérstök átaksverkefni:** Á árinu 2016 verður 800 milljónum króna varið til endurbóta og meiriháttar viðhalds fasteigna þar sem byggt er á forgangsröðun samkvæmt úttektum og þarfagreiningu jafnframt verður áfram unnið að sérstöku átaksverkefni um endurbætur leikvalla, torga og opinna svæða.

## HELSTU GATNA– OG UMHVERFISFRAMKVÆMDIR 2016

Helstu nýframkvæmdir við gatnagerð sem fyrirhugaðar eru á árinu 2016 eru á Hlíðarendasvæði líkt og á árinu 2015. Jafnframt er áætlað að hefja framkvæmdir á Kirkjusandi, við Vesturbugt og í Vogabyggð auk áframhaldandi gatnagerðar í Úlfarsárdal, við Reynisvatnsás og í Hádegismóum. Framkvæmdum við ný gatnamót við Geirsgötu og Lækjargötu hefur seinkað og eru fyrirhugaðar á árinu 2016 auk þess sem framkvæmdir við endurgerð Hafnarstrætis munu hefjast.. Framkvæmdum við Fellsveg mun verða lokið á árinu 2016 svo og endurgerð Smiðjustígs milli Laugavegar og Hverfisgötu. Jafnframt verður unnið að ýmsum smærri verkefnum við gatnagerð og umhverfisframkvæmdir.

Hjólreiðaáætlun verður enn fylgt eftir með gerð göngu- og hjólastíga auk þess sem settir verða upp hjólastandar og hjólaskýli samhliða því sem gönguleiðir í eldri hverfum svo og gönguleiðir skólabarna og aldraðra verða endurnýjaðar með áherslu á öryggi gönguleiða.

Reglubundin endurgerð malbiks og yfirlög eru á fjárfestingaráætlun ásamt endurnýjun götulýsingar og umferðaljósa auk þess sem framkvæmdir verða við hljóðvarnir samkvæmt aðgerðaáætlun þar um. Umferðaröryggismál eru fastir liðir á fjárfestingaráætlun sem endranær svo og endurnýjun gangbrautarljósa.

Þá eru ótalin ýmis verkefni á sviði umhverfismála. Má þar helst nefna fjölgun grenndarstöðva og uppbygginga og lagfæring opinni svæða með leiksvæðastefnu í forgrunni.





## LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2012	Raun 2013	Raun 2014	Útk.spá 2015	Áætlun 2016
<b>Lóðaúthlutun</b>					
Úthlutun og sala byggingaréttar*	5 íbúðir	181 íbúðir	62 íbúðir	56 íbúðir	493 íbúðir
Eftir húsgerðum;					
Einbýli	3 íbúðir	4 íbúðir	9 íbúðir	10 íbúðir	48 íbúðir
Rað-, par- og tvíbýlishús	2 íbúðir	14 íbúðir	0	46 íbúð	40 íbúðir
Fjölbýlishús	0	163 íbúðir	53 íbúðir	0	400 íbúðir
<b>Eignarekstur</b>					
Fjöldi fasteigna í rekstri	344	344	354	351	351
Flatarmál fasteigna í rekstri m <sup>2</sup>	518.452	528.370	544.132	544.310	544.310
Fjöldi bifreiða í eigu eignasjóðs	71	119	128	145	155
Fjöldi vinnuvéla í eigu eignasjóðs	7	10	10	20	21

\* Tölurnar sýna nettófjölda íbúða sem byggja má á þeim lóðum sem seldur var byggingaréttur á, þ.e. á lóðum sem hefur verið ráðstafað og sem hefur verið skilað eða afturkallaðar. Tölur um sölu byggingaréttar 2015 miðast við 23. október 2015.

## LEIÐARLJÓS:

Starfsfólk Bílastæðasjóðs leitast við að sýna lipurð í samskiptum og hefur jafnræðisreglu að leiðarljósi í störfum sínum.

## FJÁRHAGSÁÆTLUN

	2016	2017	2018	2019	2020
Rekstartekjur	918.500	941.463	960.292	979.498	999.088
<b>Tekjur samtals</b>	<b>918.500</b>	<b>941.463</b>	<b>960.292</b>	<b>979.498</b>	<b>999.088</b>
Lau nog launatengd gjöld	226.902	233.709	240.720	247.942	255.380
Annar rekstarkostnaður	473.437	487.640	502.269	517.337	532.858
Afskriftir	84.200	99.600	125.700	129.000	124.400
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>784.539</b>	<b>820.949</b>	<b>868.689</b>	<b>894.279</b>	<b>912.638</b>
Fjármunatekjur/gjöld					
<b>Rekstarniðurstaða</b>	<b>133.961</b>	<b>120.514</b>	<b>91.603</b>	<b>85.219</b>	<b>86.450</b>

## MEGINÁHERSLUR 2016 OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Megináherslur árið 2016 eru að bæta enn frekar upplýsingakerfi Bílastæðasjóðs og þjónustu við viðskiptavinum, þannig að enn auðveldara verður að greiða fyrir bílastæði með snjallsímanum eða finna laus bílastæði í bílahúsum á rauntíma. Lítið hefur dregið úr fjölda stöðvunarbrotagjalda og tók 100% hækkun stöðvunarbrotagjalda gildi frá og með 1. ágúst s.l. Markmiðið með hækkuninni er að draga úr fjölda gjaldanna, sérstaklega vegna bílastæða hreyfihamlaðra þar sem gjöldum er að fjölga þrátt fyrir að gjaldið var 10.000 kr. Stefnt er að því að kynna betur hvað kostar að leggja ólöglega og að þetta er valfrjálst gjald sem ökumenn geta sparað sér. Ekki er gert ráð fyrir hækkun tekna vegna stöðubrottagjalda þrátt fyrir hækkun gjaldsins. Gjaldskrárhækkun 3,9% skv. vísitölu, tekur gildi frá og með 1. janúar 2016. Þá mun árið einkennast af stefnumótunarvinnu, þar sem tekið verður á frekari rafrænum kostum í þjónustunni, málefnum er varða gjaldskyld svæði og fjölgun gjaldskyldra bílastæða.

## FJÁRFESTINGAR

Til stendur að fara í frekari byggingaframkvæmdir í miðborginni þar sem gert er ráð fyrir að Bílastæðasjóður taki þátt í og komi að byggingu bílakjallara ásamt öðrum eigendum lóða og má þar nefna svokölluð Reykjavíkúrhús í Vesturbugt. Þá er enn í vinnslu hugsanleg kaup Bílastæðasjóðs á bílastæðum í bílakjallara á lóð Austurbakka, sem tengdur verður bílahúsi Hörpu þar sem sjóðurinn á 125 bílastæði. Þá standa til frekari fjárfestingar í gjaldbúnaði til endurnýjunar, að dregið verði úr fjölgun gjaldmæla og fjárfest frekar í rafrænum lausnum. Framtíðarsýnin er gjaldmælalaus gjaldsvæði.

## FJÁRÞÖRF

Bílastæðasjóður er skuldlaus og er ekki fjárþörf til staðar nema til komi frekari uppbygging bílahúsa.

# SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

Undir sameiginlegum kostnaði eru færðir ýmsir kostnaðarliðir sem eru sameiginlegir fyrir innri starfsemi Reykjavíkurborgar eða falla ekki með beinum hætti undir starfsemi fagsviða. Um er að ræða styrki og ýmis framlög, sérstök framlög vegna atvinnumála, rekstur miðlægra tölvukerfa, innheimtukostnað skatttekna, sameiginlegan launa- og starfsmannakostnað, breytingar lífeyrisskuldbindinga og ýmis önnur útgjöld. Þar á meðal er vistað fjármagn til ófyrirséðra útgjalda.

**Styrkir og ýmis framlög** eru áætluð 444 mkr. Þar af eru 335 mkr vegna afsláttar elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignagjöldum, styrkir borgarráðs 30 mkr, styrkur til Kirkjubýggingasjóðs 11,7 mkr og ýmsar samningsbundnar greiðslur um 68 mkr.

**Framlög til atvinnumála** eru áætluð 125 mkr. Þar af eru áætlaðar 100 mkr til atvinnuátaks með það að markmiði að gefa atvinnuleitendum ný tækifæri á vinnumarkaði, fyrirbyggja félagslegar afleiðingar atvinnuleysis og draga úr útgjöldum vegna fjárhagsaðstoðar. Áætlaðar eru 25 mkr til atvinnuþróunar og sóknaráætlunar.

**Rekstur miðlægra bókhalds og launakerfa** er áætlaður 99 mkr.

**Innheimtukostnaður skatttekna og fasteignamatsskrá.** Innheimtukostnaður skatttekna er áætlaður 377 mkr. Þar af er innheimtukostnaður staðgreiðslu áætlaður 330 mkr, en útgjöld nema 0,5% af brúttó útsvarstekjum og greiðast til Fjársýslu ríkisins sem annast innheimtu útsvarsins. Innheimtukostnaður vegna fasteignaskatta er áætlaður 47,5 mkr. Útgjöld vegna fasteignamatsskrár eru áætluð 165 mkr en þau eru greidd til Þjóðskrár sem heldur utan um fasteignamat og er 1% af tekjum af fasteignasköttum.

**Starfsmannakostnaður.** Undir liðinn starfsmannakostnaður eru færð áætluð útgjöld vegna kostnaðaráhrifa kjarasamninga árið 2015 og 2016. Slysabætur eru áætlaðar 50 mkr og breyting orlofsskuldbindingar 70 mkr.

**Breyting lífeyrisskuldbindinga.** Gert er ráð fyrir að gjaldfærsla vegna breytingar á lífeyrisskuldbindingum nemi 4.000 mkr árið 2016. Áætlunin tekur mið af forsendum um hækkun launa þar sem varfærnisjórnarmið eru höfð að leiðarljósi. Ekki er gert ráð fyrir teljandi áhrifum af breytingum á eignum sjóðsins. Að öðru leyti er vísað í umfjöllun um lífeyrisskuldbindingar undir forsendum fjárhagsáætlunar.

**Ýmis kostnaður** er áætlaður 1.983 mkr. Þar af hefur verið tekið frá fjármagn á liðnum ófyrirséð sem nemur 500 mkr sem er til þess að mæta óvæntum og ófyrirséðum útgjöldum borgarinnar, þar af öllum kostnaði vegna dóms- eða kærnumála. Áætlaðar eru um 347 mkr sem er annars vegar hluti af leigu Ráðhúss og hins vegar innri leigu tækja og áhalda. Gert er ráð fyrir 30 mkr til Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Áætlað er að verja 35 mkr til reksturs Höfða og 6,8 mkr til Úlfjótsskála. Kostnaður við ytri endurskoðun er áætlaður 25 mkr og 15,8 mkr við endurskoðunarnefnd. Annar óskiptur kostnaður nemur 958 mkr.

# FRAMLÖG TIL B HLUTA FYRIRTÆKJA

## SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS BS.

Framlög Reykjavíkurborgar til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins eru áætluð 806 mkr. Þar af er gert ráð fyrir að rekstrar og fjárfestingaframlag verði 802 mkr. Áætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins gerir ráð fyrir að rekstrarframlög eigenda nemi 1.396 mkr, þar af fari 7,2 mkr til Almanna- varna.

Skipting á rekstrarframlagi milli eigenda miðar við hlutfall íbúa 1. desember ár hvert. Hjálögð tafla lýsir skiptingu framlaga miðað við áætlun Slökkviliðsins.

Nánari lýsing á fjárhagsáætlun Slökkviliðsins fyrir árið 2016 má finna í kafla um B-hluta fyrirtæki hér fyrir aftan.

	Hlutfallsleg skipting m.v. íbúafjölda	Rekstrarframlag til SHS	Framlag til Almanna- varna	Samtals framlög
Samtals framlög eigenda		1.389	7	1.396
Reykjavík	57,8%	802	4	806
Kópavogur	15,7%	218	1	219
Hafnarfjörður	13,2%	183	1	184
Garðabær	6,9%	95	0	96
Mosfellsbær	4,4%	61	0	62
Seltjarnarnes	2,1%	29	0	29

## STRÆTÓ BS.

Framlög til Strætó bs. eru áætluð 1.985 mkr, sem skiptast annars vegar í rekstrarframlag og hins vegar í framlög vegna nemafargjalda.

Í áætlun Strætó er gert ráð fyrir að framlög eigenda nemi 3.101 mkr, sem skiptast í rekstarframlög, 2.869 mkr og framlög til niðurgreiðslu á nemafargjöldum, 232 mkr. Strætó gerir ráð fyrir að rekstrarframlögin hækki um 6,5% frá 2015. Áætlað er að tekjur af fargjöldum nemi 1.911 mkr og aukist um 11% frá áætlun 2015

Skipting á rekstrarframlagi milli eigenda er fundin út með kostnaðarskiptireglu sem tilgreind er í eigendasamkomulagi. Taflan lýsir skiptingu á framlögum sveitarfélaga miðað við áætlun Strætó og hlutdeild Reykjavíkurborgar:

Fjárhæðir í mkr	Hlutfallsleg skipting	Rekstrarframlag	Nemaframlag	Samtals framlög
Samtals framlög eigenda		2.869	232	3.101
Reykjavík	64,0%	1.836	148	1.985
Kópavogur	13,5%	386	31	417
Hafnarfjörður	9,8%	282	23	304
Garðabær	6,3%	180	15	195
Mosfellsbær	4,5%	130	11	141
Seltjarnarnes	1,9%	55	4	60

Nánari útlistun á starfsemi og fjárhagsáætlun Strætó fyrir árið 2016 má finna í kafla um B-hluta fyrirtæki hér fyrir aftan.

# NÝ UPPLÝSINGAKERFI

Áætlun fyrir ný upplýsingakerfi 2016 er unnin í samstarfi við svið og skrifstofur borgarinnar og er samtala áætlaðra verkefna 250 mkr. Þar af er gert ráð fyrir 5 mkr. í ófyrirséð verkefni. Óskir sviða og skrifstofa nema umtalsvert hærri upphæð og er því nokkrum fjölda verkefna frestað. Á síðasta ársfjórðungi 2016 verður gerð útkomuspá fyrir ofangreind verkefni og fyrirséðu óráðstöfuðu fé veitt í verkefni í bið eða til að flýta einstaka verkefnum.

## FJÁRMÁLASKRIFSTOFA

### Uppgjörs- og áætlunarkerfi

Verkefnastjórnun og ráðgjöf vegna innleiðingar á uppgjörs- og áætlunarkerfinu Consolidation and Cash. Hið nýja kerfi mun auðvelda gerð samstæðuuppgjöra og samstæðuáætlunar auk þess að bæta skýrslugerð og eftirlit.

### Uppfærsla Agresso

Á árinu 2016 mun þurfa að fara fram uppfærsla í nýja útgáfu af Agresso fjárhagsupplýsingakerfinu. Kaupa þarf ráðgjöf og verkefnastjórnun af ytri aðilum vegna þessa.

### Innkaupakerfi

Undirbúningur og upptaka á fyrsta áfanga innkaupakerfis til að koma á rafrænu, gegnsæju, skilvirku og einföldu ferli innkaupa. Verkefnisstjórnun og önnur aðkeypt vinna.

### Útboðsgögn á vef

Ljúka við innleiðingu kerfis fyrir birtingu útboðsgagna.

### Mannauðs- og launakerfi

Klára innleiðingu á nýju launa- og mannauðskerfi á árinu. Í þessu felst m.a. verkefnastjórn og ráðgjöf auk leyfisgjalda.

### Rafræn gagnagátt

Uppsetning rafrænnar gagnagáttar fyrir íbúa og hagsmunaaðila og framsetning grunnupplýsinga til að veita aðgengi að fjármálaupplýsingum borgarinnar og gefa með því raunsanna mynd af meðhöndlun fjármuna borgarinnar. Í verkefninu felst uppsetning gagnagáttar og framsetning grunnupplýsinga.

### Boðgreiðslugátt

Ljúka við innleiðingu á boðgreiðslugátt fyrir Rafræna Reykjavík.

### Birting stöðu í Rafrænni Rvk.

Skilgreina og birta upplýsingar sem íbúar og fyrirtæki skulu hafa aðgang að í RR vegna þjónustu borgarinnar og gjaldtöku, um stöðu reikninga ofl.

Áætluð fárþörf Fjármálaskrifstofu er samtals 56 mkr.

## SKRIFSTOFA ÞJÓNUSTU OG REKSTURS

### Mínar síður / Rafræn Reykjavík

Nýtt útlit og bætt viðmót RR. Stöðumat, stefnumótun og gerð áætlunar um framtíðarþróun RR.

### Skjalakerfi borgarinnar, uppfærsla/endurnýjun

Lokafrágangur á þarfagreiningu og útboðsgögnum, samkeppnisviðræður og fyrsti áfangi í kaupum/innleiðingu á nýju skjalakerfi.

### Snjallborgin Reykjavík

Endurbætur á tæknilegum innviðum til að mæta þörfum sem munu skapast þegar farið verður í tilraunaverkefni á þessu sviði.

### Miðlæg kerfishögun og skýjalausnir

Haldið verður áfram með nauðsynlegar breytingar í miðlægri kerfishögun hjá upplýsingatæknideild. Meðal verkefna verða uppsetning á nýju sýndarvélaumhverfi, einföldun á gagnagrunnsumhverfi, innleiðing stafrænna skilríkja og áframhaldandi innleiðing skýjalausna.

## Stjórnun hugbúnaðarleyfa (SAM) og gjaldskrártalningar-búnaður

Stefnt að vali, kaupum og innleiðingu á SAM (Software Asset Management) kerfi og gjaldskrártalningarbúnaði.

### Umsjónarbúnaður fyrir snjalltækja-umhverfi

Val á búnaði og innleiðing kerfis til þess að bæta yfirsýn, utanumhald og öryggi snjalltækja-búnaðar.

### Smáforrit (App)

Þróun og aðlögun á smáforritum til þess að gera gögn frá Reykjavíkurborg aðgengileg og auka gagnvirk samskipti við borgarbúa í gegnum snjalltæki.

### Símtala- og þjónustugreining

Greining á þróun og þörfum í þjónustu og afgreiðslu í móttöku. Val á kerfi sem styður við þessar þarfir og gerir þjónustu og afgreiðslu skilvirkari og bætir yfirsýn stjórnenda.

Áætluð fjárþörf hjá Skrifstofu þjónustu og reksturs er samtals 74 mkr.

## SKRIFSTOFA BORGARSTJÓRNAR

### Pappírslausir fundir

Unnið verði að því að fundir borgarráðs og borgarstjórnar geti orðið pappírslausir og fundargögnum dreift á rafrænan hátt. Öryggi fundargagna verði bætt og birting fundargerða á vef auðvelduð. Stuðningur verði bættur við spjaldtölvuvæðingu borgarráðs.

Áætluð fjárþörf hjá skrifstofu borgarstjórnar er samtals 4 mkr.

## ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDASVIÐ

### Aðgangs- og afgreiðslukerfi sundlauga

Sett verði upp samræmt aðgangs- og afgreiðslukerfi. Valið verður kerfi sem getur sinnt báðum þessum þáttum ásamt því ná fram hagræðingu með því að skipta við einn þjónustuaðila.

Áætluð fjárþörf hjá Ípróttá- og tómsundasviði er samtals 20 mkr.

## SKRIFSTOFA BORGARSTJÓRA OG BORGARRITARA

### Stjórnunarupplýsingar

Undirbúningur og innleiðing á stjórnendaupplýsingakerfi fyrir svið og skrifstofur borgarinnar. Í því felst m.a. aðkeypt verkefnastjórnun og ráðgjöf.

### Nýr Reykjavíkurfur og færsla vefja yfir í Drupal

Haldið verður áfram innleiðingu á Drupal, „Open Source“ vefumsjónarkerfi og vefir borgarinnar færðir yfir í nýtt skalanlegt umhverfi og aðlagðir að snjalltækjum.

### Innleiðing á Fotoware og tenging við vefi borgarinnar

Ljúka við innleiðingu á Fotoware, m.a. þannig að hægt verði að birta myndir úr Fotoware beint á vefjum borgarinnar.

### Rafræn langtímavarsla rafrænna gagna

Hafinn verður undirbúningur langtímavarðveislu ganga skv. reglum um vörsluútgáfu rafrænna gagna. Verkefnisstjórnun og aðkeypt ráðgjöf.

Áætluð fjárþörf hjá Skrifstofu borgarstjóra og borgarritara er samtals 26 mkr.

## MENNINGAR OG FERÐAMÁLASVIÐ

### Rafrænt Gestakort

Ráðgjöf og verkefnastjórnun vegna greiningar á lausnum sem í boði eru fyrir rafræn gestakort í stað núverandi korta sem gefin eru út á pappír.

Áætluð fjárþörf hjá Menningar- og ferðamálasviði er samtals 3 mkr.

## SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ

### Skráningarkerfi grunnskóla

Greining, þróun og innleiðing á miðlægu nemendaskráningarkerfi. Kerfið þarf að taka við öllum þeim upplýsingum sem uppfyllir þarfir bæði skólanna og SFS fyrir greiningu og úrvinnslu gagna.

### Frístundaheimilakerfi

Klára þróun og innleiðingu á nýrri virkni Völu frístundar til að tryggja betri afstemmingar fjárhæða og auðvelda útreikning systkinaafsláttu.

### Áframhald þróun Völu leikskólakerfis

Klára þróun skráningarkerfis fyrir leikskóla borgarinnar sem tekið var í notkun á árinu 2010. Áhersla verður á að bæta við faghluta kerfisins.

### Matarþjónustukerfi

Undirbúningur og útböð á Matarþjónustukerfi fyrir skóla og leikskóla.

Áætluð fjárþörf hjá Skóla- og frístundasviði er samtals 33 mkr.

## INNRI ENDURSKOÐUN

### Innri endurskoðunarkerfi

Finna og innleiða kerfi fyrir innri endurskoðun sem myndi leysa af vinnulag sem aðallega er í MS Office hugbúnaði í dag.

Áætluð fjárþörf hjá Innri Endurskoðun er samtals 4 mkr.

## VELFERÐARSVIÐ

### Velferðarkerfi

Áframhaldandi þróun og færsla þjónustubátta inn í Málaskrá sér í lagi m.t.t. laga um málefni fatlaðra. Einnig aukið innbyggt eftirlit í málaskrá við afgreiðslu fjárhagsaðstoðar.

Áætluð fjárþörf hjá Velferðarsviði er samtals 20 mkr.

## UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ

### Búnaður vegna loftgæðamælinga

Tryggja þarf öryggi og aðgengi að loftgæðagögnum borgarinnar. Greina þarf uppsetningu loftgæðabúnaðar hjá Reykjavíkurborg og gera tillögu að úrbótum.

### Skráningarkerfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar

Bæta þarf aðgengi að upplýsingum HER og auðvelda úrvinnslu úr skráningarkerfi og vinnslu tölfræði samkvæmt ítarlegri þarfagreiningu sem unnin var hjá eftirlitinu.

Áætluð fjárþörf hjá Umhverfis- og skipulagssviði er 5 mkr.

## SAMANTEKT

FMS	Nýtt mannaúðs og launakerfi, uppgjörs- og áætlunarkerfi, uppfærsla á agresso, opin fjármálagögn o.fl.	56.000
SBB	Stjórnendaupplýsingar, rafræn langtímavarsla rafrænna gagna, innleiðing fotoware fyrir vef o.fl.	26.000
SBS	Pappírslausir fundir o.fl.	4.000
SPR	Miðlæg kerfishögun, snjallborgin Reykjavík, stjórnun hugbúnaðarleyfa, smáforrit o.fl.	74.000
ÍTR	Aðgangs- og afgreiðslukerfi o.fl.	20.000
SFS	Skráningarkerfi grunnskóla, frístundaheimilakerfi, matarþjónustukerfi o.fl.	33.000
VEL	Þróun velferðarkerfa	20.000
USK	Skráningarkerfi heilbrigðiseftirlits, loftgæðamælibúnaður o.fl.	5.000
END	Innri endurskoðunarkerfi	4.000
MOF	Rafræn gestakort	3.000
	Mikilvæg ófyrirséð verkefni	5.000
Áætluð fjárfesting 2016		250.000





## **B HLUTA FYRIRTÆKI**

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2016

	2016	2017	2018	2019	2020
Rekstartekjur	3.260.400	3.325.608	3.392.120	3.459.963	3.529.162
<b>Tekjur samtals</b>	<b>3.260.400</b>	<b>3.325.608</b>	<b>3.392.120</b>	<b>3.459.963</b>	<b>3.529.162</b>
Lau nog launatengd gjöld	837.000	837.000	837.000	837.000	837.000
Annar rekstarkostnaður	1.178.382	1.178.382	1.178.382	1.178.382	1.178.382
Afskriftir	830.000	890.000	930.000	970.000	1.010.000
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>2.845.382</b>	<b>2.905.382</b>	<b>2.945.382</b>	<b>2.985.382</b>	<b>3.025.382</b>
Fjármunatekjur/gjöld	6673	-8132	-22109	-16498	-2175
<b>Rekstarniðurstaða</b>	<b>421.691</b>	<b>412.094</b>	<b>424.629</b>	<b>458.083</b>	<b>501.605</b>

## STARFSFÓLK

	2016
Fjöldi starfsmanna	67,0
Fjöldi stöðugilda	66,3
<b>Eftir rekstrareiningum:</b>	
Rekstrardeild	18,0
Hafnarþjónusta	33,0
Skrifstofa	16,0

## HLUTVERK


Meginhlutverk Faxaflóahafna sf. er að vera helsta inn- og útflutningshöfn landsins og alþjóðleg þjónustumiðstöð fyrir flutninga, sjávarútveg, iðnað, hafsækna ferðaþjónustu og aðra hafnartengda starfsemi á Norður – Atlantshafi. Að auki er hlutverk Faxaflóahafna sf þróun lands og lóða á hafnarsvæðum fyrirtækisins.

## MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Áætlun árána 2016 til 2020 byggist á þeim grunni sem áætlun ársins 2016 ber með sér og þeirri langtímaáætlun í framkvæmdum sem liggur fyrir. Gert er ráð fyrir sambærilegu umfangi rekstrar þessi ár en áætlaðar tekjur hækka að raungildi um 2,0% á ári. Sérgreind viðhaldsverkefni undir rekstri ráðast af forgangsroðun á hverju ári, en þau nema um 10% af rekstrartekjum fyrirtækisins.

Ólíkt flestum öðrum höfnum innanlands og erlendis þá njóta Faxaflóahafnir sf. engra styrkja eða framlaga frá opinberum aðilum til uppbyggingar og mikilvægra verkefna. Fjárfestingar og framkvæmdir þurfa því að miðast við að til lengri tíma skili tekjur því að standa undir fjárfestingu, viðhaldi og rekstrarkostnaði. Þess vegna er áhersla lögð á mikilvægi þess að fjárhagur fyrirtækisins hafi ávallt þann styrk og slagkraft til þess að sinna því hlutverki sem fyrirtækið hefur í þágu eigna sinna. Framlögð fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að þeirri stöðu verði haldið.

## SKIPTING REKSTRAR 2016



# MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Rekstur Faxaflóahafna sf. felst í rekstri hafnarþjónustu, hafnarvirkja, lands og lóða auk húseigna.

Hafnarþjónustan rekur dráttarbáta, vita og sæmerki, hafnarvogir, hafnsögubjónustu, festarþjónustu auk sölu á raforku og vatni til skipa.

Rekstur hafnarvirkja felst í nýbyggingum, viðhaldi og umhirðu á hafnarmannvirkjum.

Rekstur lands og lóða felst í gatna- og lóðagerð á hafnarsvæðum auk viðhalds og umhirðu gatna og opinna svæða.

Rekstur húseigna felst í útleigu, viðhaldi og umhirðu húseigna í eigu fyrirtækisins.

Rekstur áhaldahúss og rekstur bifreiða í eigu fyrirtækisins.

Ekki er gert ráð fyrir veigamiklum breytingum á umfangi þjónustu og rekstrar á næstu fimm árum.

## FRAMLÖG

Engin framlög til rekstrar eða fjárfestinga, sbr kaflann: Megináherslur, forsendur og fjárhagsleg greining.

## FJÁRFESTINGAR

### Gamla höfnin:

- Undirbúningsframkvæmdir vegna 2. áfanga hafnarbakka á Norðurgarði. Lagðar eru 60 mkr. í verkefnið á árinu 2016, en reiknað er með að efniskaup og bygging bakka verði á árinu 2017. Frágangur og verklok eru síðan árið 2018 og heildarkostnaður áætlaður um 460 mkr.

### Sundahöfn:

- Framkvæmdir við nýjan 470 metra langan Kleppsbakka, innkaup á stálþili, stagefni og staurum, niðurrekstur þils og upphafsframkvæmdir bakkagerðar. Þetta verk verður helsta framkvæmd hafnar á næstu árum og kostnaður við verkið er áætlaður um 2.500 mkr.

### Grundartangi:

- Fyrstu áfangar gatnagerðar vegna tengingar lóðar Silicor á Katanesi. Áætlaður kostnaður 2016 er um 200 mkr., en alls er kostnaður við verkið áætlaður um 600 mkr.

### Akranes:

- Styrking rafdreifikerfis fyrir rafmagn til skipa og ýmis rannsóknarverk tengd landgerð utan Aðalhafnargarðs.

## Tölur sem sýna skiptingu framkvæmdakostnaðar fyrir hafnir og á verkflokka:

í millj. kr.	2016	2017	2018	2019	2020
Gamla höfnin	145	395	125	75	90
Sundahöfn	1.410	830	595	485	350
Grundartangi	500	530	340	125	40
Akranes	20	20	275	470	650
Tæki og búnaður	30	30	30	30	30
<b>Faxaflóahafnir sf. alls</b>	<b>2.105</b>	<b>1.805</b>	<b>1.365</b>	<b>1.185</b>	<b>1.160</b>

í millj. kr.	2016	2017	2018	2019	2020
Hafnarvirki	1.605	1.290	700	620	835
Land og lóðir	135	140	345	295	205
Götur	315	325	270	230	90
Siglingavernd búnaður	20	20	20	10	0
Tæki og búnaður	30	30	30	30	30
<b>Faxaflóahafnir sf alls:</b>	<b>2.105</b>	<b>1.805</b>	<b>1.365</b>	<b>1.185</b>	<b>1.160</b>

## FJÁRHAGSLEG STAÐA

Fjárhagsstaða Faxaflóahafna sf. er og hefur verið sterk og miðað er við að þeirri stöðu verði haldið á árinu 2016. Með tilfærslu verkefna og betri afkomu eykst handbært fé á árinu 2015, en með því umfangi framkvæmda sem stillt er upp árið 2016 er gengið á handbært fé. Engar lántökur eru fyrirhugaðar, Faxaflóahafnir sf framkvæma og starfa á eigin aflafé.

## LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	2012	2013	2014	Áætlað 2015	Áætlað 2016
Fjöldi skipa > 100 brt.	1.471	1.472	1.406	1.450	1.450
Brúttótonn skipa í þús. tonna	8.812	8.708	9.118	9.300	9.500
Heildarflutningar í þús. tonna	3.301	3.502	3.645	3.800	4.000
Innflutningur í þús. tonna	2.060	2.201	2.212	2.300	2.400
Útflutningur í þús. tonna	902	821	876	880	900
Landaður afli í þús. tonna	155	140	153	150	150
Skemmtiferðaskip	81	80	91	108	105
Fjöldi farþega	92.000	92.400	104.800	100.000	100.000
Fjöldi starfsmanna (föst stöðugildi)	62	62	63	67	67
Eignarland alls í hekturum	1.033	1.025	1.025	935	935
Lóðir samkv. skipulagi í eigu Faxaflóahafna í hekturum	342	344	348	320	320
Lengdir hafnarbakka og bryggja í metrum	8.104	8.252	8.316	8.500	8.600

# FÉLAGSBÚSTAÐIR

Eftirfarandi eru frumdrög að áætlun Félagsbústaða hf. fyrir tímabilið 2015-2020. Hún er unnin samkvæmt gangvirðisuppgjöri sem felur í sér að fjárfestingareignir félagsins eru ekki afskrifaðar en eru endurmetnar í takt við fasteignamat. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að umhverfi þróist í takt við grunnmynd sem skilgreind var af fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar fyrir breytilegt verðlag á tímabilinu 2015 til 2020.

Áætluð stækkun á eignasafni félagsins er metnaðarfull eða að nettó fjölgun almennra félagslegra íbúða í eigu og/eða forsjá félagsins verði 500 íbúðir á tímabilinu 2015—2019. Markmiðum um fjölgun íbúða verði náð með því að:

- Kaupa íbúðir á almennum fasteignamarkaði
- Kaupa íbúðir í byggingu eða nýbyggðar íbúðir af verktökum
- Kaupa búseturétt í íbúðum hjá óskyldum félögum sem ekki eru rekin með hagnaðarsjónarmiði
- Leigja eða kaupa íbúðir úr Reykjavíkurborg
- Byggja á vegum félagsins íbúðarhús á lóðum sem Reykjavíkurborg úthlutar félaginu.

Erfitt getur reynst að finna 500 litlar íbúðir á næstu 5 árum, en það hefur reynst þrautinni þyngur að finna þær 2ja herbergja íbúðir sem félagið hefur stefnt að því að kaupa undanfarin ár. Auknar byggingarframkvæmdir í Reykjavík og íbúðaframboð ráða mestu um hvernig til tekst í þeim efnum. Ef illa gengur að finna íbúðir til kaups, á félagið auðvelt með að skipuleggja nýframkvæmdir og láta byggja hús fá það til þess lóðir

## FJÖLGUN EIGNA

Í samvinnu við velferðarsvið viðhalda Félagsbústaðir áætlun um þróun eignasafns félagsins næstu árin. Eftirfarandi töflur eru unnar upp úr þessari áætlun.

Á tímabilinu verði seldar 12 íbúðir þ.a. nettó fjölgun eigna verði 506. Miðað er við ár sem íbúðir eru tilbúnar til notkunar (en ekki árið sem framkvæmdir hefjast). Hér eru ekki taldir til kostir sem mikil óvissa ríkir um að raun gerist (einkaaðilar)

Óvissa	(Multi-Items)							
Fjölgun eigna	Lokár							
Uppruni		2015	2016	2017	2018	2019	2020	Alls
Búseturéttur			15	1	21			37
Kaup á markaði		44	60	41	30	30		205
Á lóðum einkaaðila							20	20
Á lóðum RVK			1	2	107	71	55	236
Stúdentar				20				20
<b>Alls</b>		<b>44</b>	<b>76</b>	<b>64</b>	<b>158</b>	<b>101</b>	<b>75</b>	<b>518</b>

## FJÖLGUN ÍBÚÐAEININGA

Ef um sértæk búseturúrræði er að ræða eru yfirleitt nokkrar íbúðir innan sömu eignar þ.a. fjölgun íbúða til úthlutunar verður nokkuð meiri en fjölgun eigna. Gert er ráð fyrir að nýjar íbúðir til úthlutunar skiptist eins og fram kemur í töflunni hér til hliðar.

Óvissa	(Multi-Items)							
Fjölgun úthlutana	Lokár							
Uppruni		2015	2016	2017	2018	2019	2020	Alls
Almennar		44	60	61	145	86	75	471
Búsetukjarni			5	15	23	18		61
Utankjarnaíbúðir			15		5	13		33
<b>Alls</b>		<b>44</b>	<b>80</b>	<b>76</b>	<b>173</b>	<b>117</b>	<b>75</b>	<b>565</b>

## FJÁRMÖGNUNARÞÖRF

Gert er ráð fyrir að stærð eigna sé á bilinu 50 -70m2 og föstum einingaverðum á fermetra fyrir ólík úrræði.

Þá verður heildarfjármögnunarþörf vegna ofangreindra verkefna (lóðarverð, hönnunarkostnaður, byggingarkostnaður og fjármögnunarkostnaður á byggingartíma) eins og fram kemur á töflunni hér til hliðar. Heildar fjármögnunarþörf er áætluð tæpir 15 ma á tímabilinu.

Reitur	2015	2016	2017	2018	2019	2020	Alls
Kaup	990	1.577	2.102	2.422	3.444	309	10.845
Nýframkvæmdir	90	735	825	600	225	0	2.475
Eignfært viðhald	284	200	200	200	200	200	1.284
<b>Alls</b>	<b>1.364</b>	<b>2.512</b>	<b>3.127</b>	<b>3.222</b>	<b>3.869</b>	<b>509</b>	<b>14.604</b>
<b>Uppsafnað</b>	<b>1.364</b>	<b>3.876</b>	<b>7.002</b>	<b>10.225</b>	<b>14.094</b>	<b>14.604</b>	

# TÖLULEGAR FORSENDUR

Eftirfarandi eru helstu tölulegu forsendur fyrir fjárhagsáætlun Félagsbústaða

	Vísit.	Eining	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Áætlun: 2015-2020 Útg01			GRUNNMYND: Tíu ár áætlun á breytilegu verðlagi					
<b>Forsendur</b>								
Vísitala neysluverðs	VNV	-	2,40%	4,90%	4,60%	3,40%	2,80%	2,60%
Launavísitala	LV	-	7,60%	7,80%	6,00%	5,20%	4,60%	4,30%
Íbúðaverð skv. FMR	ÍV	-	7,60%	7,80%	6,00%	5,20%	4,60%	4,30%
Vísitala neysluverðs - uppsafnað	VNV		1	1,0490	1,0973	1,1346	1,1663	1,1967
Launavísitala - uppsafnað	LV		1	1,0780	1,1427	1,2021	1,2574	1,3115
Íbúðaverð skv. FMR - uppsafnað	ÍV		1	1,0780	1,1427	1,2021	1,2574	1,3115
Nýjar eignir	Íbúðir		44	76	64	158	101	75
Sala eigna	Íbúðir		-2	-2	-2	-2	-2	-2
Kaup eigna - fast verðlag	Mkr		1.056	1.652	2.219	2.514	3.667	330
Nýframkvæmdir - fast verðlag	Mkr		124	772	888	663	240	0
Eignfært viðhald - fast verðlag	Mkr		284	200	200	200	200	200
Lánshlutfall fyrir eignfært viðhald		-	100%	100%	100%	100%	100%	100%
Lánshlutfall kaupa og nýframkvæmdir		-	70%	70%	70%	70%	70%	70%
Lánshlutfall sala		-	60%	59%	58%	57%	56%	54%
Stærð eignasafns	Íbúðir		2.284	2.358	2.420	2.576	2.675	2.748
Meðal söliverð eigna	ÍV	Mkr/íbúð	24,0	25,9	27,4	28,9	30,2	31,5
Kaup eigna	ÍV	Mkr	1.056	1.781	2.536	3.021	4.610	433
Nýframkvæmdir	ÍV	Mkr	124	832	1.015	797	302	0
Sala eigna	ÍV	Mkr	-48	-52	-55	-58	-60	-63
Eignfært viðhald	ÍV	Mkr	284	216	229	240	251	262
Breyting á verðmæti eignasafns	ÍV	Mkr	1.132	2.561	3.496	3.761	4.852	370
Stærð efnahagsreiknings	ÍV	Mkr	52.017	58.636	65.650	72.825	81.026	84.880
Tekjur á íbúð (núverandi safn)	VNV	Mkr/íbúð	1,341	1,407	1,472	1,522	1,565	1,605
Tekjur á íbúð (nýjar íbúðir)	VNV	Mkr/íbúð	0	0	0	0	0	0

## Skýringar, hugleiðingar og fyrirvarar

- Allar upphæðir eru í milljónum króna og eru á verðlagi hvers árs nema annað komi fram í texta
- Blátt letur táknar forsendur, svart letur táknar afleiddar stærðir
- Áætlun fyrir rekstur í lok ársins 2015 hefur verið uppfærð miðað við hálfársuppgjör félagsins og forsendur sviðsmyndar
- Gert er ráð fyrir óbreyttu leiguverði eigna í núverandi safni. Leiguverð nýrra eigna verði ákvarðað sem 6,2% af áætluðu fasteignamati þeirra 2016.
- Nettó stækkun eignasafns verði fjármögnuð að 70% hluta með lánum, 10% hluta með eiginfjárframlagi frá Reykjavíkurborg en að 20% hluta með stofnstyrk frá ríki. Þetta á þó ekki við um árið 2015 þar sem ekki náðist að samþykkja frumvarp um stofnstyrki á fyrri hluta ársins og lánshlutfall verður því 90% á móti 10% eiginfjárframlagi frá Reykjavíkurborg.

## REKSTUR

	Vísit.	Eining	2015	2016	2017	2018	2019	2020
<b>Tekjur</b>								
Tekjur alls	VNV	Mkr	3.116	3.538	3.908	4.261	4.660	4.802
<b>Gjöld</b>								
Viðhald	VNV	Mkr	-700	-778	-860	-938	-1.025	-1.056
Annar rekstarkostn. fasteigna	VNV	Mkr	-348	-354	-391	-426	-466	-480
Fasteigna - og brunabótaiðngjöld	ÍV	Mkr	-334	-375	-420	-466	-519	-543
Laun og launatengd gjöld	LV	Mkr	-180	-209	-222	-233	-244	-254
Annar skrifst. og stjórnunarkostn.	VNV	Mkr	-64	-71	-78	-85	-93	-96
Framlag til afskrifta viðskiptakrafna	VNV	Mkr	-53	-71	-78	-85	-93	-96
Afskriftir eigna til eigin nota	VNV	Mkr	0	0	0	0	0	0
Vaxtagjöld	VNV	Mkr	-990	-1.082	-1.176	-1.279	-1.381	-1.504
<b>Alls</b>			<b>-2.669</b>	<b>-2.940</b>	<b>-3.225</b>	<b>-3.512</b>	<b>-3.821</b>	<b>-4.031</b>
<b>Afkoma fyrir verðbætur og matsbreyt.</b>		<b>Mkr</b>	<b>447</b>	<b>598</b>	<b>684</b>	<b>750</b>	<b>839</b>	<b>771</b>
<b>Hagnaður fyrir fjármagnsliði</b>		<b>Mkr</b>	<b>1.437</b>	<b>1.680</b>	<b>1.860</b>	<b>2.028</b>	<b>2.220</b>	<b>2.276</b>
<b>Hagnaður fyrir fjármagnsliði/tekjur</b>		<b>-</b>	<b>46,1%</b>	<b>47,5%</b>	<b>47,6%</b>	<b>47,6%</b>	<b>47,6%</b>	<b>47,4%</b>

### Skýringar

- Gert er ráð fyrir að leigutekjur verði óbreyttar nema vegna stækkunar eignasafns og breytingar í vísitölu neysluverðs. Það samsvarar leigustuðlu 6,20% á fasteignamat 2016 fyrir safnið í heild
- Í meðalleigutekjum hefur verið tekið tillit til vannýtingar húsnæðis vegna flutninga og viðhalds
- Ekki er gert ráð fyrir að bæta þurfi við nýju starfsfólki hjá Félagsbústöðum vegna reksturs nýrra íbúða eða kaupa á nýjum íbúðum. Hinsvegar er gert ráð fyrir að ráðinn verði fjármálastjóri til félagsins þar sem miklar breytingar eru í farvatninu hvað varðar fjármögnun þess
- Gjöld, önnur en laun og launatengd gjöld, eru áætluð á hverju ári sem hlutfall af tekjum eða verðmæti eigna.
- Gert er ráð fyrir að gjaldfært viðhald sé 22% af tekjum á hverju ári
- Gert er ráð fyrir að eignfært viðhald verði 200 milljónir á ári á verðlagi ársins 2015 og verði fjármagnað að fullu með lántöku
- Í áætlun er gert ráð fyrir að allar eignir félagsins séu fjárfestingaeignir og því ekki áætlað fyrir afskriftum
- Ekki hefur verið tekið tillit til lækkunar á vaxtagreiðslum sem kunna að raun gerast við endurfjármögnun óhagstæðra langtímalána sem til skoðunar er undir lok árs 2015.

## MATSBREYTINGAR OG EFNAHAGUR

	Vísit.	Eining	2015	2016	2017	2018	2019	2020
<b>Matsbreyting</b>								
Verðmæti eignasafns í upphafi tímabils	ÍV	Mkr	47.291	52.017	58.636	65.650	72.825	81.026
Breyting á eignasafni á tímabilinu	ÍV	Mkr	1.132	2.561	3.496	3.761	4.852	370
Verðmæti fyrir matsbreytingu	ÍV	Mkr	48.423	54.578	62.132	69.411	77.676	81.396
Verðmæti eftir matsbreytingu	ÍV	Mkr	52.017	58.636	65.650	72.825	81.026	84.880
Breyting á verðmæti eignasafns			4.726	6.619	7.014	7.175	8.202	3.854
Eignfært viðhald	LV	Mkr	-284	-216	-229	-240	-251	-262
Annar eignfærður kostnaður			-20	-20	-20	-20	-20	-20
Matsbreyting fjárfestingaeigna		Mkr	4.422	4.057	3.518	3.414	3.350	3.484
Hagnaður fyrir fjármagnsliði		Mkr	1.437	1.680	1.860	2.028	2.220	2.276
Vaxtagjöld	VNV	Mkr	-990	-1.082	-1.176	-1.279	-1.381	-1.504
Verðbætur langtímalána	VNV	Mkr	-717	-1.537	-1.579	-1.289	-1.158	-1.180
Matsbreyting fjárfestingaeigna		Mkr	4.422	4.057	3.518	3.414	3.350	3.484
<b>Hagnaður</b>		<b>Mkr</b>	<b>4.152</b>	<b>3.118</b>	<b>2.623</b>	<b>2.874</b>	<b>3.031</b>	<b>3.075</b>
<b>Efnahagur í lok tímabils</b>								
Eigið fé		Mkr	20.644	24.314	27.732	31.463	35.641	38.653
Skuldir	VNV	Mkr	31.373	34.322	37.918	41.362	45.385	46.227
<b>Alls</b>	<b>ÍV</b>	<b>Mkr</b>	<b>52.017</b>	<b>58.636</b>	<b>65.650</b>	<b>72.825</b>	<b>81.026</b>	<b>84.880</b>
<b>Eiginfjárlutfall</b>		<b>-</b>	<b>39,7%</b>	<b>41,5%</b>	<b>42,2%</b>	<b>43,2%</b>	<b>44,0%</b>	<b>45,5%</b>

### Skýringar og hugleiðingar

- Skuldir og efnahagur í lok árs 2015 eru áætluð út frá stöðu félagsins í 6. mánaða uppgjöri
- Skuldir félagsins vaxa í takt við íbúðakaup og eignfært viðhald en minnka í takt við afborganir lána
- Gert er ráð fyrir að ný lán verði verðtryggtð jafngreiðslulán tekin á almennum markaði með 3,0% vöxtum til 50 ára, en það er í samræmi við þau kjör sem félaginu stendur til boða um þessar mundir
- Afborganir og vextir af núverandi lánasafni og nýjum lánnum voru framreiknaðir í lánahermi
- Hækkun á verðlagi fasteigna hefur jákvæð áhrif á eiginfjárlutfall félagsins. Þessa hækkun má að einhverjum hluta raungera í sjóðsstreymi með því að selja lítið skuldsettar íbúðir, en hækkun á verðlagi fasteigna felur líka í sér að félagið þarf að greiða sífellt hærra verð fyrir nýjar fasteignir.



## SJÓÐSTREYMI

	Eining	2015	2016	2017	2018	2019	2020
<b>Sjóðstreymi</b>							
Hagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT)	Mkr	1.437	1.680	1.860	2.029	2.220	2.276
Breyting á skammtímaskuldum/kröfum		0	0	0	0	0	0
Vaxtagjöld	Mkr	-990	-1.082	-1.176	-1.279	-1.381	-1.504
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>Mkr</b>	<b>447</b>	<b>598</b>	<b>684</b>	<b>750</b>	<b>839</b>	<b>771</b>
Kaup eigna	Mkr	-1.056	-1.781	-2.536	-3.021	-4.610	-433
Sala eigna	Mkr	48	52	55	58	60	63
Nýframkvæmdir	Mkr	-124	-832	-1.015	-797	-302	0
Eignfært viðhald	Mkr	-284	-216	-229	-240	-251	-262
Annar eignfærður kostnaður	Mkr	-20	-20	-20	-20	-20	-20
Breyting á skammtímakröfum	Mkr	0	0	0	0	0	0
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>	<b>Mkr</b>	<b>-1.436</b>	<b>-2.797</b>	<b>-3.744</b>	<b>-4.022</b>	<b>-5.123</b>	<b>-652</b>
Innborgað hlutafé frá Reykjavíkurborg	Mkr	113	256	350	376	485	37
Innborgað hlutafé frá Ríki	Mkr	0	512	699	752	970	74
Afborganir lána	Mkr	-520	-602	-665	-725	-791	-868
Ný lán (íbúðakaup og eignf. viðhald)	Mkr	1.335	2.045	2.714	2.914	3.690	565
Uppgreidd lán (íbúðasala)	Mkr	-32	-31	-32	-33	-34	-35
<b>Fjármögnunarahreyfingar</b>	<b>Mkr</b>	<b>896</b>	<b>2.180</b>	<b>3.066</b>	<b>3.283</b>	<b>4.320</b>	<b>-227</b>
Breyting á handbæru fé	Mkr	-92,4	-19,5	5,2	11,1	36,5	-108,1
Áætlað handbært fé í lok tímabils	Mkr	-225,4	-244,8	-239,6	-228,5	-192,0	-300,0

### Skýringar

- Gert er ráð fyrir að hlutafjárframlag vegna nettó stækkunar eignasafnsins komi frá eiganda og ríki
- Innborgað hlutafé frá Reykjavíkurborg verði ríflega 1,6 milljarðar á áætlunartímanum og tæplega 3,0 milljarðar frá ríki
- Ekki er áætlað fyrir breytingum á skammtímakröfum/eignum á tímabilinu
- Að þessu gefnu verður handbært fé í jörnum á áætlunartímanum
- Sjóðstreymi félagsins er mjög viðkvæmt fyrir breytingum í leiguverði, viðhaldskostnaði og lánskjörum
  - Ef leigutekjur félagsins minnka, bitnar það beint á handbæru fé ef ekki er gripið til mótvægisáðgerða
  - Aukning í gjaldfærðum viðhaldskostnaði hefur strax mikil áhrif á handbært fé félagsins
  - Aukning í eignfærðum viðhaldskostnaði hefur langtímaáhrif á handbært fé vegna aukinnar lántöku sem skapa takmarkarkaðar nýjar tekjur
  - Breyting á vaxtakjörum og/eða lánstíma langtímalána hefur mikil áhrif á handbært fé félagsins
- Gert er ráð fyrir að breyting á handbæru fé verði neikvæð í lok árs 2015. Spennu gætir á byggingamarkaði og gjaldfærður viðhaldskostnaður sem af er ári hefur verið nokkuð hærra en ráð var fyrir gert. Tekjur eru hinsvegar heldur lægri en gert var ráð fyrir þar sem verðbólga var neikvæð á fyrri hluta ársins. Þensla á byggingamarkaði kemur því ekki fram í mælingum Hagstofu Íslands á breytingum á neysluvísitölu.

## HELSTU MÆLIKVARÐAR

	Eining	2015	2016	2017	2018	2019	2020
<b>Mælikvarðar</b>							
Afborganir og vextir	Mkr	-1.510	-1.684	-1.841	-2.004	-2.171	-2.373
Vaxtaþekja	-	1,45	1,55	1,58	1,59	1,61	1,51
Skuldaþekja	-	0,95	1,00	1,01	1,01	1,02	0,96
Eiginfjárhlutfall	-	39,7%	41,5%	42,2%	43,2%	44,0%	45,5%
EBIT án gjaldfærðs viðhalds	Mkr	2.137	2.458	2.720	2.966	3.245	3.332
Vaxtagjöld	Mkr	990	1.082	1.176	1.279	1.381	1.504
Áætlað viðhald	Mkr	871,5	953,4	1.053,3	1.148,9	1.260,7	1.284,1
Sjálfbærni	-	1,15	1,21	1,22	1,22	1,23	1,19
Vaxtagjöld og afborganir % af tekjum	-	48,5%	47,6%	47,1%	47,0%	46,6%	49,4%
Gjaldfært viðhald	Mkr	700	778	860	938	1.025	1.056
Eignfært viðhald	Mkr	284	216	229	240	251	262
<b>Alls</b>	<b>Mkr</b>	<b>984</b>	<b>994</b>	<b>1.088</b>	<b>1.178</b>	<b>1.277</b>	<b>1.319</b>
Gjaldfært viðhald/Tekjur	-	22,5%	22,0%	22,0%	22,0%	22,0%	22,0%
(Gjaldfært+Eignfært viðhald)/Tekjur	-	31,6%	28,1%	27,8%	27,6%	27,4%	27,5%
Eignfært viðhald/Efnahagur	-	0,5%	0,4%	0,3%	0,3%	0,3%	0,3%
(Gjaldfært+Eignfært viðhald)/Efnahagur	-	1,9%	1,7%	1,7%	1,6%	1,6%	1,6%

### Skýringar, hættur, varnaglar og hugleiðingar

- Sjálfbærni =  $(EBIT - \text{gjaldfært viðhald}) / ((\text{skuldir} / (40 * 0,9)) + \text{vaxtagjöld})$
- Vaxtaþekja, skuldaþekja og sjálfbærni eru ofan viðmiðunarmarka sem eru 1,4; 0,9 og 1,1 á áætlunartímanum
- Staða félagsins er nokkuð sterk um þessar mundir og því líklegt að því standi til boða fjármögnun á almennum markaði án ábyrgðar frá eiganda á þeim kjörum sem skilgreind eru í áætlun
- Eldri eignir félagsins eru yfirleitt leigðar út á mjög hagstæðu verði. Því er til skoðunar hvort ekki sé rétt að stuðla að auknum jöfnuði milli leigutaka félagsins með því að ákvarða leiguverð íbúða óháð því hvenær þær voru keyptar.

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2016

	2016	2017	2018	2019	2020
Rekstarniðurstaða*	37.800	53.000	59.000	62.000	61.000

\*Rekstrarreikningur ekki birtur af samkeppnisástæðum.

## STARFSFÓLK

	2016
Fjöldi starfsmanna	33
Fjöldi stöðugilda	36
<b>Eftir rekstrareiningum:</b>	
Hráefnadeild	5
Framleiðsludeild	5
Framkvæmdadeild	17
Yfirstjórn	6

## HLUTVERK

Malbikunarstöðin Höfði hf. rekur grjótmulningsstöð og 2 malbikunarstöðvar, leggur út malbik og annast hálkueyðingu og snjómokstur. Fyrirtækið framleiðir malbik og steinefni í samræmi við *Alverk95* og ÍST EN staðla. Til að tryggja örugga og varanlega vegi leggur fyrirtækið mikinn metnað í rannsóknir og þróun. Fyrirtækið er með vottað gæðakerfi samkvæmt *ÍST EN ISO 9001* staðli og vottað umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt *ÍST EN ISO 14001* umhverfisstaðli. Fyrirtækið stefnir að því að uppfylla kröfur *OHSAS 18000* öryggisstaðli.

Framleiðsluvörur fyrirtækisins, bæði malbik og steinefni, eru CE merktar og vottaðar af viðurkenndan vottunaraðila innan ESB. British Standard (BSI) er okkar vottunaraðili.

Malbikunarstöðin Höfði hf. er í eigu Borgarsjóðs Reykjavíkur og Aflvaka hf. en við stofnun fyrirtækisins á árinu 1996 sameinuðust tvö borgarfyrirtæki Malbikunarstöð- og Grjótnám Reykjavíkurborgar í eitt hlutafélag.

## MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Megináherslur fyrirtækisins næsta ár verða fólgnar í því að verja hag fyrirtækisins og forða því frá áföllum. Áfram verður haldið að hagræða í rekstri og um leið að verja störf eftir því sem nokkur kostur er.

Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum í umsvifum árið 2016 frá fyrri árum. Framleiðsla Malbikunarstöðvar árið 2015 verður að öllum líkindum sú mesta frá árinu 2009, sem er talsvert umfram það sem áætlanir gerðu ráð fyrir. Sömuleiðis stefnir í að útlögn Framkvæmdadeildar fyrirtækisins verði með því mesta frá því fyrir hrun. Vonir standa til þess að rekstrarskilyrði árið 2016 verði svipaðar, en þó bendir ýmislegt til þess að aftur verði dregið úr framlögum til viðhaldsaðgerða slitlaga árið 2016. Reiknað er með að malbiksframleiðsla og malbiksútlögn verði lítið eitt minni á næsta ári en hún stefnir í að verða árið 2015, eða í besta falli svipuð. Hins vegar má ætla að einhver aukning verði árin sem á eftir koma.

Forgangsatríði er að ganga frá lóðamálum fyrirtækisins þannig að gerður verði lóðasamningur um núverandi lóð til ákveðins tíma og framtíðar staðsetning ákveðin. Einnig er mikilvægt að dýpka innsiglingu og snúningssvæði skipa við Ártúnshöfn svo skip með asfaltfarma til fyrirtækisins geti lagst við bryggju. Að öðrum kosti er hætt við að fyrirtækið standi höllum fæti í harðri samkeppni við alþjóðleg stórfyrirtæki sem hafa haslað sér völl hér á landi, sem og við smærri innlenda aðila.

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi liggur fyrir að Malbikunarstöðin Höfði hf mun víkja af núverandi lóð í Ártúnshöfða og íbúðabyggð koma í staðinn. Ekki liggur fyrir hvenær það verður né hvar fyrirtækinu verður fundinn staður til framtíðar. Eins er það yfirvofandi að þjónustu við Ártúnshöfðahöfn verði hætt fljótlega eftir að Björgun hverfur af svæðinu á árinu 2016. Þar með mun lokast fyrir aðkomu skipa með nauðsynleg hráefni til starfseminnar. Fyrirtækið fékk endurnýjað starfsleyfi á árinu 2015 og gildir það einungis til ársins 2019, að tillögu eigandans. Því er afar stuttur tími til stefnu til að finna fyrirtækinu framtíðarlóð og hefja uppbyggingu á nýjum stað. Þar til niðurstaða liggur fyrir í lóðamálum er erfitt um vik að leggja fram áreiðanlegar langtímaáætlanir.

## FJÁRÞÖRF

Fyrirtækið hefur ekki þurft að taka skammtímalán vegna reksturs til þessa og á því hvíla engar langtímaskuldir. Verði ákveðið að fara í auknar fjárfestingar er lántaka nauðsynleg, en engar ákvarðanir verða teknar um lántökur án þess að það verði rætt ítarlega í stjórn fyrirtækisins.

## FJÁRFESTINGAR

Engar ákvarðanir hafa verið teknar um fjárfrekar fjárfestingar árið 2016 og líklegt er að þær verði svipaðar og undanfarin 2 ár. Reglulega þarf að endurnýja tæki og aðlaga framleiðsluferlið að nýjum framleiðslutegundum og til að auka gæði og hagkvæmni í rekstri. Fylgst er með nýjungum á markaði og brugðist við þeim eftir því sem við á við íslenskar aðstæður. Engar ákvarðanir eru teknar um fjárfestingar án undangenginnar ítarlegrar umfjöllunar í stjórn fyrirtækisins. Hins vegar er ljóst að þegar framtíðar staðsetning fyrirtækisins liggur fyrir verður að fara í gríðarlegar fjárfestingar við uppbyggingu nýrrar aðstöðu. Þau atriði verða rædd ítarlega í stjórn fyrirtækisins og kynnt eigandanum.

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2016

	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Rekstartekjur	2.351.184	2.474.337	2.566.431	2.566.431	2.566.431	2.566.431
<b>Tekjur samtals</b>	<b>2.351.184</b>	<b>2.474.337</b>	<b>2.566.431</b>	<b>2.566.431</b>	<b>2.566.431</b>	<b>2.566.431</b>
Laun og launatengd gjöld	1.798.146	1.937.151	1.937.151	1.937.151	1.937.151	1.937.151
Annar rekstarkostnaður	369.730	386.303	390.416	390.416	390.416	390.416
Afskriftir	83.386	87.147	89.519	97.247	104.315	112.173
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>2.251.262</b>	<b>2.410.601</b>	<b>2.417.086</b>	<b>2.424.814</b>	<b>2.431.882</b>	<b>2.439.740</b>
Fjármunatekjur/gjöld	-24.878	-25.296	-49.378	-47.983	-46.681	-45.434
Tekjuskattur	-9.811	-10.567	0	0	0	0
<b>Rekstarniðurstaða</b>	<b>65.234</b>	<b>27.873</b>	<b>99.967</b>	<b>93.634</b>	<b>87.868</b>	<b>81.258</b>

## STARFSFÓLK

	2015
Fjöldi starfsmanna	160
Fjöldi stöðugilda	160
<b>Eftir rekstrareiningum:</b>	
Útkallssvið	125
Forvarnarsvið	15
Stoðdeildir og yfirstjórn	20

## HLUTVERK

Leiðarljós SHS er að veita gæðþjónustu vegna forvarna og fyrstu viðbragða til að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir. Hjá liðinu starfi vel menntað og þjálfað starfsfólk með skýr markmið.

## MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 er gert ráð fyrir að tekjur SHS, þ.e. samstæðunnar sem auk SHS telur SHS fasteignir og Almanna- og höfuðborgarsvæðisins, hækki milli ára um 123 m.kr. Gert er ráð fyrir að tekjur vegna sjúkraflutninga hækki um 98 m.kr., sértekjur hækka um tæpar 21 m.kr., tekjur SHS fasteigna um rúmar 4 m.kr. og tekjur Almanna- og höfuðborgarsvæðisins um 0,4 m.kr. Framlag eigenda þ.e. sveitarfélagana á höfuðborgarsvæðinu til SHS hækkar ekki milli ára þó svo í forsendum fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar sé gert ráð fyrir að vísitala neysliverðs hækki um 4,9% og launavísitala hækki um 7,8%.

Framlag eigenda í fjárfestingarsjóð er skorið niður tímabundið á árinu 2016 um tæpar 65 m.kr. Framlagið samkvæmt stofnsamningi ætti að vera tæpar 117 m.kr. en verður rúmar 52 m.kr. Ástæðan fyrir því að hægt er að skera framlagið í fjárfestingarsjóð svo mikið niður er að kaup á nýjum slökkvibílum frestast um eitt ár. Gert er ráð fyrir að fyrsti bíllinn af fjórum komi til landsins árið 2017.


Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum á rekstri SHS á milli ára. Á árinu 2015 var ný slökkvistöð við Skarhólabraut tekin í notkun og einnig voru ráðnir um 12 nýir starfsmenn til að manna nýju slökkvistöðina.

Helstu óvissuþættir í rekstri milli ára snúa fyrst og fremst að því að ekki er búið að ljúka við gerð nýs kjarasamnings en eldri kjarasamningur rann út 1. maí 2015. Einnig er enn ekki búið að ljúka við endurskoðun á starfsmati nokkurra starfsheita sem dregist hefur mikið á langinn.

Meiri breytinga er að vænta á árunum 2017-2020. Stefnt er að því að kaupa fjóra nýja slökkvibíla og komi sá fyrsti á árinu 2017 og síðan einn bíll árlega eftir það. Árið 2017 er einnig stefnt að því að selja núverandi slökkvistöð við Tunguháls og byggja nýja slökkvistöð í staðinn sem verði betur staðsett.

SHS stendur í tveimur dómsmálum vegna gengistryggðra lána annarsvegar við Lánasjóð sveitarfélaga og hins vegna Íslandsbanka. Dómsmálið við Lánasjóðinn er komið til Hæstaréttar og er niðurstöðu að vænta um ármótin. Í héraðsdómi var Lánasjóðurinn dæmdur til að greiða SHS 370 m.kr. auk dráttarvaxta. Búið er að dómataka málið gagnvart Íslandsbanka en ekki er ljóst hvenær málið verður tekið fyrir. Ef þessi mál vinnast er hægt að nota þá fjármuni til að greiða upp lán og/eða nota þá til fjárfestinga í slökkvibílum og nýrri slökkvistöð. Um leið þyrftu eigendur að leggja minna fé til fjárfestinga og reksturs.

## SKIPTING REKSTRAR 2016



## MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

### Útkallssvið

Helstu hlutverk útkallsviðsins eru slökkvilið og sjúkraflutningar. Fjöldi útkalla hjá slökkviliðinu milli ára hefur verið nokkuð stöðugur og ef eitthvað er hefur útköllum fækkað aðeins. Helstu ástæður eru öflugar forvarnir og mikil fræðsla. Fjöldi sjúkraflutninga heldur aftur á móti áfram að fjölga á milli ára og er skýringin fyrst og fremst sú að þjóðin eldist og fjölgar. Einnig hefur fjöldi sjúkraflutninga með erlenda ferðamenn aukist milli ára sem skýrist af fjölgun ferðamanna til landsins. Áætlað er að tekjur af sjúkraflutningum aukist um 98 m.kr. milli ára eða um 11,7%. Hluttur tekna vegna sjúkraflutninga af heildartekjum hækkar milli ára úr rúmum 35% í tæp 38%. Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum hjá útkallssviðinu næstu árin. Þó er áætlað mikið átak í að endurnýja slökkvibíla eins og komið hefur fram hér á undan.

### Forvarnarsvið

Hlutverk forvarnarsviðsins hefur verið að breytast hægt og rólega milli ára. Mikið átak og þróun í forvörnum í gegnum árin hefur skilað sér í fækkun útkalla slökkviliðsins. Seinustu árin hefur verið lögð meiri áhersla á þróun ýmissa forrita og gagnabanka sem nýtast öllum slökkviliðum á landinu í að tölvuvæða skoðanir og eftirlit á landsvísu auk annarra þátta. Auk SHS hefur Mannvirkjastofnun og tryggingafélagin komið að þessu verkefni. Stefna SHS er að halda þessari vinnu áfram. Eitt verkefni sem byrjað er á snýr að eigin eftirliti fyrirtækja á eldvörnum en stefnt er að því að útbúa smáforrit sem fyrirtæki geta notast við til að sinna eigin eftirliti. Á forvarnarsviðinu starfa að jafnaði 12-15 starfsmenn. Nokkuð stór hluti af sértekjum SHS verða til á forvarnarsviðinu m.a. vegna öryggisvakta, lokaúttekta og annars eftirlits.

## Stoðdeildir

Stoðdeildir SHS eru verkstæði, fjármáladeild, skrifstofa slökkviliðsstjóra, húsnæðismál og yfirstjórn. Á verkstæðinu starfa að jafnaði þrjú til fjórir starfsmenn en hlutverk verkstæðisins er fyrst og fremst að þjónusta útkallssviðið og sjá um innkaup og lager. Á skrifstofu slökkviliðsstjóra starfa að jafnaði um átta manns en undir skrifstofunni er tölvudeild, skrifstofustjóri, mannauðsmál og heilsurækt/íþróttamál. Í fjármáladeild starfa fjórir starfsmenn sem sjá um bókhald, laun og önnur fjármál. Einn starfsmaður sér um húsnæðismál og í yfirstjórn SHS eru þrjú starfsmenn, slökkviliðsstjóri, varaslökkviliðsstjóri og sviðsstjóri forvarnarsviðs.

## FRAMLÖG

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu sem eru eigendur SHS fjármagna rúmlega 55% af rekstri SHS. Á árinu 2015 var framlagið til SHS um 1.388 m.kr. og gert er ráð fyrir að framlagið verði óbreytt á árinu 2016 en hækki síðan í um 1.480 m.kr. fyrir árin 2017-2020. Ástæðan fyrir hækkuninni milli ára 2016 til 2017 er hækkun á framlagi í fjárfestingarsjóð. Framlagið í fjárfestingarsjóð SHS er samkvæmt stofnsamningi SHS en á árinu 2016 verður sú upphæð skorin niður um rúmar 60 m.kr. m.a. vegna aðhalds og einnig að fjárfesting í nýjum slökkvibílum frestast fram til árunna 2017-2020. Sveitarfélögin fjármagna einnig að fullu rekstur Almannavarna höfuðborgarsvæðisins og er upphæðin um 7 m.kr. á ári.

## FJÁRFESTINGAR

Í stofnsamning SHS eru ákvæði um að eigendur leggi SHS til árlegt fjárfestingarframlag sem miðað er við fjölda slökkvistöðva. Framlagið breytist árlega miðað við gengisvísitölu (SDR) og ætti að vera tæpar 117 m.kr. fyrir árið 2016. Fjárfestingarsjóðurinn á að standa straum að ný fjárfestingum í bílum og búnaði fyrir slökkviliðið. Á árinu 2015 var þessi fjárfestingarsjóður skorinn niður um 60 m.kr. og á árinu 2016 er niðurskurðurinn rúmar 60 m.kr. Á árunum 2017-2020 er áætlað að fjárfestingarsjóðurinn hækki aftur í 117 m.kr. samkvæmt stofnsamningi. Á árunum 2017-2020 er gert ráð fyrir að kaupa fjóra nýja slökkvibíla og gert er ráð fyrir að þeir kosti fullbúnir með tækjum um 120 m.kr. hver bíll. Stjórn SHS er búinn að samþykkja þessa fjárfestingu. Aðrar fjárfestingar eru fyrst og fremst í húsnæðismálum og er fjármunir fengnir vegna leigutekna. Á árinu 2017 er gert ráð fyrir að selja slökkvistöðina við Tunguháls og byggja nýja slökkvistöð sem veði betur staðsett. Gert er ráð fyrir að nýja stöðin kosti um 514 m.kr en söluverð gömlu slökkvistöðvarinnar við Tunguháls sé um 170 m.kr. Ljóst er að hér þarf að koma framlag upp á um 344 m.kr. til að ráðast í þessa fjárfestingu. Stjórn SHS á eftir að samþykkja þessi áform.

## FJÁRHAGSLEG STAÐA

Staða SHS hefur verið traust og stöðug frá upphafi enda er rekstur þess fyrst og fremst fjármagnaður með framlagi frá sveitarfélögunum og tekjum frá ríkinu vegna sjúkraflutninga. Nokkur óvissa var á árunum 2013-2014 þar sem erfiðlega gekk að gera nýjan samning um sjúkraflutninga. Í lok árs 2014 var síðan gerður nýr samningur til sex ára með möguleikum á framlengingu sem tryggði óbreyttan rekstur SHS. Dótturfélag SHS, SHS fasteignir átti í nokkrum rekstarerfiðleikum eftir hrunið þar sem skuldir hækkðu mikið en tekið hefur verið á þessu vandamáli með auknu stofnframlagi til SHS sem notað hefur verið til að greiða upp lán. Einnig hafa eigendur SHS markað þá stefnu að framegis verði fjárfestingar í húsnæði að einhverju leyti eða öllu leyti fjármagnaðar af sveitarfélögunum sjálfum frekar en lántökum.

## LYKILTÖLUR

	2012	2013	2014	2015	Áætlun 2016
Fjöldi sjúkraflutninga	24.131	25.080	26.377	27.500	28.600
Fjöldi útkalla slökkviliðs	1.236	1.062	1.159	1.150	1.150
Fjöldi skoðana/umsagna forvarnarsviðs	4.031	4.588	3.758	4.000	4.200
Fjöldi starfsmanna	150	149	148	160	160
SHS samstæða					
Eiginfjárlutfall	52,10%	45,90%	54,40%	64,60%	65,50%
Veltufjárlutfall	1,08	1,02	0,52	0,68	1,00
Skuldsetningarhlutfall	51,05%	64,39%	31,78%	20,00%	19,00%
Uppgreiðslutími langtímaskulda	21	9	4	1	1



## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2016

	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Fargjaldatekjur	1.699.812	1.911.095	2.065.664	2.135.896	2.195.701	2.252.790
Framlag eigenda og ríkis	5.032.266	5.308.286	5.308.286	5.308.286	5.308.286	5.308.286
Aðrar tekjur	180.496	188.501	188.501	188.501	188.501	188.501
<b>Tekjur samtals</b>	<b>6.912.574</b>	<b>7.407.882</b>	<b>7.562.451</b>	<b>7.632.683</b>	<b>7.692.488</b>	<b>7.749.577</b>
Laun og launatengd gjöld	2.154.043	2.217.794	2.367.904	2.393.195	2.412.231	2.395.383
Annar rekstarkostnaður	4.530.960	4.940.976	4.863.490	4.910.359	4.963.482	5.052.490
Afskriftir	190.000	247.887	270.547	266.109	264.162	263.971
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>6.875.003</b>	<b>7.406.657</b>	<b>7.501.941</b>	<b>7.569.663</b>	<b>7.639.875</b>	<b>7.711.844</b>
Fjármunatekjur/gjöld	7.858	-732	-4.324	-2.165	-1.321	-1.548
<b>Rekstarniðurstaða</b>	<b>45.429</b>	<b>493</b>	<b>56.186</b>	<b>60.855</b>	<b>51.292</b>	<b>36.185</b>

## STARFSFÓLK

2016	
Fjöldi starfsmanna	300
Fjöldi stöðugilda	261
<b>Eftir rekstrareiningum:</b>	
Rekstarsvið	250
Skipulags- og farþegaþj.svið	36
Yfirstj., aksturþj. og fjármálasv.	14

## HLUTVERK

Meginhlutverk Strætó er að veita almenna þjónustu á sviði almenningssamgangna, innan þess fjárhagsramma sem fyrirtækinu er sett og nýta það fjármagn sem best til að koma til móts við óskir og væntingar viðskiptavina. Undir þetta hlutverk fellur rekstur almenningsvagna (strætó) og akstursþjónusta fyrir fatlað fólk.

## MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

### Helstu breytingar á milli ára

Gert er ráð fyrir að fargjaldatekjur 2016 hækki um 211 m.kr. milli ára eða um 11%, gangi þetta eftir munu fargjaldatekjur 2016 vega um 34% af almennum rekstrarkostnaði Strætó. Í samræmi við eigendasamkomulagið vinnur Strætó að því að fargjaldatekjur verði 40% af almennum rekstrarkostnaði á næstu fimm árum.

Undanfarin ár hefur verðlags hækkun á framlag eigenda miðast við svokallaða Strætó-vísitölu.

Í áætlun fyrir árið 2016 er gert ráð fyrir að framlag eigenda taki ekki mið af framangreindu heldur hækki um 6,5%.

Í frumvarpi til fjárlaga 2016 er aftur gert ráð fyrir að framlag til almenningssamganga á höfuðborgarsvæðinu lækki á milli ár. Ef það gengur eftir lækkar framlagið til Strætó um 6,5 m.kr. 2016. Í samning á milli SSH og ríkisins frá 2012, var gert ráð fyrir að framlagið til Strætó væri 900 m.kr. auk verðlagshækkana. Meðfylgjandi er tafla yfir framlag ríkisins til Strætó og framlagið ef það hefði tekið breytingum í samræmi

	Vægi	Hækkun	2016
Laun	56%	7,8%	4,4%
Olía, þjóðhagssþá apríl 2015	16%	12,8%	2,0%
Nvt.	12%	4,9%	0,6%
Viðhald og varahlutir (undirvísitala nvt.)	16%	7,9%	1,3%
<b>Vegið meðaltal</b>	<b>100%</b>		<b>8,3%</b>

við verðlagshækkun eins og kveðið er á um samningum.

Allar fjárh. í þús.kr	2012	2013	2014	2015	2016*
Framlagið skv. samningi, með hækkun v. verðlagsbreytinga, gr. 6, liður iii	350.000	902.204	925.620	927.198	1.000.896
Framlagið - raun og áætlað 2016	350.000	902.905	822.600	806.130	799.547
Mismunur frá því sem kemur fram í samningi og raun framlagi	-	-	103.020	121.068	201.349

\*Frumvarp til fjárlaga 2016

Almennur rekstrarkostnaður Strætó er áætlaður samkvæmt spá um þróun verðlags tiltekinna gjaldaliða sem er í takt við Strætó-vísitölu, þar sem launakostnaður vegur langþýngst.

Áætlun 2016 gerir ráð fyrir að leiðakerfi Strætó verði sem næst óbreytt, en þó er gert ráð fyrir að aksturstundir fjölgi um ríflega 4 þúsund til að mæta fjölgun farþega.

Nú stendur yfir rekstrarúttekt á Strætó og eru væntingar á meðal stjórnar og framkvæmdastjóra um að hún skili tillögum til hagræðingar umfram það sem þegar hefur verið stillt upp í framlagðri áætlun 2016.

## Helstu verkefni Strætó 2016


Á árinu 2015 hefur verið fjárfest fyrir um 85 m.kr. í upplýsingatækni, þar vegur þýngst áframhaldandi þróun á rafrænum greiðslumiðli, ný heimasíða sem áætlað er að fara í loftið um mitt ár 2016 og uppfærsla á rauntímaupplýsingum í appinu og á heimasíðunni. Ákveðið var að fresta fjárfestingu í rafrænum talningarbúnaði á árinu 2015 en í staðinn taka þátt í verkefni með Reykjavíkurborg og Vegagerði í tengslum við miðlæga búnað sem gerir ákveðnum faratækjum kleift að fá forgang við umferðarljós. Í áætlun fyrir árið 2016 er gert ráð fyrir að haldið verði áfram með þau verkefni sem unnið hefur verið að 2015 og fjárfest verði fyrir um 50 m.kr. í upplýsingatækni 2016. Stefnt er að því að vera í fararbroddi í þráðlausum rafrænum greiðslum á landinu fyrir árið 2018 og leiði þaðan í frá þann málaflokk. Stefnt er að því að byggt verði ofan á núverandi upplýsingatæknikerfi til að gefa bæði starfsfólki og farþegum sem allra gleggsta mynd af þeim þáttum starfsseminnar sem að hverjum og einum snýr.

Mannauðsmál verða í brennidepli í starfsemi Strætó 2016, þar sem sérstök áhersla verður lögð á fræðslumál, öryggi starfsmanna, heilsu og starfsánægju. Undanfarin misseri hefur verið erfitt að manna í störf vagnstjóra og á árinu 2015 voru allt að 50 stöðugildi vagnstjóra mönnum með yfirvinnu núverandi vagnstjóra. Stefnt er að því að fjölga fastráðnum vagnstjórum um 40-50 á nýju ári.

Á næsta ára verður lögð aukin áhersla á sölumennsku og gert ráð fyrir að hægt verði að auka tekjur töluvert umfram verðlagsþróun og náttúrulega fjölgun farþega.

Fyrirhugað er að næsta haust hefjist akstur verktaka miðað við niðurstöður úr samningaviðræðum við þátttakendur í akstursútboð sem nú stendur yfir.

## SKIPTING REKSTRAR 2016



## MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

### Samgöngusvið

Undir samgöngusviði er skipulagssviðið og allur akstur Strætó, verkstæði, innkaupadeild og þvottastöð. Á sviðinu starfa um 255 starfsmenn. Í upphafi árs voru gerðar víðtækar breytingar á leiðakerfinu, ásamt því að endurskipuleggja vaktakerfi vagnstjóra. Tilgangurinn með endurskipulaginu á vaktakerfinu var að auka sveigjanleika í kerfinu og minnka álag á vagnstjóra. Framangreindar breytingar leiddu til þess að stöðugildum vagnastjóra fjölgaði um 20 hjá Strætó. Á árinu 2015 er um 58% af öllum akstri á höfuðborgarsvæðinu hjá Strætó en um 42% hjá verktökum.

Fyrirhugað er að næsta haust hefjist akstur verktaka miðað við niðurstöður úr samningaviðræðum við þátttakendur í akstursútboð sem nú stendur yfir, þá er gert ráð fyrir að um 40% af heildarakstri á höfuðborgarsvæðinu verð á höndum verktaka en 60% hjá rekstrarsvið Strætó.

### Farþegaþjónustusvið

Á sviðinu starfa 29 starfsmenn í 27 stöðugildum en gert er ráð fyrir að stöðugildin verði um 19 á árinu 2016, m.a. vegna fyrirhugaðrar breytinga á þjónustu Strætó á Hlemmi. Helstu verkefni á árinu 2016 verður að hanna og innleiða þjónustustefnu sem er mikilvægt gæðaverkefni. Aukin áhersla verður lög á sölu fargjalda og gert ráð fyrir breyttu fyrirkomulagi á sölu- og markaðsmálum Strætó á árinu 2016. Ný og bætt heimasíða og uppfærsla á rauntímaupplýsingum er ætlað að auka og bæta upplýsingaflæði til farþega til muna, ef áætlanir ganga eftir ætti það draga úr álagið á þjónustuverið.

### Akstursþjónusta fyrir fatlaða

Eftir stormasamt fyrsta ár í akstursþjónustunni er markmið næsta árs að ná stöðugleika um reksturinn og tryggja framúrskarandi þjónustu fyrir notendur þjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu. Unnið verður í að bæta nýtingu akstursflotans og tryggja betri stundvísi fyrir notendur þjónustunnar.

### Yfirstjórn og fjármálasvið

Undir yfirstjórn er framkvæmdastjóri, upplýsingatækni, markaðsmál, gæða- og mannauðsmál. Starfsmenn yfirstjórnar eru núna fimm.

Á fjármálasvið starfa nú sex manns ekki gert ráð fyrir að breyting verði þar á. Á árinu 2015 voru upplýsingakerfi sviðsins uppfærð, nýtt mannauðs- og launakerfi H3, nýtt bókhaldskerfi NAV og samþykktakerfi tekið í notkun. Á næsta ári er stefnt að því að halda áfram á að nýta upplýsingakerfi til að bæta fjárhagsupplýsingagjöf til stjórnar og stjórnenda.

Á árinu 2015 var lögð töluverð áhersla á betri nýtingu á upplýsingatækni og í þeim tilgangi hefur verið fjárfest fyrir um 85 m.kr. á árinu, þar vegur þýngst þróun á rafrænum greiðslumiðlum, uppfærsla rauntímaupplýsinga og þróun á nýrri heimasíðu sem stefnt er að fari í loftið á næsta ári. Gert er ráð fyrir að haldið verði áfram á þessari vegferð 2016 og fjárfest fyrir allt að 50 m.kr. í upplýsingatækni.

Gæðasviðið er nýtt, gert er ráð fyrir að næsta ár verði notað til að móta starfsemina til frambúðar. Stefnt er að því að öll helstu verkefni fyrirtækisins verða unnin samkvæmt aðferðafræði verkefnastjórnunar og aukin áhersla og vægi sett á umbótaverkefni. Auk þess að stýra fyrirgreindum verkefnum mun einingin reka vottuð stjórnkerfi rekstrarsviðs og innleiða nýtt skjalastjórnunarkerfi fyrir allt fyrirtækið. Eftir fimm ár er stefnt að því að gæðamál hafi skapað sér fastan sess í rekstri og þjónustu Strætó og að allir starfsmenn og stjórnendur vinni ómeðvitað samkvæmt skilgreindum gæðastöðlum og aðferðafræði verkefnastjórnunar.

Mannauðsmál verða í brennidepli á næsta ári, helstu verkefni í samstarfi við samgöngusviðið verður að leita allra mögulegra leiða til að gera vagnstjórastarfið samkeppnishæft við önnur sambærileg störf hér á landi, t.a.m. bílstjóra hjá ferðþjónustunni, starfsmenn í byggingariðnaðnum osfrv. Miðað við núverandi leiðakerfi vantar um 40-50 vagnstjóra til starfa og ljóst er að þessi vandi muni aukast, þar sem akstur Strætó mun aukast haustið 2016 í kjölfar útboðs.

Gert er ráð fyrir að á 2016 verði gerð breyting á núverandi fyrirkomulagi markaðs- og kynningarmálum Strætó. Ráðið verði inn sölu- og markaðstjóri sem myndi hafa það að megin hlutverki að bæta ímynd Strætó og fjölga borgandi farþegum í Strætó. Helstu áherslur 2016 verður að auka sölu á samgöngukortum, t.a.m. fjölga fyrirtækjum og kortum seld innan hvers fyrirtækis, auka sölu nemakorta, áhersla á nýju nemakortin og koma af stað einni markaðsherferð sem hefði það að leiðarljósi að auka notkun á strætó, með skilgreindum markhóp.

## FRAMLÖG

Áætluð skipting á heildarframlag á milli eigenda			
	2015	Verðlag	2016
Reykjavík	1.872.166	112.356	1.984.522
Kópavogur	393.726	23.466	417.192
Hafnarfjörður	287.353	17.004	304.357
Garðabær	183.448	11.155	194.604
Mosfellsbær	133.023	7.968	140.991
Seltjarnarnes	56.420	3.170	59.590
<b>Samtals</b>	<b>2.926.136</b>	<b>175.119</b>	<b>3.101.255</b>

\*Fjárhæðir í þús.kr

## FJÁRFESTINGAR

Áætlun 2016 gerir ráð fyrir að fjárfest verði fyrir allt að 370 m.kr. Haldið áfram verði með endurnýjun á vagnaflothanum og fjárfest verði í átta nýjum vögnum fyrir um 320 m.kr. sem kæmu til landsins eigi síðar en um mitt ár 2016. Jafnframt yrði haldið áfram með þau verkefni sem unnið hefur verið að 2015 og fjárfest verði fyrir um 50 m.kr. í upplýsingatækni 2016.

## FJÁRHAGSLEG STAÐA

Gert er ráð fyrir að framangreindar fjárfestingar verði fjármagnaðar með eigin fé og ekki er gert ráð fyrir nýjum lántökum á árinu 2016. Gangi áætlanir Strætó eftir verður fyrirtækið skuldlaust í árslok 2018.

## LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	2012	2013	2014	Spá 2015	Áætlun 2016
Heildarfjöldi ekinna KM	7.444.111	8.408.243	8.970.780	9.045.739	9.172.379
Fjöldi ekinna km verktakar	2.915.968	3.274.027	3.723.143	3.799.210	3.668.952
Fjöldi ekinna km Strætó	4.528.143	5.134.216	5.247.637	5.246.529	5.506.428
Oliunotkun Strætó fjöldi lítra	2.098.313	2.337.311	2.366.927	2.151.077	2.256.405
Meðaleyðsla á hverja 100 km	46	46	45	41	41
Fjöldi vagna í reglulegri notkun	133	143	143	148	148
Fjöldi farþega	9.594.893	9.808.104	10.282.537	11.255.098	11.512.899
Fargjaldatekjur í þús.kr.	1.277.416	1.421.798	1.476.801	1.699.812	1.911.095
Hlutfall fargjaldatekna af alm. rekstarkostn.	32,3%	31,1%	30,4%	32,5%	33,8%
Fjöldi stöðugilda	198	205	241	261	261





# Rekstraráætlun 2016-2020



Áætlun samþykkt á stjórnarfundum SORPU 24. september 2015





**EFNISYFIRLIT.**

Greinargerð.....	5
Rekstrarreikningur.....	11
Efnahagsreikningur.....	12
Skuldir og eigið fé.....	13
Sjóðsstreymi.....	14
- Endurvinnslustöðvar.....	17
- Tekjur Endurvinnslustöðva.....	18
- Grenndargámakerfi.....	19



## Greinargerð rekstraráætlunar

Rekstraráætlun SORPU bs., fyrir árin 2016 – 2020 samþykkt á stjórnarfundum þann 24. september 2014.

### FORSENDUR

Á eigendafundi þann 31. ágúst sl. voru settar fram meginforsendur fyrir rekstraráætlun SORPU, s.s um ytri forsendur og gjaldskrárbreytingar. Notaðar eru sömu forsendur og árið 2015 hvað varðar lántökur, framlag eigenda og framlag frá rekstri til stærri framkvæmda. Þær helstu forsendur sem notaðar eru við útreikning á áætlun SORPU ársins 2016 eru eftirfarandi:

- Vísitala byggingarkostnaðar (neysluvísitala)
- Launabreytingar skv. kjarasamningum
- Launavísitala þar sem ekki liggja fyrir kjarasamningar

Gjaldskrá SORPU tekur breytingum tvisvar á ári, 1. janúar og 1. júlí skv. breytingu á vísitölu. S.k. SORPU-vísitala er reiknuð sem 75% breyting á byggingavísitölu og 25% breyting á launavísitölu. Gjaldskrá fyrir helstu gjaldskrárflokka taka breytingum skv. þessari samsettu vísitölu. Sama vísitala er notuð til að bæta alla langtíma verktakasamninga og er það gert einu sinni á ári þann 1. janúar. Í forsendum eigenda (SSH) er birt spá um vísitölu neysluverðs og er hún notuð í stað áætlunar um breytingu á byggingavísitölu. Magn úrgangs fyrir árið 2016 er áætlað sama og magn úrgangs árið 2015 skv. útkomuspá byggt á 7 mánaða tölum. Skipting úrgangs milli flokka er áætluð sú sama og árið 2015.

Verð fyrir endurvinnsluafurðir er áætlað það sama og árið 2015. Verð endurvinnsluafurða taka breytingum m.a. skv. heimsmarkaðsverði á olíu og kolum, markaðsverði á pappír, pappa og plasti og breytingum á gengi. Að auki hafa ákvarðanir Úrvinnslusjóðs áhrif á tekjur og eða útgjöld af ákveðnum endurvinnsluefnum. Ekki er reynt að áætla fyrir breytingum á þessum þáttum heldur er notast við þekkt verð við gerð áætlunarinnar. Gert er ráð fyrir að sama magn af metani seljist á árinu 2016 og útkomuspá fyrir árið 2015 segir til um. Fram til 2018 er gert ráð fyrir óbreyttri sölu metans en hún taki kipp þegar ný gasgerðarstöð tekur til starfa.

Gert er ráð fyrir að halda áfram að auka fræðslu meðal starfsmanna SORPU bs og gert ráð fyrir að heimsóknnum starfsmanna erlendis til að kynna þeim það nýjasta í meðhöndlun úrgangs. Á árinu 2015 var gert ráð fyrir 6 milljónum í það verkefni og er gert ráð fyrir sömu upphæð á árinu 2015.

Áætlun 2017 – 2020 er gerð á föstu verðlagi ársins 2016.



## FJÁRFESTINGAR

### Álfsnes

Stærsta einstaka fjárfestingin á næstu árum er bygging gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi. Heildar byggingarkostnaður er á þessu stigi áætlaður um 2,77 milljarðar fyrir gasgerðarstöð í Álfsnesi auk tengdra framkvæmda í móttökustöð í Gufunesi. Frekari undirbúningur hefur staðið yfir frá því eigendasamkomulag var undirritað um byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar þann 25. október 2013. Fyrir liggur samþykkt eigenda á eigendafundi um framhald verkefnisins. Undirbúningur að byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar er þegar hafinn, en jarðvinna við væntanlega lóð var boðin út vorið 2015. Á þessu stigi er gert ráð fyrir að gas- og jarðgerðarstöð verði risin á seinni hluta árs 2017. Rétt þykir að gera grein fyrir fjárfestingarpörf í áætlunum SORPU þar sem um framkvæmd lagaskyldu er að ræða á verksviði SORPU bs. **Samþykkt rekstraráætlunar felur ekki í sér ákvörðun um fjármögnun verkefnisins heldur verður fjármögnunaráætlun lögð fyrir eigendur áður en endanleg ákvörðun er tekin í stjórn SORPU bs.** Í áætluninni er gert ráð fyrir að eigendur leggi fram 600 milljónir í stofnfé fyrir nýjum framkvæmdum, hluti verði fjármagnaður af rekstri og hluti með lánum. Í áætluninni er gert ráð fyrir að eigendur leggi fram stofnfé árin 2016 og 2017. Gjaldskrá SORPU fyrir úrgang til urðunar var hækkuð um 1,00 kr /kg (án vsk) um áramótin 2014/2015 og er á þessu stigi ekki gert ráð fyrir að gjaldskáin hækki meira vegna þessa. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá áætlun um fjármögnun gasgerðarstöðvar og þeim framkvæmdum sem henni fylgja (breytingar í móttökustöð og hreinsistöð):

Fjármögnun	Ár			SAMTALS
	2015	2016	2017	
Stofnfé		350	250	<b>600</b>
Langtíma lántaka		370	320	<b>690</b>
Skammtíma lántaka			400	<b>400</b>
Af rekstri	100	396	588	<b>1.084</b>
<b>SAMTALS</b>	<b>100</b>	<b>1.116</b>	<b>1.558</b>	<b>2.774</b>


Í áætluninn er gert ráð fyrir að skammtímalán tekin árið 2017 verði greidd upp á tveimur árum. Gert er ráð fyrir 4,5% vöxtum á lánum sem ekki er óeðlilegt í ljósi sögunnar.

Árin 2015 er gert ráð fyrir að haldið verði áfram með uppfærslu á núverandi metanhreinsistöð í Álfsnesi og varabirgðum sé komið upp til að auka afhendingaröryggi. Er það framhald á verkefni sem verið hefur í gangi árin 2013 - 2015.

Á árunum 2017 – 2019 er gert ráð fyrir að hefja undirbúning að byggingu brennslustöðvar til að uppfylla frekar markmið um að draga úr urðun á úrgangi sem fram koma bæði í lögum nr. 55/2003 um

meðhöndlun úrgangs með síðari breytingu, nýútkominni landsáætlun um meðhöndlun úrgangs og svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.

Önnur fjárfesting í Álfsnesi er vegna reglubundinna viðhaldsverkefna/endurnýjunar s.s. kaup á hreyfanlegum/færanlegum vinnutækjum.



### **Gufunes**

Gert er ráð fyrir að fjárfesta þurfi í flokkunarbúnaði/undirbúningi fyrir vinnslu úrgangsins í gasgerðarstöð og er gert ráð fyrir að sú vinnsla fari fram í Gufunesi. Gert ráð fyrir að framkvæmdir vegna þessa hefjist árið 2016 og verði lokið á sama tíma og bygging gasgerðarstöðvar. Um er að ræða búnað til frekari forvinnslu s.s. flokkunar, mölunar / kurlunar úrgangsins og skilvirkari flokkun málna. Gert er ráð fyrir að í Gufunesi fari fram allur undirbúningur úrgangsins fyrir gasgerð fyrir utan blöndun með stoðefnum en sú aðgerð verði framkvæmd í Álfsnesi.

Önnur fjárfesting í Gufunesi er vegna reglubundinna viðhaldsverkefna/endurnýjunar s.s. kaup á föstum og hreyfanlegum vinnutækjum auk þess sem ætlunin er að bæta aðstöðu við lestun pappírsgáma en það er verkefni sem hefur verið frestað í þriggja vegna annarra mikilvægra verkefna. Skipta þarf um þakfni á hluta móttökustöðvar og er gert ráð fyrir fjármunum í það verkefni.

Gert er ráð fyrir árlegri fjárfestingarþörf vegna miðlægs tölvu- og bókhaldskerfis en slík fjárfesting getur sveiflast milli ára.

### **Endurvinnslustöðvar**

Undanfarin misseri hefur verið unnið að breytingum á þremur endurvinnslustöðvum. Búð er að koma upp skemmum fyrir móttöku á skilgjaldskyldum umbúðum á Breiðhelli og í Ánanaustum, en eftir á

að ganga frá stækkun stöðvarinnar í Ánanaustum og á Blíðubakka í Mosfellsbæ. Einnig er gert ráð fyrir að komið verði upp betri handtalingarbúnaði á stöðinni á Blíðubakka í Mosfellsbæ.

Skv. aðalskipulagi Reykjavíkurborgar er gert ráð fyrir að endurvinnslustöðin á Sævarhöfða víki fyrir annarri byggð. Viðræður hafa staðið við borgina um hugsanlega staðsetningu en á þessu stigi er gert ráð fyrir að hafin verði undirbúningur að byggingu nýrrar stöðvar á norðursvæði höfuðborgarsvæðisins árið 2016, stöðin byggð árið 2017 og tekin í notkun árið 2018.

Af óviðráðanlegra ástæðna var nauðsynlegt að skerða lóð endurvinnslustöðvarinnar á Dalvegi í Kópavogi og er stöðin orðin of lítil til að geta veitt þá þjónustu sem ætlast er til. Það sama á við um stöðina í Jafnaseli. Brýnt er að fundinn sé framtíðarlausn vegna þessara tveggja stöðva. Ekki er að fullu ljóst hvaða áhrif breytt fyrirkomulag á Dalvegi mun hafa en fastlega má búast við að skerða þurfi þjónustu stöðvarinnar á háannatímum.



## REKSTUR

### Tekjur

Árin 2016 og 2017 er gert ráð fyrir óbreyttri sölu á metani en hún tuki kipp um leið og gasgerðarstöðin hefur starfsemi – eftir 2016 verði söluaukning 12% á ári. Magnaukning úrgangs árin 2016 – 2020 er áætluð sú sama og %-fjölgun íbúa á höfuðborgarsvæðinu öllu. Þessi aukning er áætluð 1,2% á ári og er gert ráð fyrir að tekjur aukist í samræmi við aukið magn.

### Gjöld

#### Almennt

Í áætlun ársins 2016 er gert ráð fyrir þeim þekktu launabreytingum sem þegar hefur verið samið um – sé launabreyting ekki þekkt s.k. kjarasamningi eru forsendur SSH um þróun launavísitölu notuð sem áætlun um breytingu á launakostnaði.

#### Skrifstofa

Auknar kröfur eiganda, m.a. vegna ytri og innri endurskoðunar setja auknar kröfur á tíma starfsfólks á skrifstofu auk þess sem kostnaður vegna þessara þátta hefur aukist. Nú er svo komið að SORPA greiðir

3 endurskoðunarfyrirtækjum fyrir endurskoðun, bæði ytri og innri auk þess sem greitt er sérstaklega fyrir vinnu endurskoðunarnefndar stjórnar SORPU. Meiri og meiri tími starfsfólks fer í að sinna þessum verkefnum og er svo komið að ekki verður hjá því komist að fjölga starfsfólki á skrifstofu. Gert er ráð fyrir ½ ársverki til viðbótar til að sinna þessum verkefnum frá því sem nú er. Því er gert ráð fyrir að ársverkfjöldi í fyrirtækinu öllu verði 94,5 á árinu 2016.

### **Endurvinnslustöðvar / grenndargámar**

Umferð og magn um endurvinnslustöðvarnar hefur aukist verulega síðustu ár en tekjur af innheimtu hafa hafa ekki þróast til jafns við þess aukningu. Nýjum starfsmönnum hefur verið bætt við m.a. til að auka skilvirkni innheimtu. Nýjum starfsmönnum hefur verið dreift á þær endurvinnslustöðvar þar sem álag er mest og þörf er mest af öryggisástæðum. Gert er ráð fyrir að þessi fjölgun starfsmanna bæti innheimtu sérstaklega frá fyrirtækjum sem nýta þjónustu endurvinnslustöðvanna. Gert er ráð fyrir að s.k. inneignarkort sem tekin voru í notkun á árinu 2014 skili auknum tekjum á komandi árum.

Endurvinnslustöðvarnar eru reknar skv. sérstöku samkomulagi SORPU við öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Reksturinn er rekinn á núlli og hefur í sjálfu sér ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu samlagsins þ.e.a.s. tekjur og gjöld endurvinnslustöðvanna standast á. Endurvinnslustöðvarnar afla eigin tekna m.a. af sölu inneignarkorta, sölu málma og umboðsgjaldi vegna móttöku skilagjaldsskyldra umbúða fyrir Endurvinnsluna hf. Fyrsti áfangi að nýju kerfi skilagjaldsskyldra drykkjarvöruumbúða var tekin upp á miðju ári 2014 þegar móttökuskemmu fyrir skilagjaldsskyldar umbúðir var tekin í notkun á Breiðhelli í Hafnarfirði. Slík móttaka var einnig tekin í notkun á Ánanaustum á fyrri hluta árs 2015. Eftir að þessi nýja móttaka var tekin upp hefur fjöldi eininga aukist og má gera ráð fyrir að tekjur vegna þessa verði svipaðar og áður. Endurvinnslan hf. greiðir endurvinnslustöðvunum leigu fyrir skemmurnar í Ánanaustum og Breiðhelli.

Nýtt fyrirkomulag var tekið upp við móttöku, meðhöndlun og eyðingu raftækja um áramótin 2014/2015 þegar Úrvinnslusjóður tók verkefnið yfir frá skilakerfum. SORPA bauð þessa þjónustu út og var niðurstaðan hagstæðari en gert hafði verið ráð fyrir. Gert er ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi árið 2016, en að verkefnið verði boðið út aftur á árinu.

Mismun tekna og gjalda endurvinnslustöðvanna greiða sveitarfélögin í hlutfalli við íbúafjölda í hverju sveitarfélagi. Ekki er gert ráð fyrir frekari breytingum í móttöku skilagjaldsskyldra umbúða eftir árið 2015. SORPA bs. rekur einnig s.k. grenndargámakerfi fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. SORPA er með samning við verktaka sem rennur út í febrúar á næsta ári. Útboðsferli er lokið og ljóst að nýtt fyrirkomulag mun hafa kostnaðarauka í för með sér. Gerð var krafa um nýja tegund gáma, pappírsgámum verður fækkað og teknir upp grenndargámar fyrir gler. Heildar kostnaðarauki vegna þessa verkefnis er skv. útboði áætlaður 35 milljónir sem skiptist mismunandi milli sveitarfélaganna en hvert sveitarfélag greiðir fyrir þessa þjónustu í samræmi við notkun (þ.e.a.s. fjölda gáma).

Til hagræðingar í rekstri endurvinnslustöðva verður fyrirkomulagi við móttöku blandaðs úrgangs á endurvinnslustöðvunum breytt um næstu áramót. Bannað verður að henda pappír og textíl í „pressanlegan“ úrgang á endurvinnslustöðvunum. Jafnframt verður ekkil lengur leyfilegt að koma með úrgang í ógegnsæjum pokum sem ætlaður er í „pressanlega“ úrgang á endurvinnslustöðvunum. Með þessu móti er gert ráð fyrir að takist að spara 20 milljónir í útgjöldum endurvinnslustöðvanna.

Í fjárfestingaráætlun er gert ráð fyrir að byggð verði ný endurvinnslustöð á norðurhluta höfuðborgarsvæðisins eins og áður hefur komið fram. Á móti er gert ráð fyrir að aflagðar verði ein eða

tvær stöðvar á mótí. Verkefnið er áætlað árið 2017 og eðli máls samkvæmt hefur nákvæm útfærsla ekki verið ákveðin, en gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður haldist óbreyttur.

### Álfsnes

Ný rein á urðunarstaðnum var tekin í notkun árið 2011 og hefur kostnaður við gerð hennar verið gjaldfærður eftir notkun. Eigi síðar en árið 2016 þarf að fara í gerð nýrrar reinar og er gert ráð fyrir að gjaldfæra 50 milljónir árið 2016 og árið 2017 vegna þessa.

### Gufunes - móttökustöð

Á tímabilinu 2017 - 2020 verður þjónusta við móttökustöðina boðin út sem og þjónusta í Álfsnesi. Breytt vinnslufyrirkomulag í Gufunesi og gasgerð í stað urðunar leiðir til nýrra kostnaðarpátta en á mótí er gert ráð fyrir að hægt sé að lækka annan kostnað. Því er almennt ekki gert ráð fyrir að almennur rekstrarkostnaður byggðasamlagsins hækki þó tekin verði upp ný vinnslulína.

## SKULDSETNING OG KRÖFUR UM AFKOMU

Í samræmi við reglur sem settar eru í sveitarstjórnarlögum og viðmiðum eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga, má í töflu hér fyrir neðan sjá þau hlutföll sem miðað er við um skuldsetningu og afkomu (jafnvægisregla er reiknuð í milljónum) og hvernig áætlunin uppfyllir þessi viðmið.

Liður	Útkomuspá	Áætlunarár					Viðmið
		2015	2016	2017	2018	2019	
Framlegð/tekjur	16,6%	14,8%	14,5%	16,6%	16,9%	18,6%	> 15%
Veltufé frá rekstri/tekjur	16,7%	14,9%	14,3%	15,5%	16,3%	18,4%	> 7,5%
Heildarskuldir/reglulegar tekjur	31,9%	29,4%	55,0%	52,5%	43,7%	39,8%	< 150%
Jafnvægisregla (niðurstaða í 3 ár)	573	866	860	574	358	359	jákvætt

Skyggðu reitirnir eru þar sem einstök skilyrði eru ekki uppfyllt. Rétt er þó að skoða öll skilyrðin til samans þegar þetta er metið.



